


DÓRA BIRNA SIGURJÓNSDÓTTIR

*Í herþjálfun með gervifót*

Heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



GÍSLI HVANNDAL

*Sjötíu kíló fuku á tíu mánuðum*

Idol-stjarnan er gjörbreyttur maður

FÓLK 34


TIGER

bæklingurinn fylgir blaðinu í dag



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. janúar 2007 — 15. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### Fólkið í kringum okkur



Kristrún Heiða Hauksdóttir gagnrýnir nýjustu bók Guðrúnar Helgadóttur, Öðruvísi sögu.

MENNING 22

### Evrópusambandið og reglur þess

„Í mínum huga hlýtur samningsmarkmiðið að vera að fá inngöngu í bandalagið við þau skilyrði sem við sættum okkur við,“ segir Valgerður Bjarnadóttir.

Í DAG 16

### Gjafmildur Baltasar



Leikstjórinn gaf aðstandendum Mýrinnar veglega jólagjöf.

FÓLK 34

### Hópurinn klár



Alfreð Gíslason, landsliðsþjálfari í handbolta, valdi í gær 17 manna leikmannahóp sem fer á HM í Þýskalandi sem hefst um næstu helgi.

ÍÞRÓTTIR 28

## VEÐRIÐ Í DAG




**HVESSIR** Í dag verður vaxandi austanátt um sunnan- og vestanvert landið, 10-18 m/s síðdegis. Skýjað með köflum og stöku él með ströndum. Frostlaust á annesjum sunnan til annars frost 3-12 stig, kaldast til landsins norðaustan til.

VEÐUR 4






**FUNDUR FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA** Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra hélt blaðamannafund í ráðuneyti sínu í gær eftir að Ríkisendurskoðun skilaði greinargerð sinni um fjármál Byrgisins til ráðuneytisins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Stórfelld óráðsía í fjármálum Byrgisins

**Ákveðið hefur verið að hætta styrkjum til meðferðarheimilisins Byrgisins. Tilefni til þess að skoða nákvæmlega fjármál Byrgisins frá upphafi, segir félagsmálaráðherra. Málið hefur verið sent embætti ríkissaksóknara til rannsóknar.**

**FÉLAGSMÁL** Fjármunir sem runnið hafa til stjórnenda og starfsmanna Byrgisins eru langt umfram það sem fram kemur í bókhaldi eða ársreikningum félagsins. Þetta kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjármál og bókhald Byrgisins á árunum 2005 og 2006 en hún var gerð opinber í gær eftir að hafa verið afhent félagsmálaráðherra.

Samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar hafa stjórnendur Byrgisins, Guðmundur Jónsson og Jón A. Einarsson, ekki gert fullnægjandi grein fyrir ráðstöfun á söfnunarfé og vistgjöldum sem ekki voru færð í bókhald Byrgisins, að fjárhæð 9,6 milljónir árið 2005 og 12,7 milljónir árið 2006. „Að mati Ríkisendurskoðunar er ekki að sjá að þessum fjármunum hafi verið ráðstafað í þágu Byrgisins,“ segir orðrétt í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Fram kemur í skýrslunni að mikil óreiða hafi verið í veigamiklum þáttum í bókhaldi og fjármálaumsýslu Byrgisins. Meðal annars voru 122 þúsund krónur millifærðar yfir á reikning Guðmundar Jónssonar af reikningi sem stofnaður var í tengslum við fjársöfnun vegna láts Hauks Freys Ágústssonar, ungs manns sem lést í fyrra vegna ofneyslu fíkniefna.

Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra segir vel koma til greina að rannsaka nákvæmlega hvernig fjármál Byrgisins hafi verið frá því árið 1999 þar sem Ríkisendurskoðun hafði aðeins fjármál og bókhald áranna 2005 og 2006 til skoðunar. „Mér finnst það koma til greina að skoða fjármál Byrgisins lengra aftur í tímann þar sem niðurstöður Ríkisendurskoðunar gefa það til kynna,“ sagði Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra á blaðamannafundi vegna málsins í gær.

Samhjálp og velferðarsvið Reykjavíkurborgar munu taka við verkefnum sem Byrgið hefur sinnt og þeim sex vistmönnum sem verið hafa í Byrginu að undanförnu. Samtals voru 25 vistmenn árið 2005 í Byrginu og 28 árið 2006. Samkvæmt bókhaldi og upplýsingum Byrgisins voru þeir sagðir vera 30 árið 2005 og 33 í fyrra.

Í október 2003 undirritaði Árni Magnússon, þáverandi félagsmálaráðherra, yfirlýsingu um áframhaldandi stuðning ríkisins við Byrgið. Stjórnendur Byrgisins skrifuðu ekki undir yfirlýsinguna þar sem þeir töldu sig ekki geta uppfyllt skilyrði sem fram komu. Ekki náðist í Árna Magnússon í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

- mh/ sjá síðu 10

Karlmaður handtekinn í Leifsstöð með umtalsvert magn af amfetamíni:

# Með tugi gramma innvortis

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á fimmtugsaldri var handtekinn á Keflavíkurflugvelli á laugardag með hátt í 80 grömm af amfetamíni innvortis.

Að sögn Eyjólfs Kristjánssonar, fulltrúa sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli, var maðurinn einn á ferð og að koma frá Kaupmannahöfn. Grunsemdir um fíkniefnamisferlið vöknuðu við reglubundið eftirlit tollvarða og var maðurinn í kjölfarið færður í röntgenmyndatöku. Við þá skoðun fundust efnin falin í smokkum sem komið hafði verið fyrir í endaþarmi mannsins. Þetta er fyrsta stórfellda fíkniefnasmyglið sem upp kemst um það sem af er ári á Keflavíkurflugvelli.

Í kjölfar handtöku mannsins framkvæmdi lögreglan húsleit heima hjá honum og fannst þar töluvert af kannabisplöntum. Eyjólfur segir málið að mestu leyti upplýst þó að rannsókn þess muni halda eitthvað áfram. Ekki er talið að fleiri tengist málinu.

Maðurinn var hnepptur í varðhald á meðan á yfirheyrslum stóð en ekki þótti tilefni til að krefjast áframhaldandi gæsluvarðhalds yfir honum. Hann hefur áður komið við sögu lögreglu, meðal annars vegna fíkniefnabrota.

- þsj

Keflavíkurflugvöllur:

## Fangavél millilenti í Keflavík

**UTANRÍKISMÁL Flugvél sem sannað er að hefur sinnt fangaflutningum fyrir bandarísku leyniþjónustuna CIA millilenti í Keflavík á sunnudag eftir viðkomu í Noregi. Þetta kemur fram á norska netmiðlinum aftenbladet.no.**

**Flugvélin, sem hefur skráningarnúmerið N196D, kemur við sögu í skýrslum frá bæði Evrópuþinginu og mannúðarsamtökunum Amnesty International um fangaflug og aðra starfsemi sem bönnuð er samkvæmt evrópskum lögum. Einnig hefur verið rætt um þessa sömu flugvél á kanadíska og danska þinginu í tengslum við fangaflug. Ekki er vitað hvort fangar voru um borð í þessari ferð N196D.** - shá

Umferðaröryggi barna:

## Bakvísandi stólar eru öruggari

**UMFERÐARMÁL Íslensk tryggingafélög segjast uggandi yfir því hve dræmar móttökur bakvísandi bílstólar hafi fengið hér á landi. Sannað er að börn sleppa við alvarleg meiðsl við árekstur í 60 prósentum tilvika í framvísandi stólum en í 90 prósentum tilvika þegar þau eru í bakvísandi stólum.**

**Í árlegri könnun Umferðarstofu fyrir utan leikskóla í vor kom í ljós að aðeins 6,4 prósent barna yfir tveggja ára aldri reyndust vera í slíkum stólum. Ástæðan fyrir því að bakvísandi stólar reynast betur er að hálsliðir barna eru mun veikbyggðari en hjá fullorðnum og höfuð þeirra hlutfallslega mun þyngra. Því verði álag á háls, heila og mænu mun meira hjá börnum en hjá fullorðnum við árekstur.** - kdk / sjá síðu 6



**HÆSTIRÉTTUR** Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, undirbjó vörnina í Hæstarétti í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Baugsmálið í Hæstarétti:

## Líkti forstjóra við fjósamann

**DÓMSMÁL** Sækjandi í Baugsmálinu líkti Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, forstjóra Baugs, við fjósamann, þegar sex ákæruliðir voru teknir fyrir í Hæstarétti Íslands í gær.

Sigurður Tómas Magnússon, skipaður ríkissaksóknari, líkti lánveitingum sem hann segir að átt hafi sér stað innan Baugs til stjórnenda – þar á meðal Jóns Ásgeirs, við að fjósamaður taki eina af mjólkurkúnum í fjósinu yfir í eigið fjós og mjólki hana þar, og njóti sjálfur ávaxtanna.

Verjendur kröfðust þess að sýknudómur héraðsdóms yrði staðfestur, og gagnrýndu breytingar sem þeir sögðu að gerðar hefðu verið á ákærunni. - bj / sjá síðu 12 og 13

**SPURNING DAGSINS**



*Runólfur, ertu sáttur við rekt-orstíð þína og arftakann?*

„Ég er stoltur af minni rekstorstíð og sáttur við Ágúst sem er vandaður og góður maður. Skólinn er í góðum höndum.“

Runólfur Ágústsson var rektor Háskólans á Bifröst í tæp 8 ár. Hann sagði starfi sínu lausu síðastliðinn nóvember í kjölfar ásakana á hendur honum. Ágúst Einarsson tók við embætti rektors Háskólans á Bifröst í gær.

Sigurður Eggert Ingason er yngsti blóðgjafi hundraðshöfðingjanna:

# Hefur gefið 50 lítra af blóði

**BLÓÐGJÖF** „Ég var sautján ára þegar ég sá frétt um að slys hefði orðið og það vantaði blóð í Blóðbankann. Mér þótti sjálfsagt mál að gera það sem ég gæti til að bæta úr því,“ segir Sigurður Eggert Ingason matreiðslumeistari. Hann er yngstur af þeim 50 Íslendingum sem gefið hafa blóð oftar en 100 sinnum og tilheyrir hann því svokölluðum hundraðshöfðingjahópi Blóðbankans. Blóðið hefur hann gefið reglulega eða á þriggja mánaða fresti í 28 ár. Hann segir blóðið sem hann hefur gefið nú nema tæplega 50 lítrum en til samanburðar má nefna að í líkama fullorðins einstaklings eru um fimm lítrar blóðs.



**SIGURÐUR EGGERT INGASON** Hefur gefið blóð oftar en hundrað sinnum. Hann segir sér mikils virði að gefa blóð. FRÉTTABLAÐIÐ/BLÓÐBANKINN

Sigurður hefur þó ekki látið nægja að gefa sjálfur af sér því þegar hann kom í hundraðasta skiptið voru með í för bróðir hans, sem var að gefa í fimmtugasta skiptið, og átján ára sonur hans sem þá var að gefa blóð í fyrsta skipti.

„Sumir segjast verða frískari við þetta en ég hef nú aldrei fundið neina breytingu á mér við blóðgjafir, hvorki góðar né slæmar. Þetta er bara eitthvað sem mér finnst rétt að gera. Ég vona bara að ég geti lagt inn í bankann sem lengst en að ég þurfi aldrei að taka út úr honum,“ segir Sigurður sem segir blóðgjafirnar afskaplega gefandi. - kdk

Umferðin um helgina:

# Rúmlega 100 umferðaróhöpp

**LÖGREGLUMÁL Hundrað og sjö umferðaróhöpp voru tilkynnt til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um helgina. Flest þeirra voru minniháttar en í þremur tilvikum var fólk flutt á slysadeild.**

**Nokkrir ökumenn voru teknir fyrir hraðakstur; flestir þeirra fyrir að aka á yfir 100 km hraða. Sextán voru stöðvaðir fyrir að aka gegn rauðu ljósi.**

**Fjórtán ökumenn voru teknir fyrir ölvunarakstur og einn fyrir að aka undir áhrifum lyfja. Þá stöðvaði lögreglan nokkra ökumenn sem höfðu ýmist þegar verið sviptir ökuleyfi eða höfðu aldrei öðlast ökuréttindi.** - ifv

Búist við öðru fárviðri:

# Rafmagnslaust í sólarhring

**SVÍÞJÓÐ Meira en sólarhring eftir að versta óveðrið gekk yfir Svíþjóð á sunnudaginn voru stórir hlutar landsins enn rafmagnslausir með öllu.**

**Hvassviðrið hélt áfram, þótt verulega hafi dregið úr því, en á næstu dögum má búast við öðru fárviðri að sögn veðurfræðinga. Djúp lægð er væntanleg á fimmtudaginn.**

**Í gær lágu lestarsamgöngur enn niðri víða í sunnanverðri Svíþjóð og meira en sextíu þúsund manns voru án símasambands. Íslendingurinn Theodór Ingi Ólafsson segir hafa verið skelfilegt að vera á ferði í óveðrinu.** - gb/sjá síðu 8

Bretland og Frakkland:

# Rætt var um sameiningu

**BRETLAND, GUARDIAN** Árið 1956 ræddu forsætisráðherra Bretlands, Anthony Eden, og forsætisráðherra Frakklands, Guy Mollet, um hugsanlega sameiningu ríkjanna tveggja. Breska blaðið The Guardian greindi frá þessu í gær. Hugmyndin var komin frá Mollet, en Frakkland átti í miklum efnahagserfiðleikum á þessum tíma og var undir miklum þrýstingi vegna Suez-deilunnar. Eden hafnaði hugmyndinni. Mollet stakk þá upp á því að Frakkland gengi í Breska samveldið og lyti valdi Elísabetar Englandsdrottningar. Eden tók betur í þá hugmynd en henni var einnig hafnað á endanum. - ifv

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

**Einn slasaðist í árekstri**

Fólksbíll og flutningabíll skullu saman við Þingborg á Suðurlandsvegi í gær. Ökumaður fólksbílsins slasaðist lítillega en ökumann flutningabílsins sakaði ekki.

# RÚV ohf. fer ekki í bága við Evrópulög

**Menntamálaráðherra segir Eftirlitsstofnun EFTA ekkert hafa að athuga við að Ríkisútvarpinu sé breytt í opinbert hlutafélag. Málflutningur stjórnarandstæðinga sé fyrirsláttur til að tefja lýðræðislega framgöngu málsins á Alþingi.**

**STJÓRNMÁL** „Þetta er fyrirsláttur til að reyna að tefja málið og ég spyr hvort þetta sé lýðræðislegt,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra um málflutning stjórnarandstöðunnar í málefnum Ríkisútvarpsins.

Frumvarp ráðherra um breytingu RÚV í opinbert hlutafélag kom til þriðju umræðu þingsins í gær. Áður en umræðan hófst vörðu þingmenn einni og hálfri klukkustund – undir liðunum athugasemdir við störf þingsins og fundarstjórn forseta – í umræður um tæknilegar hliðar málsins. Gagnrýndu stjórnarandstæðingar helst að þeir hefðu ekki verið upplýstir um samskipti íslenskra stórnvalda við Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, og sögðu ráðherra hafa haldið þeim leyndum. Því vísaði Þorgerður Katrín á bug og benti á að bréfaskiptin hefðu verið opinberuð um leið og þess var óskað. Gagnrýndu þingmenn stjórnarandstöðunnar einnig forseta þingsins fyrir að beita sér ekki fyrir frestun á afgreiðslu frumvarpsins úr menntamálanefnd, svo þeim gæfist ráðrúm til að bera bréfin undir sérfróða menn.

Spurð hvers vegna nefndarmenn í menntamálanefnd hefðu ekki verið upplýstir jafnóðum um samskiptin við stofnunina svaraði Þorgerður Katrín því til að ekkert nýtt hefði komið fram í þeim. „Við höfum staðið í samskiptum við ESA síðan 2004, löngu áður en frumvörpin komu fram, og það er alltaf verið að ræða sömu hlutina.“ Efni samskiptanna hafi því verið á vitorði þingmanna í menntamálanefnd.



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR MENNTAMÁLARÁÐHERRA** Segir nóg hafa verið talað um frumvarpið um Ríkisútvarpið og vill að það verði tekið til atkvæðagreiðslu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þær athugasemdir sem ESA hefur gert við Ríkisútvarpið snúa, að sögn ráðherra, að fyrirhugaðri skattheimtu, eftirliti og endurskoðun með starfseminni og skilgreiningu á almannaþjónustuhlutverki RÚV. Þorgerður Katrín segir að á fundi þriggja embættismanna úr menntamálaráðuneytinu með forstöðumanni samskiptasviðs ESA í síðustu viku hafi komið fram að stofnunin hefði engar frekari athugasemdir við framgang frumvarps til laga um Ríkisútvarpið ohf.

Þorgerði Katrínu er farið að leiðast þófið og vill að frumvarpið um Ríkisútvarpið verði borið undir atkvæði. „Lýðræðislega kjörið þingið er búið að ræða málið í 74 klukkustundir en nú á að beita málþófi. Það má ekki greiða atkvæði. Hvers konar lýðræðisleg vinnubrögð eru það? Það er búið að upplýsa fólk nóg og það á að hafa burði til að geta tekið afstöðu til málsins.“

bjorn@frettabladid.is

Óhófleg vatnsdrykkja:

# Lést af völdum vatnseitrunar

**BANDARÍKIN** Kona sem lést eftir að hafa tekið þátt í vatnsdrykkjukeppni um helgina er talin hafa fengið vatnseitrun að því er kemur fram á vef BBC.



**VATNSKÆLIR**

Of mikil vatnsdrykkja getur leitt til þess að heilinn bólgni. Þar sem höfuðkúpan umlykur hann skapast við það þrýstingur á heilann sem hamlar honum að stýra lífsnauðsynlegum verkefnum á borð við öndun og manneskjan deyr.

Varnaðarmerki geta verið rugl og höfuðverkur. Erfitt getur verið að greina vandann þar sem sjúklingar eru oft taldir vera á lyfjum vegna ruglsins sem fylgir ástandinu.

Meðferð við ofdrykkju á vatni er þvagörvandi lyf eða lyfjagjöf til að draga úr bólgu í heilanum. - sdg

Nýtt menningarhús á Akureyri:

# Keppt um nafn menningarhúss

**AKUREYRI Efnt hefur verið til samkeppni um nafn á nýja menningarhúsið sem nú rís á Akureyri og stefnt er á að taka í notkun seint á næsta ári.**

**Almenningur hefur verið hvattur til að senda inn tillögur að nafni á húsinu og er skilafrestur til 22. janúar. Dómnefnd mun velja þrjú bestu nöfnin en svo mun stjórn Akureyrarstofu velja verðlaunatillöguna.**

**Tillögurnar eiga að berast í lokuðu umslagi með dulnefni en annað umslag skal fylgja þar sem rétt nafn sendanda kemur fram.** - iáh


**BÍLL DAGSINS**

**SUBARU LEGACY WAGON**

Nýskr. 10.04 - Sjálfskiptur - Ekinn 52 þús. km. - Allt að 100% lán.




**Ingvar Helgason** **NOTAÐIR BÍLAR**

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Grunnskólakennarar vilja leiðréttingu launa vegna efnahags- og kjaraþróunar:

# Telja launaforsendur brostnar

**KJARAMÁL** Samninganefndir grunnskólakennara og launanefndar sveitarfélaga funda í dag og þá ræðst líklega hvort grunnskólakennarar fái kjarabætur í samræmi við verðlags- og launaþróun síðan samningurinn var undirritaður árið 2004. Búist er við að kennarar segi samningnum upp um áramótin, náist ekki samkomulag um endurskoðun hans. Kennarar í tæplega 40 grunnskólum um land allt hafa ályktað um að launaforsendur samningsins séu brostnar.

Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara, segir samninganefndirnar þurfa að ákveða hvenær og hvernig ákvæði kjarasamnings kennara um endurskoðun vegna efnahags- og kjaraþróunar frá samningsundirritun 2004 verður rætt. „Rökræðan stendur um hvað sé eðlilegt að komi til miklar leiðréttingar á þessu tímabili. Það er alveg ljóst að grunnskólakennarar eru orðnir lægra launaðir en BHM félagar almennt.“

Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, formaður launanefndar sveitarfélaga, segir að líklega dragi til tíðinda á fundinum í dag. „Við verðum að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Annaðhvort gera menn eitthvað eða ekki neitt.“



**FRÁ FOLDASKÓLA** Viðræður samninganefnda grunnskólakennara og sveitarfélaga halda áfram í dag. Þær hafa staðið síðan í ágúst en lítið hefur þokast. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Grunnskólakennarar voru í verkfalli í tæpa tvo mánuði árið 2004. Kostnaðarauki sveitarfélaga vegna samningsins var þá talinn vera nálægt 30 prósentum. - shá


BLÓÐBANKINN
Sjáumst!
Hetjur óskast
Á Íslandi eru um 9000 reglulegir blóðgjafar. Við þurfum fleiri til að geta brugðist við alvarlegum slysum, náttúruhamförum eða öðru neyðarástandi. Við skorum á þig að koma og gefa blóð.
Allir sem sýna blóðgjafaskírteini í verslunum Vodafone í dag fá Sharp GX-29 GSM síma með 20% afslætti. Afsláttarverð: 13.520 kr.
Vertu hetja - gefðu blóð!
vodafone

## GENGIÐ 15.01.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 70,76 | 71,10 |
| Sterlingspund | 139,09 | 139,77 |
| Evra | 91,56 | 92,08 |
| Dönsk króna | 12,285 | 12,357 |
| Norsk króna | 11,007 | 11,071 |
| Sænsk króna | 10,085 | 10,145 |
| Japanskt jen | 0,5869 | 0,5903 |
| SDR | 105,58 | 106,20 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 126,1298

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Arabaríkin krefja Bandaríkin um aðstoð við að leysa Ísraelsdeiluna:

# Condolezza Rice boðar til leiðtogafundar

**EGYPTALAND, AP** Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, ætlar að hitta þá Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, og Mahmoud Abbas, forseta Palestínustjórnar, á næstu vikum til að ræða hugmyndir um stofnun sjálfstæðs ríkis Palestínumanna.

Rice er á ferð um Mið-Austurlönd þessa dagana til þess að afla stuðnings við breyttar áherslur Bandaríkjamanna í Íraksstríðinu.

Í gær hitti hún meðal annars Hosni Mubarak Egyptalandsforseta.

Bandaríkjamenn leggja sérstaka áherslu á að fá þau arabaríki þar sem súnnímúslímar eru í meirihluta í lið með sér við að stöðva vopnaða baráttu súnnía í Írak, sem framan af beindist einkum gegn bandaríska herliðinu í Írak en hefur í vaxandi mæli beinst gegn sjíum í Írak.

Leiðtogar nokkurra arabaríkja hitta Rice að máli í dag og hafa upplýst að þeir muni segja henni að þeir vilji hjálpa Bandaríkjunum við að koma á stöðugleika í Írak gegn því að Bandaríkin beiti sér af meiri alvöru að því að koma á friði milli Ísraels og nágrannaríkja þess.

Bæði ísraelskir, palestínskir og arabískir ráðamenn hafa undanfarið viðrað hugmyndir um að láta svonefnt „vegakort“, sem lýsir leiðinni í átt til friðarsamkomulags, lönd og leið og hraða þess í stað stofnun sjálfstæðs ríkis Palestínumanna á Vesturbakkanum og Gazasvæðinu. **- gb**



**CONDOLEEZZA RICE OG EHUD OLMERT** Þau hittust í Jerúsalem í gær og ætla að hittast á leiðtogafundi með Mahmoud Abbas á næstu vikum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Segir alla tekjuhópa auka tekjur sínar

**Niðurstöður rannsóknar Ragnars Árnasonar, prófessors í hagfræði, sýna að allir tekjuhópar hafa aukið tekjur sínar verulega síðustu þrettán árin. Fjármagnstekjur hafa vaxið stórlega og lítill hópur fólks efnast mjög á þeim.**

**EFNAHAGSMÁL** „Það er ekki sjáanlegt að neinn tekjuhópur hafi setið eftir í þessari þróun,“ segir Ragnar Árnason, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, um niðurstöður nýrrar rannsóknar sinnar á dreifingu tekna hér á landi síðan 1993.

Í niðurstöðum rannsóknarinnar er því haldið fram að rauntekjur allra hópa þjóðfélagsins, líka þeirra lægst launuðu, hafi hækkað gífurlega mikið síðastliðin þrettán ár. „Á þessu tímabili erum við að tala um tvöföldun á rauntekjum á tímabilinu. Allir tekjuhóparnir hafa fengið þessa aukningu, þó að toppurinn, efsta prósentið, fái miklu meira en hinir.“

Ragnar segir þá aukningu fyrst og fremst skýrast af gífurlegum vexti fjármagnstekna sem orðið hafi frá árinu 1993. „Það ár voru fjármagnstekjur innan við þrjú prósent af tekjum fólks. Árið 2005, sem er síðasta tekjuárið sem við höfum upplýsingar um, voru þær orðnar á bilinu 16-17 prósent af heildartekjum. Það er athyglisvert að lítill hópur fólks virðist hafa mjög háar fjármagnstekjur. Efsta prósent tekjudreifingarinnar hefur rokið upp ef fjármagnstekjur eru teknar með. Það lag er að stinga aðra tekjuhópa af.“

Ragnar segir að rannsóknin hafi verið framkvæmd á grundvelli gagna frá ríkisskattstjóra, það er framtölum allra Íslendinga sem telji fram til skatts, og hafi staðið yfir í rúma sex mánuði. Hann tekur þó fram að um áfanganiðurstöður sé að ræða enda sé þetta áframhaldandi rannsóknarverkefni sem muni standa yfir í að minnsta kosti eitt til tvö ár til viðbótar.

Ragnar segir ýmislegt hafa komið sér á óvart í niðurstöðunum. „Mér hefur sýnst það á umræðunni að menn hafi sagt að hinir fátækari séu að verða fátækari og hinir ríku ríkari. Samkvæmt þessum niðurstöðum eru lægstu tekjuhóparnir hins vegar ekkert að dragast aftur úr. Allir tekjuhóparnir eru að fá þessa aukningu á tekjum, en efsta lagið er bara að fá miklu meira en hinir.“

Ragnar mun kynna niðurstöður rannsóknarinnar í stofu 101 í Odda klukkan 16 í dag.

**thordur@frettabladid.is**



**RAGNAR ÁRNASON** Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar hans eru lægstu tekjuhóparnir hér á landi ekki að dragast aftur úr. Hinir ríku eru ef til vill að verða ríkari en hinir fátæku eru ekki að verða fátækari.

### ÞRÓUN TEKJUDREIFINGAR Á ÍSLANDI 1993-2005

**Helstu niðurstöður rannsóknar Ragnars Árnasonar á þróun tekjudreifingar á Íslandi á þrettán ára tímabili.**

1) Rauntekjur allra hópa þjóðfélagsins, líka þeirra lægst launuðu, hafa hækkað mjög mikið frá árinu 1993.
2) Ekki er sjáanlegt af niðurstöðum rannsóknarinnar að neinn tekjuhópur hafi setið eftir í þessari þróun.
3) Ef einungis er horft á atvinnutekjur, ekki fjármagnstekjur, þá hefur ekki orðið nein veruleg breyting á tekjudreifingu atvinnutekna á rannsóknartímabilinu.

Dæmdur fyrir sölu og vörslu:

## Fjórir mánuðir fyrir fíkniefni

**DÓMSMÁL Tvítugur karlmaður var í gær dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Norðurlands eystra fyrir sölu og vörslu á fíkniefnum. Hann var handtekinn í mars á síðasta ári á bílastæði við verslun á Akureyri.**

**Í bílnum fundust fíkniefni, bæði hass og kókaín, og var þá gerð húsleit hjá manninum. Þar fannst hass, amfetamín og kókaín. Alls fundust rúm fimmtíu grömm af hassi, um tíu grömm af kókaíni og um fjórtán grömm af amfetamíni sem voru gerð upptæk. Jafnframt voru loftbyssur og vogir gerðar upptækar. Maðurinn hefur áður komist í kast við lögin fyrir fíkniefnalagabrot. - jss**

Baráttumál Þjóðverja í ESB:

## Vilja bann við hatursglæpum

**ÞÝSKALAND, AP** Brigitte Zypries, dómsmálaráðherra Þýskalands, segir Þjóðverja ætla að vinna að því að Evrópusambandið samþykki bann við svonefndum hatursglæpum, sem felast í því að hvetja til ofbeldis og haturs – meðal annars með því að afneita því að helför gyðinga á tímum nasista hafi nokkru sinni átt sér stað.



BRIGITTE ZYPRIES

Í nokkrum Evrópusambandsríkjum er nú þegar í gildi bann við því að afneita helförinni, þar á meðal í Þýskalandi, Frakklandi, Austurríki, Belgíu og á Spáni.

Breski sagnfræðingurinn David Irving sat á síðasta ári í fangelsi í Austurríki fyrir að hafa afneitað helförinni. **- gb**

Ákærð fyrir stuld á gögnum:

## Pepsi varaði Coca-Cola við

**BANDARÍKIN, AP** Fyrrverandi ritari hjá Coca-Cola fyrirtækinu er ákærður fyrir að hafa tekið trúnaðargögn og sýni af vöru sem ekki var búið að kynna, í þeim tilgangi að selja til samkeppnisaðilans Pepsi. Verjandi ritarans segir hann hafa verið fórnarlamb blekkinga tveggja fyrrverandi fanga sem einnig eru ákærðir.

Þessi meinta fyrirætlun komst upp í maí í fyrra í kjölfar leynilegrar rannsóknar Alríkislögreglu Bandaríkjanna eftir að Pepsi hafði varað Coca-Cola við.

Val á kviðdómi fer fram í þessari viku og aðalmeðferð hefst 22. janúar. **- sdg**



**FERÐAÞJÓNUSTA** Verðmæti hennar verður kannað.

Sjö milljóna verkefni:

## Verðmæti ferðaþjónustu

**FERÐAMÁL Ákveðið hefur verið að hefja vinnu við víðtæka gagnasöfnun um umfang ferðaþjónustu í íslenskum efnahagslífi.**

**Samgönguráðuneytið hefur samið við Hagstofu Íslands um verkefnið og veitir til þess sjö milljónum króna, að því er fram kemur í frétt ráðuneytisins.**

**Starfshópur sem Sturla Böðvarsson samgönguráðherra skipaði haustið 2005 komst að þeirri niðurstöðu að með upptöku svokallaðra hliðarreikninga myndi fást skýrari og betri mynd af stöðu og mikilvægi ferðaþjónustunnar sem nýtast myndi bæði stjórnvöldum og einkaaðilum til markvissari ákvörðunartöku. - jss**






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VINDUR Í PÚÐURSNJÓ**

Nú fer vindur vaxandi í dag um sunnan- og vestanvert landið. Það eru hlýindi í þeirri lægð sem þessu stjórnar en allt bendir til að þau nái vart landi, nema þó allra syðst. Í samhengi þessara hluta er vert að minnast á að þegar hann fer að blása getur þessi púðursnjór auðveldlega farið af stað og þá getur orðið ansi blint enda snjómagnið mikið.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Vaxandi austanátt, 5-13 hvassast í kvöld. Skýjað með köflum og úrkomulítið eða úrkomulaust. Frost 3-7 stig.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C skúrir | London | 13°C skúrir | Alicante | 19°C hálfskýjað |
| Þórshöfn | 4°C skúrir | París | 11°C skúrir | Mallorca | 17°C hálfskýjað |
| Osló | 4°C skúrir | Frankfurt | 7°C skúrir | Algarve | 18°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 6°C skúrir | Friedrichshafen | 7°C alskýjað | Krít | 17°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 7°C skúrir | Berlín | 7°C skúrir | Las Palmas | 21°C alskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

**PENINGAMARKAÐSSJÓÐURINN**

# Hæsta ávöxtun 2006

## Ávöxtunartölur 2006*




* Samkvæmt gögnum frá Lánstrausti hf., sem birtir ávöxtun sjóða á Íslandi á hlutlausan hátt, er Peningamarkaðssjóðurinn með hæstu ávöxtunina 2006 miðað við sambærilega sjóði.

Markmið Peningamarkaðssjóðsins er að skila jafnri ávöxtun með fjárfestingum í skammtímaverðbréfum. Aðallega er fjárfest í innlánum, skuldabréfum og víxlum skráðum í Kauphöll Íslands. Meðaltími sjóðsins er mjög stuttur, innan við ár og því er ekki að vænta mikilla sveiflna á gengi sjóðsins. Peningamarkaðssjóðurinn skilaði 12,6% nafnávöxtun frá 30. desember 2005 til 29. desember 2006.

Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma **575 4400** eða kíktu á vefsíðu okkar, **www.vsp.is**.

**Engin kaup- eða söluþóknun.**

Peningamarkaðssjóðurinn er rekinn af Rekstrarfélagi Sparisjóðanna hf. Verðbréfaþjónusta Sparisjóðanna hf. er vörsluaðili sjóðsins. Peningamarkaðssjóðurinn er fjárfestingarsjóður sem starfar skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er m.a. fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Frekari upplýsingar um sjóðinn má finna í útboðslýsingu og útdrætti útboðslýsingar sem hægt er að nálgast á **www.vsp.is.**

SPARISJÓÐURINN

Fíton/SÍA

**KJÖRKASSINN**



*Eiga íbúar Reykjanesbæjar að fá að kjósa um álver í Helguvík?*

| | |
|---|---|
| Já | 66,7% |
| Nei | 33,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Fylgist þú með fréttum af Baugsmálinu?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Sex fíkniefnamál komu til kasta lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um helgina:

# Átta tekin vegna eiturlyfja

**LÖGREGLUMÁL** Sex fíkniefnamál komu til kasta lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um helgina. Fíkniefni fundust í húsi hjá tæplega þrítugum karlmanni í austurborginni á föstudag. Eftir hádegi á laugardag voru fertugur karlmaður og kona á þrítugsaldri handtekin í miðborginni, grunuð um fíkniefnamisferli.

Aðfaranótt sunnudags voru tveir karlmenn færðir á lögreglustöðina við Hverfisgötu eftir að í þá náðist þar skammt frá. Annar er hálfþrítugur en hinn á fimmtugsaldri en í fórum annars þeirra fundust efni, sem talin eru vera fíkniefni. Skömmu síðar var bifreið stöðvuð í Garðabæ en ökumaður hennar, 17 ára piltur, er grunaður um fíkniefnamisferli. Og sömu nótt handtók lögreglan tæplega tvítugan pilt í miðborginni en sá hafði meint fíkniefni í fórum sínum.

Loks var kona á fertugsaldri stöðvuð í miðborginni í fyrrinótt en í bíl hennar fundust ætluð fíkniefni. Hún reyndi að gefa upp rangt nafn og kennitölu en þegar hið sanna kom í ljós reyndist konan aldrei hafa fengið ökuréttindi. Þá var bíllinn sem hún ók ótryggður. - jss



**LÖGREGLAN** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hafði afskipti af átta manns vegna fíkniefna um helgina.

Hjónabönd samkynhneigðra:

## Deilur í Mexíkó

**MEXÍKÓ, AP** Áform yfirvalda mexíkóska fylkisins Coahuila um að lögleiða hjónabönd samkynhneigðra hefur valdið miklum titringi í landinu. Stjórnarflokkur Felipes Calderon forseta hefur mótmælt frumvarpi að lögum um hjónabönd samkynhneigðra, sem og kaþólska kirkjan, en hún kallar þau aðför að hjónabandinu.

Gangi lögin í gegn verður Coahuila annað mexíkóska fylkið til að lögleiða hjónabönd samkynhneigðra en í nóvember síðastliðnum leyfðu yfirvöld Mexíkóborgar slík hjónbönd.

Yfirvöld í Kosta Ríka og yfirvöld í Kólumbíu íhuga einnig að lögleiða hjónabönd samkynhneigðra. - tg

Sjómannafélag Eyjafjarðar:

## Hafna staðhæfingum Brims

**FÉLAGSMÁL** Sjómannafélag Eyjafjarðar vísar því alfarið á bug að félagið sé ábyrgt fyrir þeirri aðgerð Brims hf. að flytja skip félagsins til höfuðborgarsvæðisins. Fyrir því hlýtur Guðmundur Kristjánsson, aðaleigandi Brims, að hafa aðrar ástæður sem hann kýs að halda utan dagsljóssins, segir í tilkynningu sem félagið sendi frá sér í gær.

Í ályktuninni segir að Guðmundur hafi ráðist með ósmekklegum hætti að félaginu, stjórn þess, starfsmönnum og félagsmönnum öllum. Ákvörðun Brims um að skrá togara með áratuga farsæla útgerðarsögu á Akureyri í Reykjavík er hörmuð og hún sé án útskýringa og sýnilegs tilgangs. - shá

**REYKJAVÍK**

### Engir heilsuréttir

Kona í Hátúni í Reykjavík mun vart fá umbeðna undanþágu til að framleiða „heilsusælkerarétti“ í eldhúsi íbúðar sinnar og selja þá á markaði. Umhverfisráð Reykjavíkur bendir á í umsögn til umhverfisráðuneytis að matvælafyrirtæki megi ekki vera í sambandi við óskyldan atvinnurekstur eða íbúð og leggst gegn því að undanþága verði veitt.

### Metangas um náttúruminjar

Umhverfisráð Reykjavíkur ætlar að óska eftir útskýringum Orkuveitunnar á því af hverju fyrirtækið vill að metangaslögn frá Álfsnesi að Ártúnshöfða liggi um víkina Blikastaðakró sem er á náttúruminjaskrá.

**KÓPAVOGUR**

### Hætta við Hressingarhæli

Ingunn Gyða Wernersdóttir og félag hennar, Inn fjárfesting, hefur óskað eftir því við bæjarráð Kópavogs að fá að hætta við áður umsamin kaup á Hressingarhælinu á Kópavogstúni.

# Foreldrar óupplýstir um öryggi barna

**Forsvarsmenn íslenskra tryggingafélaga segjast undrandi á því hve sjaldan íslenskir foreldrar nota bakvísandi bílstóla. Einn helsti sérfræðingur um öryggi barna í bílum segir ástæðuna líklega þá að foreldrar séu óupplýstir.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Íslensk tryggingafélög segjast uggandi yfir því hve dræmar móttökur bakvísandi bílstólar hafa fengið hér á landi. Herdís Storgaard, forstöðumaður hjá Forvarnarhúsi Sjóvár, segist undrandi á þróuninni og vísar máli sínu til stuðnings í niðurstöður rannsókna á umferðarslysum barna. Hún segir sannað að börn sleppi við alvarleg meiðsl við árekstur í 60 prósent tilvika í framvísandi stólum en í 90 prósent tilvika þar sem þau eru í bakvísandi stólum. Í árlegri könnun Umferðarstofu í vor fyrir utan leikskóla kom samt sem áður í ljós að aðeins 6,4 prósent barna yfir tveggja ára aldri reyndust vera í slíkum stólum.



**HERDÍS STORGAARD**

Herdís segir prófanir á barnabílstólum, sem gerðar eru af evrópskri öryggisnefnd sem annast öryggi barna í bílum, ófullnægjandi þar sem prófunardúkkurnar sem notaðar eru í rannsóknum á börnum undir þriggja ára aldri samsvari ekki líkamsbyggingu þeirra. Stefnan sé að þrýsta á að nefndin hækki kröfur nefndarinnar á framleiðendur svo aðeins bakvísandi stólar verði framleiddir fyrir börn undir 25 kílóum. Hún segir mikla umræðu um þessi mál hafa skapast þegar bandarískur barnalæknir rannsakaði áverka á börnum í heimalandi sínu. Upplýsingarnar bar hann svo saman við niðurstöður rannsókna í öðrum löndum og komst þá að því að dauðaslys barna í bílslysum voru nær óþekkt í Svíþjóð og áverkar barna þar mun minni en annars staðar. Muninn taldi hann mega rekja til þess hve lengi sænsk börn eru í bakvísandi stólum.

Katrín Davíðsdóttir barnalæknir segir að ástæðan fyrir því að bakvísandi stólar reynast betri vera þá að hálsliðir barna eru mun veikbyggðari en hjá fullorðnum og höfuð þeirra hlutfallslega mun þyngra. Því verði álag á háls, heila og mænu mun meira hjá börnum en hjá fullorðnum í árekstri. Snúi barnið baki í aksturstefnu dragi mikið úr þessu álagi.

Herdís telur helsta vandamálið það að margir foreldrar viti ekki hversu mikilvægt það er að börn þeirra snúi baki í aksturstefnu. „Í dag er það þannig að börn undir eins árs mega ekki snúa fram vegna líkamsbyggingar þeirra,“ segir Herdís en bendir á að sú regla megi gilda mun lengur, eða þar til barnið nær þriggja til fimm ára aldri.

karen@frettabladid.is



**BAKVÍSANDI BÍLSTÓLAR SAGÐIR BETRI** Forstöðumaður Forvarnahúss Sjóvár segir börn sleppa við alvarleg meiðsl við árekstur í 90 prósent tilvika séu þau í bakvísandi stólum.

FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Bæjarráð og bæjarstjórn Sandgerðis vilja Wilson Muuga burt:

# Skipið stendur á helgum reit

**HVALSNESFJARA** Umhverfisstofnun hefur veitt eigendum flutningaskipsins Wilson Muuga, sem stendur í Hvalsnesfjöru í Sandgerði, frest fram á föstudag til að skila inn áætlun um hvernig skipið verður fjarlægt af strandstað. Þó er heimilt að lögum að skip standi óhreyft telji eigandi þess ill- eða ógerlegt að fjarlægja það.

Sigurður Valur Ásbjarnarson, bæjarstjóri í Sandgerði, segir að kirkjustaður bæjarfélagsins og helgur reitur sé þar sem skipið er og enginn hafi áhuga á þeirri hugmynd að láta skipið standa óhreyft. Í bæjarráði og bæjarstjórn hafi sú afstaða verið tekin að hreinsa beri fjöruna.



**WILSON MUUGA Í HVALSNESFJÖRU** Atburðir á borð við skipsstrand hafa alltaf rask í för með sér. Vegarslóðar voru lagðir í Hvalsnesfjöru og girðingar teknar upp áður en björgunaraðgerðir hófust.

Guðmundur Ásgeirsson, stjórnarformaður Nesskipa, segir að verið sé að „þukla“ á málinu. Skipið geti orðið góð viðvörun fyrir sjófarendur, minnismerki og lyftistöng fyrir ferðamennsku fengi það að standa. Ekki megi gleyma því að rót verði af stórvirkum vélum í fjörunni í sumar og fram að jólum verði skipið fjarlægt.

Sigurður Valur segir að svona atburðir hafi alltaf rask í för með sér. Vegarslóðar eru lagðir og girðingar teknar upp. Margir hafi farið ógætilega um tún og lendur en „við teljum að sú áníðsla hafi verið minni háttar. Við þurfum að skoða þetta í heild sinni þegar skýrsla liggur fyrir og búið er að hreinsa flakið úr fjörunni,“ segir hann. - ghs



**Þarftu betri bíl?**

Hjá Lýsingu bjóðum við þér sniðuga lausn til þess að eignast draumabílinn.

Þú getur nálgast bílafjármögnun Lýsingar hjá bílaumboðum, bílasölum og ráðgjöfum okkar.

**Bílasamningur // Bílalán // Einkaleiga**

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500

# götu markaður verðhrun

## á fatnaði og skóm
## Einungis 4 verð í gangi



enn meiri verð-lækkun

# 500kr
# 1000kr
# 1500kr
# 2000kr

nú á allt að seljast

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvað heitir forseti Palestínustjórnar?*
2. *Hvað heitir forstjóri Actavis?*
3. *Hvað heitir fyrirliði íslenska landsliðsins í handknattleik?*

SVÖR VIÐ SPURNINGUM Á BLS. 34

Hálfbróðir Saddams og yfirdómari voru líflátnir vegna sama glæps og Saddam:

# Næstráðendur Saddams hengdir

**ÍRAK, AP** Hálfbróðir Saddams Hussein og fyrrverandi yfirmaður leyniþjónustu Íraks, Barzan Ibrahim, og fyrrverandi yfirdómari í Írak, Awad Hamed al-Bandar voru teknir af lífi með hengingu fyrir dögun í gær. Eftir aftökurnar greindi talsmaður stjórnvalda frá því að höfuð Ibrahims hefði losnað frá líkamanum við henginguna í því sem hann kallaði „sjaldgæft slys“.

Rúmar tvær vikur eru síðan Saddam Hussein var tekinn af lífi í umdeildri aftöku sem hefur verið gagnrýnd víða. Myndbandsupptökur af aftökunni sýna hvernig viðstaddir hæddu Hussein þar sem hann stóð með snöruna um hálsinn.

Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sagði í gær að aftaka Saddams hefði átt að vera framkvæmd með reisn og vonaði hún að þeir sem hefðu séð um framkvæmd hennar yrðu dregnir til ábyrgðar. Hún minntist ekkert á aftökur Ibrahims og al-Bandar.

Engar reglur voru brotnar við framkvæmd aftökunnar í gær að sögn talsmanns stjórnvalda, Ali al-Dabbagh. „Enginn hrópaði slagorð eða sagði neitt sem setti blett á aftökuna. Hvorugur hinna ákærðu var móðgaður.“

Ibrahim og al-Bandar voru ásamt Saddam sakfelldir fyrir morð á 148 sjíamúslímum árið 1982. **- sdg**



**AWAD HAMED AL-BANDAR OG BARZAN IBRAHIM** Myndbandsupptöku af aftökunni verður ekki dreift og er einungis ætluð til sönnunar að sögn al-Dabbagh. Fréttamönnum var sýnd upptakan í gær. MYND/AFP

Lögreglan í Kaupmannahöfn:

## Hústökufólk fjarlægt

**DANMÖRK** Lögreglan í Kaupmannahöfn rýmdi í gær hús við Dortheavej sem hústökufólk hafði haft á valdi sínu. Aðgerðir lögreglunnar gengu friðsamlega fyrir sig. Danskir fjölmiðlar greindu frá þessu í gær.

Alls voru 94 manns fluttir úr húsinu og var reiknað með að þeir yrðu allir látnir lausir fljótlega eftir að lögreglan hafði yfirheyrt þá.

Danska lögreglan reiknar þó með fleiri hústökum á næstunni, því venjan er sú að þegar húsin eru rýmd flytur fólkið sig fljótlega í önnur hús sem standa auð. **- gb**



**Á SJÓ** Yfirgnæfandi meirihluti kaus með úrsögn úr Sjómannasambandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Sjómannafélag Íslands:

## Kosið um ASÍ úrsögn alla næstu viku

**FÉLAGSMÁL Félagsmenn í Sjómannafélagi Íslands greiða atkvæði um úrsögn úr Alþýðusambandinu í næstu viku.**

**Atkvæðagreiðslan hefst á mánudag og lýkur á föstudag.**

**Úrsögn úr Sjómannasambandi Íslands var samþykkt í atkvæðagreiðslu Sjómannafélagsins í síðustu viku. Voru 63 hlynntir úrsögn en einn á móti. Kjósa þarf sérstaklega um úrsögn úr ASÍ, eins og kveðið er á um í lögum sambandsins.** **- bþs**

# Óttaðist um líf sitt í óveðrinu

**Theodór Ingi Ólafsson, Íslendingur búsettur í Svíþjóð, upplifði storminn Per. Hann segist oft hafa lent í verra veðri á Íslandi, en mikið af stórum trjám í Svíþjóð geri fárviðri hættulegra þar en á Íslandi.**

**VEÐUR** „Veðrið er að mestu gengið yfir en hann blés allhressilega á sunnudaginn,“ segir Theodór Ingi Ólafsson sem býr í Jönköping í Svíþjóð. Mikill veðurofsi var í Skandinavíu á sunnudaginn og létust fjórir í Svíþjóð vegna veðurofsans. Theodór Ingi, sem er úr Eyjafirði en býr í Jönköping ásamt unnustu sinni, Friðriku Björk Þorkelsdóttur, segist oft hafa upplifað verra veður heima á Íslandi. Þar sé hins vegar minna um tré sem valdi geti miklum skaða.



**THEODÓR INGI ÓLAFSSON**

„Rúður á vinnustaðnum brotnuðu og tré fuku upp með rótum og ég held að flestir sem létust hafi orðið fyrir trjám auk þess sem einn varð fyrir vélarhluta úr báti. Þrátt fyrir að hafa upplifað verra veður heima verð ég að viðurkenna að mér stóð ekki á sama þegar ég gekk í gegnum garð á leið heim úr vinnunni.



**TRÉ RIFNUÐU UPP MEÐ RÓTUM** „Það var frekar óhugnanlegt að ganga á milli þessara risatrjáa sem sveigðust fram og til baka og heyra hvininn vitandi að í nágrenninu hefðu menn kramist undir þeim og mér stóð hreint ekki sama um líf mitt um tíma,“ segir Theodór Ingi.

Það var frekar óhugnanlegt að ganga á milli þessara risatrjáa sem sveigðust fram og til baka og að heyra hvininn vitandi að í nágrenninu hefðu menn kramist undir þeim og mér stóð hreint ekki á sama um líf mitt um tíma,“ segir Theodór. Það er svo mikið af trjám hérna og verður því afar hættulegt við svona aðstæður,“ segir Theodór en bætir við að hann hafi ekki heyrt að neinn Íslendingur hafi orðið illa úti í storminum sem hefur fengið nafnið Per.

Yfirvöld urðu að stöðva lestarsamgöngur þar sem tré höfðu fallið á lestarteina og mörg þúsund manns eru án rafmagns í Svíþjóð. „Þetta er víst versti stormurinn síðan Gudrun gekk hér yfir fyrir nokkrum árum. Rafmagnið fór af hjá okkur en kom fljótt á aftur en það eru margir enn sem eru án rafmagns.“

Veðurofsinn fór ekki fram hjá Dönum heldur, en í Danmörku komst vindhraðinn upp í 38 metra á sekúndu og loka varð brúnum yfir Stórabelti og Eyrarsund á sunnudaginn um tíma. **- iáh**

ÚTSALA
á jeppadekkjum
15-40% afsláttur
Eitt mesta úrval landsins af jeppadekkjum
á flestar gerðir jeppa – breyttra sem óbreyttra



ARCTIC TRUCKS
Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is | jeppar.is
07-0012 KC

Framkvæmdastjóri Geymis:

## Gögnunum skilað inn í dag

**VINNUMARKAÐUR Frestur Geymis ehf. til að skrá sig sem starfsmannaleigu hjá Vinnumálastofnun rann út um miðnætti í nótt. Helgi Eiríksson, framkvæmdastjóri Geymis, segir að spurningum Vinnumálastofnunar hafi verið svarað og umbeðnum gögnum verði skilað inn í dag.**

**Vinnumálastofnun telur að starfsemi Geymis flokkist undir starfsemi starfsmannaleigu og beri að skrá hana samkvæmt því. Helgi segir að ekkert sé athugavert við starfsemi fyrirtækisins og telur að búið sé að leysa málið.**

**Geymir kom í fréttir árið 2005 þegar ASÍ taldi að tólf Pólverjar fengju langtum lægri laun en kveðið væri á um í kjarasamningi.** **- ghs**

Símanúmer í sjónvarpsþætti:

## Fékk 3.000 smáskilaboð

**PEKING, AP** Kínverskum manni, Chen Bing, voru dæmdar bætur en símanúmer hans var notað í kínverskum spennuþætti. Það var aðalillmenni þáttarins sem átti númerið en í einum þáttanna las hann númerið upp hægt og skýrt fyrir einn af samstarfsmönnum sínum.



Chen fór að fá skilaboð í júlí árið 2004 sem hann skildi ekki hót í. Skilaboðin héldu áfram að koma og í heildina urðu þau um 3.000.

Framleiðendur þáttanna sögðu símanúmerið byggt á afmælisdegi eins af starfsmönnum þáttarins en hörmuðu óþægindin. Bæturnar voru um 18.000 kr. **- tg**




Hæstu yfirdráttarvextir banka og sparisjóða | Algengir yfirdráttarvextir banka og sparisjóða | S24

# Þú getur SPARAÐ 57.000 kr. á ári

**með því að vera með yfirdráttinn hjá S24***

Hvernig væri nú að láta peningana fara að vinna fyrir þig?

Sæktu um núna!

**www.s24.is**

S24 …og þú hagnast

533 2424 – Sætún 1

*M.v. 1 milljón króna yfirdrátt á ári og 18,25% vexti hjá S24 og 23,95% vexti hjá ónefndum fjármálafyrirtækjum
*M.v. að umsækjandi uppfylli skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar

EINN TVEIR OG ÞRÍR 312.147



**BAÐAÐI SIG Í GANGES** Þessi aldraða hindúakona beið þolinmóð í gær eftir að komast að ánni Ganges á Indlandi til þess að baða sig þar stundarkorn. Nærri 70 milljónir hindúa eru þessa daga staddar þarna í sömu erindagjörðum og hún. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tvöföldun þjóðvegarins um Kjalarnes og bygging nýrra ganga undir Hvalfjörð:

# Auka þarf öryggi vegfarenda

**SAMGÖNGUMÁL** Fulltrúar Spalar ehf., sem á og rekur Hvalfjarðargöngin, og Vegagerðarinnar hafa undirritað samkomulag sem líta verður á sem fyrsta formlega skrefið í tvöföldun þjóðvegarins um Kjalarnes og byggingu nýrra ganga undir Hvalfjörð.

Aðdragandi samkomulagsins var sá að forystumenn Spalar kynntu Sturlu Böðvarssyni samgönguráðherra hugmyndir um hvernig koma mætti undirbúningi nýrra Hvalfjarðarganga og vegabótum á Kjalarnesi á dagskrá árið 2007. Samgönguráðherra fól Vegagerðinni að taka upp viðræður við Spöl og er nýja samkomulagið afrakstur þeirra viðræðna.



**HVALFJARÐARGÖNGIN** Samkomulag á milli Spalar og Vegagerðarinnar er fyrsta formlega skrefið sem er tekið í þá átt að tvöfalda þjóðveginn um Kjalarnes og byggja ný göng undir Hvalfjörð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Gísli Gíslason, stjórnarformaður Spalar, fagnar samkomulaginu við Vegagerðina því umferð hafi aukist stöðugt um Hvalfjarðargöng og nauðsynlegt sé að taka tvöföldun ganganna á dagskrá nú þegar til að auka afköst þeirra og tryggja áfram öryggi vegfarenda.

„Vissulega tekur sinn tíma að hanna ný jarðgöng, ganga frá nauðsynlegum breytingum á skipulagi, meta umhverfisáhrif framkvæmdanna, kaupa land og gera annað það sem gera þarf. Mikilvægast er samt að nú er ferlið formlega hafið. Tvöföldun þjóðvegarins á Kjalarnesi og tvöföldun Hvalfjarðarganga er besta ráðstöfunin sem í boði er til að tryggja öryggi vegfarenda á sama tíma og umferð eykst þar ár frá ári," segir Gísli. - ifv

Framsókn í Norðaustur:

# Framboðslisti ákveðinn

**STJÓRNMÁL Framboðslisti Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi hefur verið ákveðinn og er mönnun hans í samræmi við niðurstöður kosninga sem haldnar voru síðastliðinn laugardag.**

**Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra verður í fyrsta sæti, Birkir Jón Jónsson alþingismaður í öðru sæti, Höskuldur Þór Þórhallsson lögmaður í því þriðja og Huld Aðalbjarnardóttir skólastjóri skipar fjórða sætið.**

**Framsóknarflokkurinn á fjóra þingmenn í kjördæminu.** - bþs

# Styrkveitingu hætt vegna fjármálaóreiðu

**Félagsmálaráðherra hefur ákveðið að hætta styrkveitingum til Byrgisins. Samhjálp og velferðarsvið Reykjavíkurborgar taka við verkefnum Byrgisins. Tilefni til þess að skoða faglegt starf heimila og taka innra eftirlit til endurskoðunar.**

**FÉLAGSMÁL** Styrkveitingum frá ríkinu til Byrgisins sjálfseignarstofnunar hefur verið hætt. Um þetta tók Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra ákvörðun eftir að Ríkisendurskoðun skilaði greinargerð til ráðuneytisins sem unnin var að beiðni frá 16. nóvember á síðasta ári en þá fór félagsmálaráðherra fram á það að fjármál Byrgisins yrðu skoðuð.

Magnús Stefánsson sagði félagsmálaráðuneytið vinna að því að efla innra eftirlit með samstarfi við Ríkisendurskoðun. „Við höfum fjallað um það hér innan félagsmálaráðuneytisins að nauðsynlegt sé að efla innra eftirlit og um það hefur verið rætt við starfsfólk Ríkisendurskoðunar. Ég vil ekki orða það þannig að því sé ábótavant en við teljum þörf að því að ramma málin betur inn hér hjá okkur."

Magnús segir kveikjuna að sérstakri skoðun á fjármálum Byrgisins hafa verið fund með Guðmundi Jónssyni, sem nú hefur vikið sem forstöðumaður Byrgisins, í byrjun nóvember á síðasta ári. „Á fundinum var óskað eftir því að endurnýja samninginn um áframhaldandi starfsemi Byrgisins. Í framhaldi af því tók ég ákvörðun um að óska eftir því að Ríkisendurskoðun færi yfir fjármál Byrgisins og sú vinna hófst fljótt og gekk vel."

Að tillögu Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra mun hópur á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, undir forystu Stefáns Eiríkssonar, nýskipaðs lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins, fjalla um málefni langt leiddra vímuefnaneytenda. Í hópnum verða einnig fulltrúar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis.

Magnús sagðist ekki reikna með því að sérstök úttekt yrði unnin á faglegu starfi Byrgisins undanfarin ár en skoðun Ríkisendurskoðunar náði aðeins til fjármálahliðar Byrgisins.



**FRÁ FUNDINUM** Magnús Stefánsson boðaði til blaðamannafundar í félagsmálaráðuneytinu í gær þar sem skýrsla Ríkisendurskoðunar um fjármál Byrgisins á árunum 2005 og 2006 voru til umræðu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Í framhaldi að því tók ég ákvörðun um að óska eftir því að Ríkisendurskoðun færi yfir fjármál Byrgisins og sú vinna gekk fljótt og vel.
>
> **MAGNÚS STEFÁNSSON**
> FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA

Starfsemi Byrgisins hefur farið fram í húsnæði Fasteigna ríkissjóðs á Efri-Brú í Grímsnesi. Tilkynnt hefur verið um ákvörðun félagsmálaráðuneytisins til Fasteigna ríkissjóðs og óskað eftir því að farið verði yfir gildandi afnotasamning stofnunarinnar við Byrgið.

Guðmundur Jónsson, sem lengst af hefur verið forstöðumaður Byrgisins, sagðist fagna því að málið væri komið til ríkissaksóknara er Fréttablaðið ræddi við hann í gær. Hann ítrekaði einnig að það hefði ekki verið í hans verkahring að sjá um bókhaldið, sem gagnrýnt er harðlega í skýrslu Ríkisendurskoðunar ásamt öllum öðrum þáttum er snúa að fjármálahlið meðferðarheimilisins.

magnush@frettabladid.is

## TEKJUR OG GJÖLD

| | |
|---|---|
| **2005** | |
| Bókfærðar tekjur | 42* |
| Innheimtar óbókfærðar tekjur | 9,6 |
| Bókfærð og/eða greidd útgjöld | 47,9 |
| Bókfærð og/eða greidd einkaútgjöld | -12,5 |
| Ekki bókunarhæft en bókfært | 15,7 |
| **Mismunur tekna og gjalda** | **32** |
| **2006** | |
| Bókfærðar tekjur | 31,9 |
| Innheimtar óbókfærðar tekjur | 12,7 |
| Bókfærð og/eða greidd útgjöld | -3,1 |
| Ekki bókunarhæft en bókfært | -4,2 |
| **Mismunur tekna og gjalda** | **13,2** |

*milljónir króna

## AÐALATRIÐI SKÝRSLU

**Markmið úttektar Ríkisendurskoðunar: 1. Hvort allar tekjur sem aflað hefur verið vegna starfsemi Byrgisins, hvort sem er frá opinberum aðilum, fyrirtækjum, félagasamtökum eða einstaklingum, hafi skilað sér að fullu í bókhald meðferðarheimilisins. 2. Hvort öll útgjöld sem stofnað hefur verið til vegna starfsemi Byrgisins hafi verið færð í bókhaldi þess, gerð sé fullnægjandi grein fyrir kostnaðinum og hann geti talist eðlilegur með tilliti starfseminnar.**

■ Fjárstuðningur frá 1999 með húsaleigu um 188 milljónir króna með árinu 2006. Húsaleiga samtals 25,5 milljónir króna á sama tímabili.

■ Úttektin tekur til 2005 og 2006.

■ Í október 2003 undirritaði félagsmálaráðherra yfirlýsingu um áframhaldandi stuðning ríkisins við meðferðarheimilið Byrgið. Ákveðin skilyrði voru sett fyrir frekari framlögum ríkisins til rekstursins, meðal annars að 55 einstaklingum yrði veitt skjól og aðstoð. Stjórnendur Byrgisins undirrituðu ekki yfirlýsinguna þar sem þeir töldu að ríkisframlagið og stærð húsnæðis byðu ekki upp á þennan fjölda vistmanna. Félagsmálaráðuneytið hefur engu að síðu greitt framlög í samræmi við yfirlýsinguna.

■ Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður Byrgisins annast fjármál þess. Forstöðumaður hefur þó einn tekið á móti fjárframlögum vegna fjársafnana og innheimtum vistgjöldum á staðnum, eins og nánar er fjallað um síðar. Ársreikningar félagsins eru prentaðir beint úr bókhaldskerfinu og eru án skýringa. Þeir hafa ekki verið endurskoðaðir.

■ Tveir bankareikningar eru færðir í bókhaldi Byrgisins. Tekjur eru að mestu lagðar inn á annan þeirra. Greiðslur út af þessum bankareikningum hafa almennt farið fram með millifærslum úr heimabanka.

■ Tvö kreditkort eru í notkun vegna starfsemi Byrgisins. Annað á nafni Eignarhaldsfélags Byrgisins ehf. og hitt er á nafni forstöðumanns. Bæði kortin hafa verið notuð jöfnum höndum vegna Byrgisins og til einkanota.

■ Í fyrra hófu aðstandendur eins fyrrverandi skjólstæðings fjársöfnun að honum látnum. Frá 14. júní til 31. október í fyrra voru 122 þúsund krónur millifærðar inn á reikning sem stofnaður var vegna söfnunarinnar, sem ætluð var til þess að brúa það bil sem myndast þegar skjólstæðingar koma peningalausir í Byrgið og geta því ekki greitt vistgjald. Jafnóðum og peningarnir komu inn á söfnunarreikninginn voru peningarnir millifærðir af forstöðumanni Byrgisins, þá Guðmundi Jónssyni, inn á hans persónulega bankareikning.

■ Stjórnendur Byrgisins kváðu starfsmanninn sem sá um innheimtuna hafa þegið 120 þúsund króna þóknun á mánuði fyrir störf sín og hafi sú fjárhæð jafnan verið tekin beint af innheimtum vistgjöldum en afgangurinn afhentur forstöðumanni Byrgisins í reiðufé. Þessar tekjur hafa ekki skilað sér inn í bókhald Byrgisins og ekki hefur tekist að gera grein fyrir hvernig þeim var varið. Greiðslur til starfsmannsins sem annaðist innheimtuna voru ekki bókfærðar.

■ Á árinu 2005 greiddi Byrgið samtals 18,3 milljónir króna vegna úttekta á þessi tvö kort. Gild fylgiskjöl eru ekki til staðar nema að litlum hluta þeirra fjárhæðar. Eftir skoðun á kortayfirlitum var það mat stjórnenda Byrgisins að um 30 prósent útgjalda vegna kreditkorta ársins 2005 væru einkaútgjöld forstöðumanns en það hlutfall getur Ríkisendurskoðun ekki staðfest. Aðeins um sex prósent útgjalda vegna kreditkortanna voru bókfærð sem laun á viðskiptareikning forstöðumanns. Út af standa 4,4 milljónir króna á árinu 2005 sem teljast til einkaútgjalda samkvæmt framburði stjórnendanna en hafa verið greiddar af Byrginu. Byrgið greiddi að minnsta kosti 6,3 milljónir á fyrstu tíu mánuðum ársins 2006 án þess að færa þær greiðslur á gjaldaliði í bókhaldi.

■ Byrgið leigir þrjár bifreiðar af eignarhaldsfélagi Byrgisins, sem er í eigu forstöðumanns Byrgisins, og hefur félagið bifreiðarnar á rekstrarleigu. Um er að ræða tvo LandRover Discovery 2006 sem forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður Byrgisins hafa til umráða og eina Renault Master sendibifreið af árgerð 2005. Dóttir Guðmundar Jónssonar hefur haft til umráða Renault Mégane bifreið árgerð 2006. Engin merki sjást um það í bókhaldi Byrgisins að kostnaður vegna þessarar bifreiðar hafi verið dreginn af launum Guðmundar Jónssonar, samkvæmt munnlegum samningi hans. Kostnaður vegna bifreiðar Byrgisins nam 9,4 milljónum árið 2006 eða sem nemur um 29 prósentum af heildarútgjöldum Byrgisins á því ári.



**BYRGIÐ** Á árunum 1999 til og með 2006 var Byrgið styrkt um 188 milljónir króna.

Samningur við Byrgið þótti nauðsynlegur vegna vandamála:

# Úttekt gerð á Byrginu 2002

**FÉLAGSMÁL** Páll Pétursson, sem gegndi starfi félagsmálaráðherra á árunum 1999 til 2003, segir að félagsmálayfirvöld hafi gert úttekt á starfi Guðmundar Jónssonar í Byrginu árið 2002. Stjórnvöld vissu að starf Byrgisins, og framganga Guðmundar Jónssonar, voru mjög gagnrýniverð. Niðurstaða úttektarinnar var að starfsemin hefði verið með þeim hætti árin á undan, að ekki væri hægt að styrkja Byrgið að óbreyttu. Þess vegna taldist nauðsynlegt að gera samning um þjónustuna. Á grundvelli þess samnings keypti ríkið húsnæði að Efri-Brú auk þess að greiða hluta leigu húsnæðisins.



**PÁLL PÉTURSSON**

Inntur eftir því hvernig á því stæði að ákveðið var að kaupa sérstakt húsnæði fyrir Byrgið þegar sýnt var að starfsemin stóðst ekki kröfur félagsmálayfirvalda segir Páll: „Ég held að engum hafi dottið í hug að það væri hagur að því að loka Byrginu. Hins vegar vildu allir hafa þetta í lagi." Páll telur að eftirlit með Byrginu hafi verið í lagi í ráðherratíð hans enda hafi Aðalsteinn Sigfússon, félagsmálastjóri í Kópavogi, sem vann úttektina fyrir félagsmálayfirvöld mælt með því að starfsemi Guðmundar yrði styrkt og að starf Byrgisins skilaði nokkrum árangri. Páll telur sýnt að mun dýrara hefði verið fyrir yfirvöld að reka meðferðarheimili en að styrkja Byrgið eins og reyndin varð. - shá / - mh

Vann mál gegn Sjóvá:

# Fær 5 milljónir vegna bílslyss

**DÓMSMÁL** Sjóvá-Almennar tryggingar hf. voru dæmdar til að greiða konu á fertugsaldri bætur upp á tæpar 5 milljónir, auk vaxta, vegna bílslyss.

Tildrög slyssins voru þau að konan sofnaði undir stýri með þeim afleiðingum að bíll hennar fór út af veginum niður 6-8 metra háa vegöxl. Bíllinn hafnaði á klöpp, 40 metrum frá þeim stað sem keyrt var út af.

Konan hlaut gjafsókn en Sjóvá var gert að greiða allan sakarkostnað, tæpar 730 þúsund krónur, sem renna í ríkissjóð.

Konan er 15 prósent öryrki eftir slysið. - tg

Leiðarahöfundur Hufvudstadsbladet í Finnlandi um Norrænu ráðherranefndina:

# Veiti þjónustu á finnsku

**FINNLAND** Finnar hafa áhyggjur af því að fá ekki þjónustu á finnsku hjá Norrænu ráðherranefndinni í Kaupmannahöfn. Björn Månsson, leiðarahöfundur Hufvudstadsbladet í Finnlandi, rifjaði nýlega upp sárindi Finna þegar þeir töpuðu baráttunni um starf framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar, sem Halldór Ásgrímsson, fyrrverandi forsætisráðherra, var valinn í nú í haust.

Björn taldi að „kostirnir við það hver valdist í starfið vegi upp á móti finnsku biturðinni“ og sagði að löngu hefði verið tímabært að starfið félli í hlut þeirrar þjóðar sem byggi yst á jaðrinum. Björn lét í ljós ósk um að sem Íslendingur hefði Halldór skilning á tungumálaaðstæðum þeirrar þjóðar sem býr á hinum jaðrinum, á austurkantinum á Norðurlöndunum, og sagði að skrifstofa Halldórs ætti að „geta veitt Norðurlandabúum þjónustu á finnsku líka“.



**GETUR ORÐIÐ VANDAMÁL** Norræna ráðherranefndin, sem Halldór Ásgrímsson er framkvæmdastjóri fyrir, á að geta veitt þjónustu á finnsku. Ef ekki þá getur það orðið vandamál, að mati leiðarahöfundar hjá Hufvudstadsbladet.

Björn sagði í samtali við Fréttablaðið að hann vissi ekki til þess að neinn háttsettur embættismaður væri finnskumælandi hjá ráðherranefndinni og því væri þar enginn sem gæti átt samskipti á finnsku. „Það getur orðið vandamál,“ sagði hann og kvaðst hafa verið mikið á ferðalögum í haust þegar Halldór var ráðinn og því ekki getað sagt skoðun sína. Hann notaði því tækifærið nú. - ghs

Menntasvið Reykjavíkur:

# Ellefu umsóknir um starf

**REYKJAVÍK Ellefu umsóknir bárust um stöðu sviðsstjóra menntasviðs hjá Reykjavíkurborg. Verið er að taka viðtöl við umsækjendur og er búist við að niðurstaða liggi fyrir í lok janúar. Umsækjendur eru þessir:**

**Andri Ottesen, Anna Kristín Sigurðardóttir, Arnar Sverrisson, Björg J. Birgisdóttir, Guðrún Ebba Ólafsdóttir, Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, Hugrún Sigurjónsdóttir, Jóhann Einarsson, Magnús Örn Stefánsson, Ragnar Þorsteinsson og Þorsteinn Sæberg Sigurðsson.** - ghs



**BRAN-KASTALI** Leðurblökur sem stundum má sjá sveima kringum virkisveggina fullkomna ímynd kastala Drakúla. NORDICPHOTOS/AFP

Fasteign á 60 milljónir evra:

# Kastali Drakúla settur á sölu

**RÚMENÍA, AP Hinn sögufrægi Bran-kastali í Transylvaníu í Rúmeníu hefur verið auglýstur til sölu fyrir sextíu milljónir evra.**

**Kastalinn, sem var reistur á 15. öld, er af sumum talinn hafa verið heimili hins blóðþyrsta fursta Vlad Tepes. Engar sannanir eru fyrir því en margt bendir til að Tepes hafi dvalið í kastalanum í einhvern tíma hið minnsta. Grimmd Tepes varð rithöfundinum Bram Stoker innblástur að einni frægustu sögupersónu allra tíma, blóðsugunni Drakúla greifa.**

**Árlega heimsækja um 400.000 ferðamenn kastalann, en kostnaður af viðhaldi hans er það sem rekur eigandann – þann arm Habsborgarættarinnar sem var konungsfjölskyldan í Rúmeníu á árum áður – til að selja.** - sdg

Dæmdur vegna vanskila:

# Átta milljónir króna í sekt

**DÓMSMÁL** Tæplega fimmtugur karlmaður, Höskuldur Svavarsson, hefur verið dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi og til greiðslu rúmlega 8 milljóna króna sektar fyrir skatta- og hegningarlagabrot. Héraðsdómur Norðurlands eystra kvað upp dóminn í þarsíðustu viku.

Höskuldur framdi brotin þegar hann var stjórnarformaður einkahlutafélagsins AS Flutninga sem úrskurðað var gjaldþrota í nóvember árið 2002. Hann stóð ekki skil á virðisaukaskattsskýrslum og staðgreiðsluskilagreinum á margra mánaða tímabilum árið 2001. Hann viðurkenndi brot sín en hélt því fram að þau væru fyrnd, en dómurinn komst að annarri niðurstöðu því fyrningarfrestur í slíkum málum er aldrei skemmri en fimm ár. - ifv

ATVINNUMÁL

## Flugþjónir skoði skilríki

Icelandair braut ekki gegn kjarasamningi við flugþjóna með því að fela þeim að bera sama persónuskilríki og brottfararspjöld farþega áður en þeir stíga um borð í vélar félagsins. Flugþjónar könnuðu áður hvort farþegar væru með rétt brottfararspjald en bera nú spjöldin einnig saman við persónuskilríki. Félagsdómur segir það ekki nýja starfsskyldu í skilningi kjarasamningsins.




## Svona erum við

> Ættleiðingar 1996-2005




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** HENGING

# *Refsað með hengingum í 2.500 ár*

Tveir næstráðendur Saddams Hussein voru líflátnir í gærmorgun með hengingu. Höfuðið fór af öðrum þeirra við henginguna.

Henging hefur í gegnum söguna verið mikið notuð aðferð til að framfylgja dauðarefsingu. Talið er að Persar hafi fyrstir notað hana fyrir um það bil 2.500 árum.



**Hvað gerist við hengingu?**
Við hengingu getur eitt eða fleira af eftirtöldu gerst: hálsslagæð lokast, hóstarbláæð lokast, hjartastopp, hálsbrot og mænuskaði, blóðskortur vegna lokunar á öndunarvegi og afhöfðun.

**Hvernig fer henging fram?**
Það eru fjórar aðferðir við framkvæmd hengingar samkvæmt dómi. Við „stutt fall“ er hinn dæmdi staðsettur ofan á færanlegum hlut með snöru um hálsinn. Hluturinn er síðan færður undan hinum dæmda sem hangir þá í snörunni. Þetta var algengasta aðferð hengingar fram til ársins 1850 og er enn notuð víða í Mið-Austurlöndum.

„Upphenging“ er svipuð nema að gálginn sjálfur er færanlegur þannig að snaran er hækkuð þangað til hinn dæmdi hangir í henni. Þessi aðferð er notuð í Íran.



„Hefðbundið fall“ felur í sér 1,2 til 1,8 metra fall. Það var talið betra en stutt fall þar sem þessari falllengd var ætlað að hálsbrjóta hinn dæmda við fallið.

„Hátt fall“ var kynnt sem þróuð útgáfa af hefðbundna fallinu þar sem þyngd hins dæmda var notuð til að ákvarða lengd fallsins. Aðferðinni var breytt síðar eftir að hún leiddi til afhöfðunar í nokkrum tilfellum.

Heimild: Wikipedia.org

## SPURT & SVARAÐ
KATTAHALD

### *Strangari reglur*


**SIGRÍÐUR HEIÐBERG**
forstöðumaður Kattholts

Starfsmenn Reykjavíkurborgar handsömuðu 130 ketti í Reykjavík á síðasta ári. Farið var með kettina í Kattholt og þurftu eigendur að leysa þá úr haldi þaðan. Meindýravarnir í Reykjavík segja að kattahald hafi aukist mjög. Sigríður Heiðberg er forstöðumaður í Kattholti.

**Finnur þú fyrir fjölguninni?**
Ég geri það. Óskilaköttum hefur fjölgað mikið. Margir eru eyrnamerktir en það þýðir ekki að eigendur sæki þá.

**Af hverju stafar fjölgunin?**
Maðurinn er alltaf að verða meira og meira einmana og þráir félagsskap. Sumir átta sig samt ekki á því að þeir bera ábyrgð á þessum dýrum.

**Hverju þurfa kattaeigendur að huga betur að?**
Þeir þurfa að taka meiri ábyrgð á sínu dýri. Dýr á góðu heimili er ekki að þvælast út um allt. Þegar er ofsalegur losaragangur á öllu byrja kisurnar að þvælast um. Það er auðvitað fullt af góðum kattaeigendum til en mér finnst ekki eðlilegt að það komi 500-600 óskilakettir í Kattholt á ári. Ég vil strangari reglur á eigendur dýranna.

# Segir peninga vera kýr nútímans

**Sækjandi og verjendur í Baugsmálinu tókust í gær á fyrir Hæstarétti Íslands um sex ákæruliði sem eftir standa af upphaflegri ákæru. Sækjandi líkti Jóni Ásgeiri Jóhannessyni við fjósamann en verjendur sögðu þá ákæru sem fjallað var um í dómsal í gær í raun allt aðra ákæru en þeir hefðu varist í Héraðsdómi Reykjavíkur. Málið var dómtekið eftir langan dag í dómsalnum.**



**Í HÆSTARÉTTI** Þau Þórunn Guðmundsdóttir og Sigurður Tómas Magnússon ræddu málin þegar stutt hádegishlé var gert á málflutningi í Hæstarétti í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fjórir af þeim sex ákæruliðum sem fjallað var um fyrir Hæstarétti í gær sneru að gerð ársreikninga fyrir Baug vegna reikningsáranna 1998-2001, en þar er Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group, ákærður, ásamt endurskoðendunum Stefáni Hilmari Hilmarssyni og Önnu Þórðardóttur.

Jón Ásgeir er sakaður um að hafa látið hjá líða að geta um í ársreikningum fjárhæð lána til stjórnenda fyrirtækisins sem ákæruvaldið segir að hafi verið útistandandi á viðskiptareikningum um áramót þegar ársreikningur er gerður. Stefán Hilmar og Anna eru ákærð fyrir að undirrita ársreikningana athugasemdalaust.

Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari í málinu, sagði ljóst að skuld hafi verið á viðskiptareikningum Jóns Ásgeirs sjálfs, auk fyrirtækja sem hann stjórni; Gaums og Fjárfars. Lánin hafi ekki farið fyrir stjórn Baugs, sem á þeim tíma var hlutafélag á markaði. Það hefði komið sér afar illa fyrir fyrirtækið ef slík lán til stjórnenda hefðu verið gerð opinber.

„Það stóð til að halda þessum viðskiptum leyndum, til að rýra ekki traust á fyrirtækinu. Leyndum fyrir stjórn og leyndum fyrir viðskiptalífinu. Þess vegna var þeirra ekki getið í ársreikningum,“ sagði Sigurður.

### Fjósamaður og mjólkurkýr

„Peningar eru kýr nútímans, þeir mjólka,“ sagði Sigurður. Hann líkti vaxtalausum lánum til stjórnenda við það að fjósamaður teymi eina af mjólkurkúnum í eigið fjós og láti hana mjólka fyrir sig í tvö til þrjú ár. Þar með njóti hann ávaxtanna og eigandi kúnna skilji ekki hvers vegna hagnaður hans minnkar. Svo kaupi fjósamaðurinn fjósið á lægra verði en ella þar sem hagnaðurinn hafi verið minni.

Þannig hafi peningarnir sem Jón Ásgeir og fyrirtæki hans hafi fengið að láni vaxtalaust verið notaðir í ýmis viðskipti sem hann hafi hagnast á, ekki Baugur.

### Nýjar ásakanir

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs, var afar ósáttur við málflutning Sigurðar Tómasar, einkum það að svo virtist sem ákæran sem til umfjöllunar var í gær væri allt önnur ákæra en fjallað var um fyrir héraðsdómi.

Það megi meðal annars sjá í greinargerð sækjanda, þar sem segir að fallið hafi verið frá þeim ákæruefnum að Jón Ásgeir hafi sett fram rangar og villandi sérgreiningar í ársreikningum, og honum nú gefið að sök að hafa látið rangar og villandi upplýsingar fylgja ársreikningnum með því að láta hjá líða að tilgreina lán til stjórnenda.

Gestur gerði athugasemd við skort á skýrleika í ákærunni. Ekki sé ljóst hvaða glæpur eigi að hafa verið framinn. Líkja megi ákærunni við að einhver sé ákærður fyrir umferðarlagabrot með þeim orðum að hann hafi ekið öðruvísi en bar að gera, en ekki tiltekið nánar hvernig.

Gestur sagði það sýna lítinn skilning að tala um stöðu á viðskiptareikningum sem lán. Lögregla og sækjandi hafi raunar hafnað því að sundurliða nákvæmlega viðskiptareikningana sem um ræðir, og því hafi Jón Ásgeir sjálfur þurft að fá endurskoðunarfyrirtækið PricewaterhouseCoopers til að vinna slíka úttekt. Þar hafi komið í ljós að um hver áramót hafi Baugur skuldað Jóni Ásgeiri meira en hann skuldaði Baugi, og því ekkert athugavert við að geta ekki stöðu á viðskiptareikningum í ársreikningi.

### Gáfu glögga mynd

Þórunn Guðmundsdóttir, verjandi Stefáns Hilmars og Önnu, sagði í gær að endurskoðendurnir tveir hefðu gert Baugi mikinn óleik hefðu þeir undirritað ársreikningana með fyrirvara, eins og sækjandi segir að þau hefðu átt að gera. Það sé aðeins gert í þeim tilvikum sem ársreikningarnir gefi ekki glögga mynd af stöðu fyrirtækisins, og það hafi ekki verið uppi á teningnum í þessum tilvikum.

Þær upphæðir sem talað sé um hafi ekki getað orðið til þess að skekkja stöðuna svo mikið að ársreikningarnir gefi ekki þá glöggu mynd sem góð endurskoðunarvenja segir að þeir eigi að gera.


FRÉTTASKÝRING
BRJÁNN JÓNASSON
brjann@frettabladid.is

## Staða Baugsmála í hnotskurn

Baugsmálið hefur verið til meðferðar hjá lögreglu og fyrir dómstólum um nokkuð langt skeið. Segja má að það sé nú orðið að þremur aðskildum málum; því sem eftir er af upphaflegum ákærum, endurákærum sem fram komu eftir frávísun á flestum af upphaflegum ákærum, og rannsókn á meintum skattalagabrotum.

Upphaflega voru gefnar út ákærur á hendur sex einstaklingum í 40 liðum 1. júlí 2005. Ákærunum var vísað frá Héraðsdómi Reykjavíkur, og Hæstiréttur staðfesti frávísun á 32 ákæruliðum, en vísaði 8 aftur í hérað.

Þar með skiptist málið í tvennt, gefin var út endurákæra í 19 liðum vegna ákæruliðanna sem vísað var frá, en ákæruliðirnir átta voru teknir fyrir að nýju í héraðsdómi. Þar var kveðinn upp sýknudómur 15. mars 2005, og var honum áfrýjað til Hæstaréttar. Þó aðeins vegna sex ákæruliða og fjögurra ákærðu. Áfrýjunin var tekin fyrir í Hæstarétti í gær.

Yfirheyrslur eru nú í gangi vegna rannsóknar á skattamálum Baugsmanna, auk þess sem endurákæran verður tekin fyrir í héraðsdómi í febrúar, en þar hefur reyndar einum ákærulið af nítján verið vísað frá.

**Skrifstofuvörur**
á janúartilboði

Á tilboði í janúar 2007
Bréfabindi, ljósritunarpappír, merkipennar, töflutússar og veggklukka

Katrín Edda Svansdóttir
- sölumaður í þjónustuveri RV



148 kr.

Bréfabindi A4,
5cm og 8cm kjölur.

898 kr. pk.

Merkipennar,
bláir, svartir, rauðir og grænir, 12 stk í pk.

1.240 kr. ks.

Mopak ljósritunarpappír, 5x500 blöð í ks.

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV6222A

Stór rannsókn á erfðafræði Alzheimer-sjúkdómsins:

# Áhætta tengd geni

Hópur vísindamanna frá ýmsum löndum hefur fundið gen sem virðist auka líkurnar á því að fólk fái Alzheimer-sjúkdóminn. Vonast er til að þessi uppgötvun geri vísindamönnum auðveldara að finna meðferð gegn sjúkdómnum þegar fram líða stundir.

Vísindamennirnir, sem eru frá Kanada, Bandaríkjunum, Þýskalandi, Ísrael og Japan, skýrðu frá rannsóknum sínum á sunnudaginn á vefsíðu tímaritsins Nature Genetics. Rannsóknin náði til meira en sex þúsund manns og sýnir fram á að ákveðnar gerðir af geninu, sem nefnist SORL1, geti átt þátt í að sjúkdómurinn geri vart við sig á seinni árum.

Enn er þó óvíst með öllu hvort og þá hve mikil áhrif genið hefur á sjúkdóminn, en með því einu að varpa ljósi á það hvernig sjúkdómurinn þróast þykir þessi rannsókn mikilvægur áfangi. **- gb**



**ALZHEIMERSJÚKLINGUR** Myndin er tekin á sjúkrastofnun í Frakklandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Tekist á um innflutning á tveimur bílum í Baugsmáli:

# Vitnað í tölvupóst

Tveir af ákæruliðunum sex í þeim hluta Baugsmálsins sem fjallað var um fyrir Hæstarétti í gær snúa að innflutningi á tveimur bílum. Talið er að ákærðu hafi skotið sér undan að greiða samtals tæplega 1,1 milljón króna í ríkissjóð. Ákærðu voru sýknuð af þessum ákærum í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group, er sakaður um að hafa gefið rangar upplýsingar á aðflutningsskýrslu vegna innflutnings á Grand Cheeroke jeppa árið 1999. Kristín Jóhannesdóttir, stjórnandi Gaums, er ákærð fyrir sömu sakir við innflutning á BMW bifreið árið 2000.

Í sýknudómi héraðsdóms frá 15. mars 2006 kom fram að ekki væri hægt að byggja á framburði Jóns Geralds Sullenberger, sem hafði milligöngu um kaup bílanna frá Bandaríkjunum, þar sem ljóst væri að hann bæri þungan hug til Jóns Ásgeirs og fjölskyldu hans. Einnig var ekki talið byggjandi á framburði bandaríska bílasalans Ivan G. Motta, sem kom hingað til lands til að bera vitni fyrir héraðsdómi, enda tengist hann Jóni Geraldi, og hafi ferðast með honum hingað til lands.

Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari í málinu, segir að héraðsdómur hafi gert mistök með því að meta ekki framburð vitna og öll gögn sem lögð voru fram í samhengi. Sé það gert verði að teljast fullsannað að ákærðu hafi vísvitandi blekkt tollstjóra við innflutning á bílunum, eða fengið starfsmenn sína til þess.

Byggt er á því að Jón Gerald hafi útbúið tvo reikninga vegna Grand Cheeroke bílsins, og aðeins annar hafi verið notaður við innflutninginn. Þrír reikningar hafi verið gerðir vegna BMW-bifreiðarinnar og annars bíls sem fluttur var inn á sama tíma, en aðeins tveir notaðir við innflutninginn.

Sigurður Tómas vitnaði fyrir dómi í tölvupóst sem hann sagði skrifaðan af Kristínu Jóhannesdóttur, en hún bar fyrir héraðsdómi að hún kannaðist ekki við að hafa skrifað póstinn. Sigurður sagði póstinn bera höfundareinkenni Kristínar, hann byrjaði eins og aðrir póstar hennar á ávarpinu „sæll“, endaði á „Kveðja, Kristín“, og hún skammstafaði ávallt orðið reikningur á sama hátt.

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs, sagði fyrir dómi í gær að verknaðarlýsing í ákæru stæðist ekki, þar væri sagt að Jón Ásgeir hefði sjálfur lagt inn rangar upplýsingar, sem stæðust ekki þar sem Aðföng ehf. hefði séð um innflutninginn fyrir Baug, og hann hvergi komið þar nærri. Ekkert í gögnum málsins tengi Gest við innflutninginn, svo jafnvel þó eitthvað óeðlilegt hafi átt sér stað sé sökin ekki Jóns Ásgeirs.

Kristín Edwald, verjandi Kristínar Jóhannesdóttur, mótmælti þeirri fullyrðingu að héraðsdómur hefði ekki lagt mat á gögn og vitnisburð í heild, það hafi verið gert og niðurstaðan hafi verið sýkna. Einnig sé fráleitt að tala um höfundareinkenni á tölvupósti ef þau eigi að felast í því að byrja á orðinu „sæll“ og enda á „kveðja, Kristín“. **brjann@frettabladid.is**



**GÖGN Á HJÓLUM** Gríðarlegt magn gagna liggur fyrir í Baugsmálinu, og jafnvel ágrip af helstu gögnum sem útbúið var fyrir meðferð málsins í Hæstarétti er svo stórt í sniðum að Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari í málinu, notaðist við hjólavagn til að koma þeim gögnum sem hann þurfti í réttarsal í Hæstarétti í gær.


# Peningar og punktar, allt sem þú þarft!

e² Vildarkort er nýtt VISA kreditkort sem veitir korthöfum bæði Vildarpunkta Icelandair og endurgreiðslu – allt í sömu færslunni, hvar sem þú verslar innanlands.



## Kostir e² Vildarkortsins:

- Þú þarft engu að breyta í innkaupum – Þú færð bæði Vildarpunkta og endurgreiðslu **hvar sem þú verslar innanlands.**
- Þú færð Vildarpunkta og endurgreiðslu af **öllum boðgreiðslum** eins og orkureikningum, leikskólagjöldum, fasteignagjöldum, sjónvarpsáskriftinni og öllu hinu sem fylgir því að reka heimili.
- Þú færð **0,65–25% viðbótarendurgreiðslu eða viðbótarvildarpunkta** og ýmis sértilboð hjá næstum 400 fyrirtækjum.
- Með því að nota e² Vildarkortið geturðu áunnið þér **tugi þúsunda Vildarpunkta** sem hægt er að nota til að komast út í heim með Icelandair og **tugi þúsunda króna** sem þú notar í það sem þér hentar!

## Þú sækir um á www.e2.is

Allir geta sótt um kortið óháð viðskiptabanka




SPRON / Sími: 550 1400 / thjonusta@e2.is / www.e2.is

**Vildarkort**
Allt í einu korti

# Forsala – ótrúlegt verð!

## Fegurstu strendur heims og glæsilegir gististaðir

**Frá 29.990 kr.*** **Beint morgunflug** - með íslensku flugfélagi



**Stórglæsilegir gististaðir**
**- bókaðu núna og tryggðu þér besta verðið!**



## Sló í gegn síðasta sumar

# Fuerteventura

## Perla Atlantshafsins

Heimsferðir bjóða aftur í sumar beint leiguflug til þessarar fögru eyja í Atlantshafinu, þar sem þú finnur fegurstu strendur heimsins, eitt besta loftslag í heimi og fyrst og fremst, glæsilega gististaði þar sem þú nýtur sumarleyfisins við hreint frábærar aðstæður.

*Flugsæti báðar leiðir með sköttum, fargjald A. Netverð.

**Ótrúlegt verð!**
**Frá 59.990 kr.**
**- vika á glæsilegu hóteli**
**með allt innifalið**





### Endalausir afþreyingar-möguleikar

- Golf
- Seglbretti
- Sjóskíði
- Baku vatnsleikja-garðurinn
- Dýra- og plöntugarðurinn Oasis Park
- Keila
- Smábátahafnir
- Strandblak
- Köfun
- Snorklun
- Tennis
- Kajakar
- Fuglaskoðun
- Veiði
- Verslun

... og fleira og fleira

Fuerteventura býður ferðamenn velkomna, stolt og tilkomumikil, með stórbrotinni fegurð og hreinum línum hinnu hvítu stranda, einstökum litbrigðum fagurra jarðlita og túrkisbláu hafinu. Ferðamennskan er í mikilli uppbyggingu á eyjunni og stöðugt rísa ný og glæsileg hótel. Á Fuerteventura bjóða Heimsferðir farþegum sínum alls þrjá áfangastaði; Corralejo á norðurenda eyjunnar, Jandia á suðuroddanum og glæsihótelið Sheraton Beach & Golf Resort við Caleta de Fuste skammt frá flugvellinum. Fuerteventura býður allt það sem maður getur óskað sér í sumarfríinu; einstakar strendur og frábært loftslag, glæsilega gististaði með frábærum aðbúnaði og endalausa afþreyingarmöguleika. Heimsferðir bjóða þér nú þennan frábæra áfangastað á verði sem er hreint út sagt ótrúlegt.

### Forsala - bókaðu strax!

**10.000 kr. afsláttur**

**Fyrstu 500 sætin.**

**Þeir sem bóka strax, geta tryggt sér10.000 kr. afslátt.**

Takmarkað sætaframboð með afslætti á hverri dagsetningu.





## Jandia Mar
**- allt innifalið**

**Glæsileg aðstaða**
Allt innifalið
Fjölskylduherbergi
Loftkæling
Svalir/verönd
Glæsilegur garður
3 sundlaugar
Nuddlaug
Líkamsrækt
Spa
Snyrtistofa
Nuddstofa
Barnaklúbbur
Barnaleikherbergi
Barnaleiksvæði
3 veitingastaðir
6 barir
Diskótek
Skemmtidagskrá
Íþróttaaðstaða
... og fleira, o.fl.

### Allt innifalið
**Kr. 52.245 í viku**
**Kr. 69.595 í 2 vikur**
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í tveimur samliggjandi herbergjum, allt innifalið, 22. eða 29. maí og 19. eða 26. júní.

**Kr. 59.990 í viku**
**Kr. 87.090 í 2 vikur**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli, allt innifalið, 22. eða 29. maí og 19. eða 26. júní.



## Jandia Playa
**- allt innifalið**

**Glæsileg aðstaða**
Fjölskylduherbergi
Loftkæling
Svalir/verönd
Glæsilegur garður
4 sundlaugar
Nuddlaugar
Líkamsrækt
Spa
Snyrtistofa
Nuddstofa
Barnaklúbbur
Barnaleikherbergi
Barnaleiksvæði
5 veitingastaðir
4 barir
Diskótek
Skemmtidagskrá
Tennisvellir
Blakvöllur
Körfuboltavöllur
Fótboltavöllur
... og fleira , o.fl.

### Allt innifalið
**Kr. 57.645 í viku**
**Kr. 75.145 í 2 vikur**
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í tveimur samliggjandi herbergjum með allt innifalið, 22. eða 29. maí og 19. eða 26. júní.

**Kr. 69.990 í viku**
**Kr. 92.790 í 2 vikur**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með allt innifalið, 22. eða 29. maí og 19. eða 26. júní.



## Oasis Dunas íbúðir

**Glæsileg aðstaða**
Rúmgóðar íbúðir
Svalir/verönd
Glæsilegur garður
3 sundlaugar
Veitingastaðir
Barir
Líkamsrækt
Fjölbreytt íþrótta-aðstaða
Internetaðstaða
Borðtennis
Snóker
Verslun
... og fleira, o.fl.

**Kr. 39.395 í viku**
**Kr. 44.495 í 2 vikur**
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með einu svefnherbergi, 22. eða 29. maí og 19. eða 26. júní.



## Oasis Papagayo íbúðir

**Glæsileg aðstaða**
Rúmgóðar íbúðir
Svalir/verönd
Stór og fallegur garður
Frábær sól-baðsaðstaða
5 sundlaugar
Veitingastaðir
Barir
Matvöruverslun
Smáverslanir
Fjölbreytt íþrótta-aðstaða
Internetaðstaða
Leiktæki
Keila
Tennis
... og fleira, o.fl.

**Kr. 41.995 í viku**
**Kr. 47.795 í 2 vikur**
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með einu svefnherbergi, 22. eða 29. maí og 19. eða 26. júní.



## Oasis Village íbúðir
**- allt innifalið**

**Glæsileg aðstaða**
Rúmgóðar íbúðir
Svalir/verönd
Glæsilegur garður
3 sundlaugar
Líkamsrækt
Borðtennis
Tennis
Blak
Internetaðstaða
Veitingastaðir
Barir
Verslun
... og fleira, o.fl.

### Allt innifalið
**Kr. 61.295 í viku**
**Kr. 77.645 í 2 vikur**
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með einu svefnherbergi með allt innifalið, 22. eða 29. maí og 19. eða 26. júní.




## Sheraton Beach Golf & Spa Resort

**Glæsileg aðstaða**
5 stjörnu þjónusta og aðbúnaður
18 holu golfvöllur og æfingaaðstaða
Sérkjör á vallargjöldum og rástímum
Hitaðar inni- og útilaugar
Heilsugæsla
Barnaklúbbur
Spa og líkamsrækt
Nudd
Alveg við ströndina
Verslanir í nágr.
Veislu- og ráðstefnusalir
... og fleira, o.fl.

**Kr. 79.590 í viku**
**Kr. 113.990 í 2 vikur**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli, 22. eða 29. maí og 19. eða 26. júní.

# Bókaðu strax! www.heimsferdir.is
## Glæsilegasta sumarfríið á ótrúlegu verði

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 • Akureyri sími: 461 1099

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fjórir mánuðir í alþingiskosningar:

## Lokasprettur á Alþingi

KÁRI JÓNASSON SKRIFAR

Kjörnir þingmenn þjóðarinnar settust í stólana sína á Alþingi í gær, að loknu leyfi um jól og áramót. Sumir þeirra hafa ekki í hyggju að leita eftir endurnýjun umboðs hjá kjósendum sínum til þingsetu, en flestir keppa að því að setjast aftur á þing að loknum kosningum í vor. Aðrir eiga samkvæmt skoðanakönnunum varla afturkvæmt á Alþingi, en úrslit kosninganna 12. maí í vor munu endanlega skera úr um það.

Þótt enn séu tveir mánuðir eftir af þinginu og fjórir mánuðir til kosninga eru menn strax farnir að tala um væntanlegt stjórnarmynstur að loknum kosningum og er ekkert við það að athuga. Kjósendur geta þá betur áttað sig á því hvað kosningarnar hafa í för með sér. Staðreyndin er sú að kosningaloforð eru eitt, en stjórnarsáttmáli og athafnir í kjölfar kosninga eru allt annað. Yfirboð í aðdraganda kosninga eru alþekkt fyrirbæri, að ekki sé talað um athafnasemi stjórnarliða og þeirra sem hafa yfir fjárveitingum að ráða í mánuðunum fyrir kosningar.

Það er við því að búast að breytingar verði á stjórnarmynstrinu hér í kjölfar kosninganna. Stjórnarandstæðingar hamra auðvitað á því að breytingar séu nauðsynlegar og skipta verði um alla þá sem nú sitja við ríkisstjórnarborðið. Þrátt fyrir „kaffibandalag“ virðist sú skipan málanna ekki liggja á borðinu. Stjórnarandstöðuflokkarnir koma langt í frá fram sem ein heild, líkt og gerðist í Svíþjóð á liðnu hausti, enda aðrar aðstæður hér og annar aðdragandi að kosningunum. Stjórnarandstæðingar virðast þurfa sterkara og betra kaffi, ef einhver árangur á að nást hjá þeim í þessum efnum. Óvæntar uppákomur geta líka orðið á þeim fjórum mánuðum sem eru til kosninga. Stjórnarandstöðuflokkarnir þrír eru líka á ólíku róli í skoðanakönnunum, og þar þarf Samfylkingin á mestum byr að halda í lokasiglingunni fram á vor.

Stjórnarflokkarnir standa mjög ólíkt að vígi á nýbyrjuðu kosningaári, en eitt er það þó sem þeir eiga sameiginlegt, og það er að báðir eru undir forystu annarra manna en við síðustu kosningar. Þetta kann að hafa nokkur áhrif á úrslit kosninganna, í hvora áttina sem litið er.

Stöðug umræða á þessu kjörtímabili um kjör aldraðra og öryrkja hefur þjappað þessum hópum saman og innan raða þeirra hafa verið raddir um sérframboð til alþingiskosninga til að koma hagsmunamálum þeirra fram. Það er mikið vafamál hvort elli- og örorkulífeyrisþegar eigi að sóa tíma og fjármunum í að reyna að koma sérkjörnum fulltrúm sínum á þing. Þeir myndu að vísu fá meiri athygli í þjóðfélaginu varðandi hagsmunamál sín, en mjög hæpið er að þeir næðu fulltrúum á þing. Þótt svo færi er hætt við að þeir yrðu einangraðir og ættu erfitt með að hafa veruleg áhrif á gang mála. Þjóðfélagsumræðan almennt er elli- og örorkulífeyrisþegum mjög í hag, menn hafa verið að vakna upp við það að þessir hópar hafa orðið útundan í lífsgæðakapphlaupinu á undanförnum árum. Þennan meðbyr eiga forystumenn þessara hópa að notfæra sér, enda hefur þegar orðið töluverður árangur af málflutningi þeirra. Þannig er þess að vænta að veruleg framför verði í búsetumálum aldraðra á næstu árum. Þetta er auðvitað hlutur sem stjórnarmeirihlutinn hefði átt að hafa döngun í sér til að taka ákvörðun um í upphafi kjörtímabilsins, en ekki á síðustu metrum stjórnarsetu sinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.

550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Björgvin tekur sveig

„Við höfum ekki viljað taka upp skólagjöld til dæmis fyrir grunnnám í Háskóla Íslands af því að það þarf að vera til staðar gjaldfrjáls menntaleið frá leikskóla upp í gegnum háskóla. En skólagjaldtöku á sumum sviðum er ekki hægt að útiloka að mínu mati,“ sagði Björgvin G. Sigurðsson, þingmaður Samfylkingarinnar, í sjónvarpsfréttum í fyrradag. Þetta er stefnubreyting. Fyrir nokkrum árum mætti Björgvin í Silfur Egils þar sem hann skammaðist mikið út í áform viðskipta- og hagfræðideildar HÍ um að taka upp skólagjöld í framhaldsnámi. Hann vildi þá frekar að tekjulitlir jafnt sem tekjuháir greiddu fyrir framhaldsnám tilvonandi hátekjufólks.

### Sjáum bara til

Kastljósviðtal Evu Maríu við Dorrit Moussaieff var afbragðsgott að mati margra. Eflaust var mikið skrafað um það á kaffistofum í gærdag. Hins vegar var ekki mikið bloggað um það á virkasta bloggvefnum, blog.is, eins og oft er siður. Það þarf ekki að vera slæmt. Dorrit kom mjög vel fyrir, var sannfærandi og hreinskilin og upplýsti um hluti sem fáir vissu um. Hún sagði til dæmis stundum erfitt þegar Ólafur Ragnar gæti ekki sagt já eða nei við uppástungum hennar. Hann segði alltaf „sjáum bara til“.



### Já eða nei

Ef marka má ræðu sem Ólafur Ragnar Grímsson hélt 16. maí árið 1991 þá var hann meira fyrir já og nei svör en „sjáum bara til“. Heitar umræður voru um stöðu viðræðna um evrópskt efnahagssvæði eftir að Jón Baldvin Hannibalsson hafði flutt skýrslu sína. Og Ólafur vildi fá svör. „En ég kann hins vegar betur við að einföldum spurningum sé svarað með einföldum hætti,“ sagði Ólafur. „Verður það þannig að úrskurður Hæstaréttar Íslands gildi? Já, eða nei, hæstvirtur utanríkisráðherra? Já eða nei. Ekkert svona handapat, bara já eða nei, hæstvirtur utanríkisráðherra.“ Dorrit getur minnt hann á þetta næst þegar hann svarar: „Sjáum bara til.“



bjorgvin@frettabladid.is

# ESB og reglur þess



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

**Í DAG** | Aðildarumsókn að Evrópusambandinu

Sú sem þetta skrifar hefur um langt árabil verið þeirrar skoðunar að Ísland eigi að sækjast eftir aðild að Evrópusambandinu. Hún telur reyndar að það hafi verið alvarleg pólitísk mistök að stíga það skref ekki þegar þjóðirnar sem voru okkar megin borðsins þegar samið var um Evrópska efnahagssvæðið gerðu það fyrir rúmum áratug. En það er „water under the bridge“ eins og Bretar segja og til lítils að eyða mörgum dálksentimetrum í þá umræðu.

Fréttir berast nú af því að Framsóknarflokkurinn vinni að því að setja fram lista um samningsmarkmið sem ætti að hafa að leiðarljósi í samningum við Evrópusambandið. Flokkurinn hlýtur að vera að búa sig undir ferðalagið inn í Evrópusambandið. Í Silfri Egils um helgina kvartaði einn þátttakandinn undan því að Samfylkingin hefði ekki enn lagt fram sín samningsmarkmið.

Í mínum huga hlýtur samningsmarkmiðið að vera að fá inngöngu í bandalagið við þau skilyrði sem við sættum okkur við. Efst í huga eru þá yfirráð yfir fiskimiðunum. Fastur liður verða þess vegna fréttirnar af því þegar embættismenn bandalagsins verða spurðir hvort við fáum undanþágu frá sjávarútvegsstefnu sambandsins eða hvort gerð verði undantekning frá því að fiskveiðiheimildum við Ísland verði úthlutað í Brussel. Svar embættismannanna verður nei, á því leikur enginn vafi. Þeir sækja umboð sitt til sambykkta samstarfsins og hafa ekkert umboð til sjálfstæðra skoðana á þeim vettvangi.

Evrópusambandið breytir ekki reglum sínum þegar ný ríki ganga í bandalagið. Samningaviðræður ganga út á hvernig og á hve löngum tíma ný ríki geti aðlagast þeim reglum sem gilda. Þá held ég að óhætt sé að segja að við inngöngu nýrra ríkja hafi oftast orðið til nýjar reglur. Dæmi þar um eru reglur um hinn svokallaða heimskautalandbúnað sem urðu til þegar Finnar og Svíar gengu í sambandið.

Í samningaviðræðum næst pólitískt samkomulag um skilning og útfærslu á reglum sem skipta einhver þjóðlönd meira máli en önnur; sjávarútvegsstefnan og Ísland eru gott dæmi þar um. Samningsmarkmiðin hljóta því að miðast við að ná pólitísku samkomulagi og átta sig á því frá upphafi að gildandi reglum verður ekki breytt okkar vegna.

Stundum getur verið nauðsynlegt að hrista upp í mynd sinni af raunveruleikanum. Umræðan um flöktið á gengi íslensku krónunnar varð til þess að ég fletti upp á heimasíðu Seðlabankans til að skoða gengissveiflurnar. Þar er sagt frá nýjum gengisvogum sem eiga að koma í stað gengisvísitölunnar sem notuð hefur verið. Því segi ég frá því hér að það kom mér á óvart hversu lítið Bandaríkjadalur vegur orðið í viðskiptum landsins. Bæði í inn- og útflutningi vigtar dalurinn ekki nema í kringum tíu prósent. Ég stóð í þeirri meiningu að vægi hans í viðskiptum okkar við önnur lönd væri í kringum þriðjungur og hefði fyrir föstudaginn lagt talsvert undir í veðmáli um það efni, en nú veit ég sem sagt betur.

En það er fleira en vægi dollarans í gjaldeyrisviðskiptum sem breytist. Við athugun kom í ljós að árið 1997 voru fiskveiðar átta prósent landsframleiðslunnar en árið 2005 voru þær 4,8 prósent hennar. Vinnsla sjávarafurða nam 4,7 prósentum af landsframleiðslu árið 1997 en einungis tveim prósentum árið 2005. Samtals fór þessi undirstöðugrein í atvinnulífinu því úr 12,7 prósentum af landsframleiðslunni niður í 6,8 prósent. En þar er sagan náttúrlega ekki öll sögð, vegna þess hve háð við erum milliríkjaviðskiptum og þar eru útfluttar sjávarafurðir ennþá meginstoðin. Hlutur þeirra fer þó minnkandi og var rúmlega 49 prósent af verðmæti útfluttrar vöru og þjónustu árið 1997 en tæp 43 prósent árið 2005. – Og hvað er konan að fara með þessari tölfræði, hugsar ábyggilega einhver. Svarið er: eiginlega ekki neitt, bara að minna á að stundum er rétt að hrista upp í mynd sinni af raunveruleikanum.

Þakka ber samgönguráðherranum þann heiður sem hann sýndi mér fyrir tveim vikum. Það eru ekki allar sem fá nafn sitt í fyrirsögn og síðan nefnt að ég held tíu sinnum í hennri grein, svo ekki sé talað um sérstakar árnaðaróskir sem ég vil endilega endurgjalda. Kona hefur oft áður skrifað um samgöngumál og alltaf verið gagnrýnin, sumir virðast hins vegar einungis lesa blöðin og bretta upp ermar í vinnunni síðustu mánuðina fyrir kosningar og skal ég kinnroðalaust játa því að slík vinnubrögð gera mig reglulega fúla.

Auk þess legg ég til að eftirlaunaósóminn verði afnuminn með lögum.

# Táknmálsbannið var valdbeiting

**UMRÆÐAN**

Staða heyrnarlausra



VALGERÐUR STEFÁNSDÓTTIR

Sú umfjöllun sem verið hefur að undanförnu um misnotkun á heyrnarlausum, heft aðgengi þeirra að læknisþjónustu og skort á táknmálstúlkaþjónustu hverfist öll um samskipti og þátttöku heyrnarlausra í íslensku samfélagi.

Frá 1880 og fram yfir 1980 var alls staðar í heiminum lögð mikil áhersla á að heyrnarlausir yrðu að læra að tala með rödd. Í því skyni var táknmálið bannað í skólum heyrnarlausra. Táknmálsbannið var ekki sett af mannvonsku heldur þekkingarleysi. Táknmálið var ekki álitið mál og enginn kunni það nema heyrnarlausir. Afleiðingin var útilokun þeirra frá þátttöku í samfélaginu og þar með menningu og almennri menntun. Bannið leiddi til lágrar félagslegrar stöðu og kúgunar táknmálstalandi fólks hérlendis og annars staðar í heiminum. Það var líka forsenda þess að umfangsmikil misnotkun gat viðgengist hér um árabil.

Staða heyrnarlausra hefur til allrar hamingju batnað á undanförnum áratugum. Táknmál hefur fengið aukna viðurkenningu. Sett hafa verið lög um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra þar sem er unnið að rannsóknum, kennslu táknmáls og táknmálstúlkaþjónustu er miðlað. Í sjónvarpi eru táknmálsfréttir, í skóla fyrir heyrnarlaus börn er kennt á táknmáli, boðið er upp á táknmálskennslu í framhaldsskólum, í háskólanum er kennt táknmál og túlkun og táknmálstalandi fólk á nú rétt á túlkun við flestar aðstæður. Eins kaldhæðnislegt og það kann að hljóma er það einnig merki um framþróun að vitneskjan um misnotkun á heyrnarlausum börnum er komin fram.

Táknmálstalandi fólk finnur þó ennþá fyrir áhrifum táknmálsbannsins. Það upplifir persónulega valdbeitingu í gegnum undirokun táknmálsins og að lífsmáti þess og menning sé ekki viðurkennd af þeim sem ráða. Þetta kemur m.a. fram í því að of litlu fé er varið í táknmálskennslu og túlkaþjónustu.

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra getur t.a.m. ekki sinnt nema hluta af pöntunum sem berast um þjónustu. Vegna allt of lágrar gjaldskrár, sem sett hefur verið af hinu opinbera, hefur einkarekin túlkaþjónusta þurft að leggja upp laupana. Þörfin er hins vegar mjög brýn, t.d. telur geðlæknir að þolendur misnotkunar geti þurft meðferð í allt að fimm ár. Við hana þarf góða táknmálskunnáttu eða öfluga túlkaþjónustu.

Til þess að ástandið breytist, þátttaka heyrnarlausra sé tryggð í samfélaginu og hægt sé að bæta fyrir það misrétti sem heyrnarlausir hafa orðið fyrir þarf fullnægjandi skilning og stuðning stjórnvalda á mikilvægi þess að fjárfesta í táknmálinu; rannsóknum, kennslu og túlkun. Umbun samfélagsins er m.a. aðgengi að mannauði táknmálssamfélagsins.

*Höfundur er forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra.*

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.815 **+0,96%** **Fjöldi viðskipta:** 499 **Velta:** 10.066 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Actavis** | 2,53% | **Flaga** | 1,92% |
| **Straumur-Burðar.** | 1,69% | **Tryggingamiðst.** | 1,08% |
| **Mosaic Fashions** | 1,67% | **365** | 0,64% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 4,65 -0,64% ... Actavis 69,00 +2,53% ... Alfesca 5,00 +1,01% ... Atlantic Petroleum 548,00 +0,00% ... Atorka 6,94 +0,00% ... Bakkavör 62,50 +0,97% ... Eimskipafélagið 33,30 +0,30% ... FL Group 28,20 +1,44% ... Glitnir 24,80 +1,23% ... Kaupþing 905,00 +0,56% ... Landsbankinn 28,80 +0,70% ... Marel 76,00 +0,66% ... Mosaic Fashions 15,20 +1,67% ... Straumur-Burðarás 18,10 +1,69% ... Össur 113,00 +0,44%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Innistæða fyrir hækkunum

**Landsbankinn spáir 20 til 25 prósenta hækkun hlutabréfaverðs á árinu.**

Greiningardeild Landsbankans telur að innistæða sé fyrir töluverðri hækkun á hlutabréfum og spáir 20-25 prósenta hækkun markaðarins á þessu ári. Þetta mat er meðal annars byggt á hagstæðum verðkennitölum félaga sem styðja þá skoðun að markaðurinn sé sanngjarnt verðlagður í alþjóðlegum samanburði. Til samanburðar gera sérfræðingar ráð fyrir að norrænir hlutabréfamarkaðir hækki um 10-15 prósent í ár.

„Útlit er fyrir áframhaldandi fyrirtækjakaup sem veldur því að við teljum líkur á að hækkunartilefni á hlutabréfamarkaði séu jafnvel meiri en verðmöt okkar og vogunarráðgjöf gefa til kynna," segir í afkomuspá bankans sem kynnt var í gærmorgun.



BJÖRN RÚNAR GUÐMUNDSSON

Greiningardeildin býst við að hagnaður þeirra átján Kauphallarfélaga sem hún horfir til hækki um fjórutíu prósent á fjórða ársfjórðungi 2006 samanborið við sama tíma árið áður. Mesta hagnaðaraukningu verður að finna hjá FL Group, Hf. Eimskipafélaginu og Glitni. Af einstökum félögum er FL spáð mestum hagnaði á fjórða ársfjórungi eða 27,8 milljörðum króna og Kaupþingi rúmum 13,2 milljörðum króna. Aftur á móti gerir Landsbankinn ráð fyrir að fimm félög hafi skilað tapi á fjórða ársfjórðungi, en þetta eru 365, Icelandic Group, Icelandair Group, Teymi og Össur.

Bankinn mælir með yfirvogun á hlutabréfum í framleiðslufyrirtækjunum Actavis, Alfesca, Bakkavör og Össuri og telur að þessi félög muni hækka meira en önnur félög á næstu mánuðum. **- eþa**



**JÓN HELGI GUÐMUNDSSON** Nafn Norvikur, félags fjölskyldu Jóns Helga Guðmundssonar sem oft er kenndur við Byko, hefur nú komið í stað Lateko í Lettlandi.

## Lateko verður að Norvik banka

Nafni Lateko banka í Lettlandi hefur verið breytt í Norvik banka. Bankinn er að 51 prósenti í eigu Straumborgar ehf., félags Jóns Helga Guðmundssonar.

Norvik banki er nefndur í höfuðið á félagi fjölskyldu Jóns Helga sem meðal annars rekur BYKO, Kaupás og margvíslegan iðnað í Lettlandi, Rússlandi og Bretlandi tengdan timburframleiðslu. „Er nafnabreytingin framkvæmd í tengslum við nýjar áherslur bankans sem nú er nútímavæddur vestrænn banki," segir í tilkynningu.

Bankinn er sagður með víðfeðmasta afgreiðslunet Lettlands, 14 útibú og 76 minni afgreiðslustaði. Bankinn hagnaðist um 3.424 milljónir lat á síðasta ári eða um 450 milljónir króna. Þetta er samdráttur á milli ára og jafnframt undir áætlunum sem lagt var af stað með í byrjun árs. Minni hagnaður er meðal annars rakinn til þróunarkostnaðar vegna nýrra afurða. **- óká/eþa**



**LEST Í ERMARSUNDSGÖNGUNUM** Rekstrarfélag Ermarsundsganganna vinnur nú að því að minnka skuldir félagsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Gangafélag á kafi í skuldum

Franskur dómstóll hefur dregið til baka greiðslustöðvun rekstrarfélagsins Eurotunnel, sem rekur göngin undir Ermarsund.

Rekstrarfélagið, sem er í eigu Breta og Frakka, hefur átt við viðvarandi rekstrarvanda að stríða allt frá því gangagerðinni lauk árið 1994, en reynir nú að minnka skuldirnar. Samningar hafa sömuleiðis náðst við lánardrottna sem fela í sér að skuldir lækka um tæpan þriðjung, úr 6,2 milljörðum punda eða rúmlega 866 milljörðum íslenskra króna í 2,84 milljarða punda eða tæplega 397 milljarða íslenskra króna.

Rekstrarfélagið hefur í hyggju að nýta næstu þrjú ár til að laga til í rekstrinum. **- jab**




Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

LYFJA - Lifið heil

**Vectavir** krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttist. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Otrivin** nefúðinn og nefdroparnir innihalda xýlómetasólin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólin ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Strepsils** töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst fresti. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt að eina viku. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislík viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnupakkningum. Hverri pakkningu fylgja viðurkenndar leiðbeiningar á íslensku um notkun lyfsins, sem gott er að kynna sér vel. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Voltaren Dolo**® (díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbuprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.



✝

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Vilhjálmur Ólafsson**

bóndi frá Kollsá II,

lést á heimili sínu, Safamýri 44, mánudaginn 8. janúar sl. Kveðjuathöfn fer fram í Háteigskirkju fimmtudaginn 18. janúar klukkan 11.00. Jarðarförin fer fram í Prestbakkakirkju í Hrútafirði föstudaginn 19. janúar klukkan 14.00.

**Ólöf Björnsdóttir**
**Benedikt Sævar Vilhjálmsson** **Guðrún Elísabet Bjarnadóttir**
**Jón Ólafur Vilhjálmsson** **Ester Jónsdóttir**
**Atli Vilhjálmsson** **Álfheiður Vilhjálmsdóttir**
**Birna Vilhjálmsdóttir**
**Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir** **Sólon Lárus Ragnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



✝

*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma*

**Þóra Kristín Eiríksdóttir**

Við athöfnina frumflutti Jóhann ásamt Reyni Jónassyni og Bjarna Sveinbjörnssyni nýtt lag sem ber heitið Seltjarnarnesið. Textinn er eftir Kristján Hreinsson skáld, sem á ættir að rekja á Nesið.

Laginu, sem var sérstaklega samið fyrir þetta tilefni, var einstaklega vel tekið og voru viðstaddir ekki lengi að læra viðlagið.



JÓHANN HELGASON OG SÓLVEIG PÁLSDÓTTIR

Íslendingasagna og að sögn Eggerts er hún einkar dramatísk og vel skrifuð. Þar segir frá því þegar Hrafnkell Freysgoði drepur Einar Þorbjarnarson smalamann fyrir þá sök að ríða hestinum Freyfaxa í leyfisleysi. Í kjölfarið stefnir Sámur Bjarnason Hrafnkatli fyrir vígið og dregur það mál dilk á eftir sér. Eggert áréttar að sýningin hafi breyst töluvert á þessum tíma. „Hún hefur þróast alveg heilmikið og breyst til hins betra. Það verður alltaf ákveðin þróun þegar við leikum fyrir krakkana inni í skólunum – sýningin breytist við þetta návígi og mótast eftir því hvernig salurinn er og viðtökurnar.“

Stoppleikhúsið er eitt víðförlasta leikhús landsins en þar á bæ er leitast við að fara að minnsta kosti einn hring um landið á hverju ári.

Um þessi misserin leikur hópurinn fimm sýningar fyrir áhorfendur á leikskólum og í grunn- og framhaldsskólum.

Eggert segir að fjölbreytnin komi í veg fyrir að nokkur fái leið á efninu þó að sýningarfjöldinn hlaupi nú á tugum.

„Það er mjög skemmtilegt að hoppa svona milli sýninganna en við höfum mjög gaman af og erum stolt af starfinu, sér í lagi með unglingunum en við reynum að sýna nýtt leikrit fyrir þá á hverju ári.

Ég veit ekki til þess að önnur leikhús sinni þeim aldurshópi jafnmarkvisst. Við verðum svo bara að sjá til hversu lengi Hrafnkell endist.“ kristrun@frettabladid.is

## AFMÆLI



**Árni Björnsson** þjóðháttafræðingur er 75 ára.



**Gunnar Kvaran** sellóleikari er 63 ára.



**Björn Bjarndal Jónsson** formaður UMFÍ er 55 ára.



**Guðjón Rúdolf Guðmundsson** tónlistarmaður er 48 ára.



**Arndís Hrönn Egilsdóttir** leikkona er 38 ára.



**Dagný Jónsdóttir** alþingismaður er 31 árs.







## STUÐ MILLI STRÍÐA: Draumurinn um skjótfenginn gróða

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** VILL VERA MEMM.



Mig hefur löngum dreymt um að vinna í „lottói“. Hinn dæmigerða íslenska draum um skjótfenginn gróða sem öllu bjargar. Hef reyndar aldrei farið út í að selja fæðubótarefni eða lagt allt mitt traust á nýtt gos eða súkkulaði. Ég vildi helst vinna í víkingalóttói enda er það mun minni fyrirhöfn heldur en að byggja upp eitthvert fyrirtæki sem byrjar að skila gróða eftir nokkur ár. Þar eru líka miklu hærri fjárhæðir í boði en í hinu íslenska. Vinna tvö hundruð milljónir á einu bretti.

Dagdraumarnir hafa borið mig langa leið. Fyrst af öllu myndi ég borga allar skuldir sem hafa safnast fyrir, skuldir allra fjölskyldumeðlima kæmu síðan í rökréttu framhaldi. Síðan yrði keypt hús eins og ekkert væri eðlilegra og innkaupunum myndi ljúka á tveimur glæsibifreiðum fyrir fjölskyldufólkið. Fólksbíl fyrir innanbæjarakstur og jeppa fyrir öll ferðalögin um landið. Afgangurinn yrði síðan lagður inn á bók en hann nægði að sjálfsögðu til að halda fjölskyldunni uppi án þess að fyrirvinnurnar þyrftu að dýfa hendinni í kalt vatn. Krakkarnir færu utan í einkaskóla og myndu læra „eðlilega“ evrópska kurteisi en væru ekki úti á lífinu um hverja helgi eins og íslenskir jafnaldrar þeirra.

Um hver áramót myndi síðan forstjóri stórfyrirtækis bjóða mér til London á tónleika með einhverri heimsfrægri stórstjörnu. Ég væri ekki lengur einn af þeim sem eru andvaka hverja nóttina á fætur annarri vegna himinhárra yfirdrátta eða ógreiddra íbúðarlána. Gluggapóstar heyrðu sögunni til og ég hefði vart undan við að svara fjölmiðlum sem vildu ólmir fá mig í viðtal og ræða um auðævi mín. Fátt þykir auðugum manni skemmtilegra en að láta alla vita hversu ríkur hann er.

Þegar ég vakna af þessum væra blundi verður mér hins vegar hugsað til spekingslegra orða húsfreyjunnar á Bessastöðum. „Peningar gera þér vissulega auðveldara fyrir en þeir færa þér ekki hamingjuna.“

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**PEUGEOT**

# ÁR SJÖUNNAR

## OPNAR MEÐ SJÖUTILBOÐ

**ALLT AÐ 320.000 KR AFSLÁTTUR Í LJÓNAMERKINU**




H:N markaðssamskipti / SÍA

DÆMI UM AFSLÁTT

| | Tilboðsverð | Verð áður | Afsláttur |
|---|---|---|---|
| 1007 City 1,4 Hdi diesel, 5 gíra | 1.599.000 | 1.919.000 | 320.000 |
| 206 1,4 S-line bensín, 5 gíra | 1.564.000 | 1.664.000 | 100.000 |
| 307 1,4 bensín 5 dyra, 5 gíra | 1.770.000 | 1.885.000 | 115.000 |
| 307 1,6 Station, 5 gíra | 1.990.000 | 2.119.000 | 129.000 |
| 307 1,6 SW bensín 5 gíra | 2.120.000 | 2.256.000 | 136.000 |
| 407 1,8 4dyra bensín 5gíra | 2.090.000 | 2.379.000 | 289.000 |
| 407 SW 2,0 bensín sjálfsk. | 2.630.000 | 2.799.000 | 169.000 |
| 807 2,0 Hdi diesel sjálfsk. 7 manna | 3.765.000 | 3.599.000 | 166.000 |

Bílar á mynd geta verið með aukabúnaði

www.peugeot.is

Ár sjöunnar er runnið upp. Komdu og lyftu þér upp og sjáðu Peugeot 1007, 307, 307 SW, 307 Station, 407, 407 SW og 807 á einstöku sjöutilboði; frábær afsláttarkjör í boði, bílalán og rekstrarleiga. Peugeot sjöan er meistarahönnun með víðáttu í innanrými, hlaðin tækninýjungum og ýmsum völdum búnaði sem þú getur hæglega bætt við, allt eftir þínum óskum og þörfum. Takmarkað magn bíla í skamman tíma. Vertu gáfnaljón, komdu í Bernhard, Vatnagörðum, og tryggðu þér sjöutilboð.

**07**

PEUGEOT

BERNHARD

**BERNHARD** ehf. · Vatnagarðar 24-26 · Sími 520 1100

**Umboðsaðilar:**
Reykjanesbær, **Bernhard**, sími 421 7800 • Akranes, **Bílver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535

AUSTURBÆR

**Brilljantín kynnir POWER OF LOVE (Hið fullkomna deit)**

Verkið er aðeins sýnt í viku. Mið 17. jan kl. 20 / Fim 18. jan kl. 20 / Fös 19. jan kl. 20 / Lau 20. jan kl. 20 / Sun 21. jan kl. 20

**Children Of Loki kynnir 50 WAYS TO LEAVE YOUR LOVER**

Frumsýning Fös 26. jan kl. 20 / Lau. 27 jan kl. 20 / Fös. 2 feb kl. 20 / Lau. 3 feb kl. 20

Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is

Flagari í framsókn — The Rake's Progress — IGOR STRAVINSKY

**FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress e. STRAVINSKY**
**Frumsýning fös. 9. feb. kl. 20 - örfá sæti laus**
2. sýn. sun 11. feb. kl. 20 – 3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20

Landsvirkjun

Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ (ekki á frumsýningu)
Ingibjörg Eyþórsdóttir, tónlistarfræðingur hefur umsjón með kynningunni

**FÁAR SÝNINGAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX**
**ATH! ALLIR 25 ÁRA OG YNGRI FÁ 50% AFSLÁTT AF MIÐAVERÐI Í SAL**

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ




**Stóra sviðið kl. 20:00**

**STÓRFENGLEG!** eftir Peter Quilter.
Lau. 20/1 **nokkur sæti laus**, lau. 27/1, fös. 2/2, fös. 9/2.
Fáar sýningar eftir.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Lau. 20/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 21/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, lau. 27/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 28/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 4/2 **kl. 14:00**, sun. 11/2 **kl. 14:00**.

**BAKKYNJUR** eftir Evripídes.
8. sýn. fim. 18/1 **örfá sæti laus**, fös. 19/1, fös. 26/1.
Hlín Agnarsdóttir flytur fyrirlesturinn "Hvers vegna láta konurnar svona"? í Leikhúskjallaranum kl. 19.00 fyrir sýninguna 18. janúar. Enginn aðgangseyrir.

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
Þri. 16/1 **kl. 20:00** uppselt, mið. 17/1 **kl. 14:30** uppselt, lau. 20/1 **örfá sæti laus**, mið. 24/1 **kl. 14:30** uppselt, **lau 27/1, mið. 7/2** uppselt.
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.

**Kassinn kl. 20:00 forsala hafin**

**SÆLUEYJAN** eftir Jacob Hirdwall. Leikgerð: Gréta María Bergsdóttir og María Ellingsen.
Frumsýning fös. 19/1 uppselt, lau. 20/1 **örfá sæti laus**, fös. 26/1, lau. 27/1, **örfá sæti laus.**

**Kúlan**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 20/1 kl. **11:00 örfá sæti laus**, kl. 12:15 **nokkur sæti laus** og kl. 14:00 uppselt, sun. 21/1 kl. **11:00** uppselt, **kl. 12:15** og **kl. 14:00**, lau. 27/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** uppselt og **kl. 14:00** uppselt, **sun. 28/1 kl. 11:00, kl. 12:15, kl:14:00** uppselt **og kl. 16:00** uppselt, **lau. 3/2 kl. 11:00, 12:15 og kl, 14:00, sun. 4/2 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00.** Síðustu sýningar.

**PÉTUR OG ÚLFURINN** - **Brúðusýning Bernds Ogrodniks eftir verki Prokofievs**
Frumsýning lau. 17/2 kl. 13:30 uppselt og kl. 15:00, sun. 18/2 kl. 13.30 og kl. 15:00

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.**

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR"
DAGUR VONAR

**ÓFAGRA VERÖLD**
Sun 21/1 kl. 20 4.sýning Græn kort
Fös 26/1 kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 28/1 kl. 20
Lau 3/2 kl. 20

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Fös 19/1 kl. 20
Fim 25/1 kl. 20
Fös 2/2 kl. 20
Lau 10/2 kl. 20
Fös 16/2 kl. 20

**SAN FRANCISCO BALLETTINN**
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.

Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 Sun 20/5 kl. 14
Sun 20/5 kl. 20
Miðaverð 4.800

**MEIN KAMPF**
Lau 20/1 kl. 20 AUKASÝNING
Lau 27/1 kl. 20 AUKASÝNING
Síðustu sýningar

**EILÍF HAMINGJA**
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Sun 28/1 kl. 20 Frumsýning UPPSELT
Fös 2/2 kl. 20
Sun 4/2 kl. 20

**DAGUR VONAR**
Fim 18/1 kl. 20 UPPSELT
Sun 21/1 kl. 20 UPPSELT
Fös 26/1 kl. 20 UPPSELT
Lau 3/2 kl. 20
Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýning er hafin.

**AMADEUS**
Lau 20/1 kl. 20
Síðasta sýning

**FOOTLOOSE**
Fim 18/1 kl. 20
Lau 27/1 kl. 20
Síðustu sýningar

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 21/1 kl. 14
Sun 28/1 kl. 14
Sun 4/2 kl. 14
Sun 11/2 kl. 14

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Fös 19/1 kl. 20
Fim 25/1 kl. 20
Síðustu sýningar

**FRÍTT FYRIR 12 ÁRA OG YNGRI**
Börn, 12 ára og yngri fá frítt í leikhúsið í fylgd með forráðamönnum.

* Gildir ekki á barnasýningar og söngleiki.

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

**! Kl. 11.00**
*Færeysku listmálarnir Edward Fuglø, Astri Luihn, Sigrun Gunnarsdóttir, Torbjørn Olsen, Eyðun av Reyni og Ingálvur av Reyni sýna verk sín í menningarmiðstöð Hafnarfjarðar í Hafnarborg. Sýningin stendur til 4. febrúar.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Hvað leynist í skúffunum?*



Verðlaunasjóður íslenskra barnabóka efnir árlega til verðlaunasamkeppni og auglýsir eftir handritum að skáldsögum fyrir börn og unglinga. Sagan skal vera að lágmarki fimmtíu blaðsíður að lengd eða um tuttugu þúsund orð. Ekki er gert ráð fyrir því að verðlaunasagan verði myndskreytt.
Dómnefnd velur besta handritið og kemur það út hjá Eddu útgáfu – Vöku-Helgafelli haustið 2007. Verðlaunin nema fjögur hundruð þúsund krónum auk venjulegra höfundarlauna.
Íslensku barnabókaverðlaunin hafa á undanförnum árum opnað mörgum nýjum höfundum leið út á rithöfundabrautina en á síðasta ári hlutu tvær bækur verðlaunin: Sagan af undurfögru prinsessunni og hugrakka prinsinum hennar eftir Margréti Tryggvadóttur og Halldór Baldursson og Háski og hundakjöt eftir Héðin Svarfdal Björnsson.
Handritin skulu merkt og send til: Verðlaunasjóðs íslenskra barnabóka, Edda útgáfa – Vaka-Helgafell, Síðumúla 28, 108 Reykjavík Handrit á að merkja með dulnefni en rétt nafn höfundar fylgi með í umslagi. Skilafrestur er til 15. febrúar 2007.

# Fólkið í kringum okkur

Þriðja bókin um Karen Karlottu eftir Guðrúnu Helgadóttur, Öðruvísi saga, rekur eftirminnilegt sumar og óvenjulegt ferðalag til Englands. Líkt og í fyrri „Öðruvísi" bókum höfundarins drífur margt á daga Kæju og vina hennar en bakland sögunnar og forsagan sem lesendur kynntust betur í fyrri bókunum tveimur ná nú ákveðnu hámarki í sameiningu fjölskyldunnar. Sagan stendur þó fyllilega ein og sér enda eru helstu atriði fyrri bókanna reifuð í upphafskafla hennar.

Sögumaðurinn Karen Karlotta er ósköp venjuleg tíu ára stelpa sem pælir í mörgu, hún er athugul á umhverfi sitt, gamansöm og umhyggjusöm enda leitar margt á hana - hvort sem það er tengt uppeldisaðferðum, heimspólitík eða tilfinningalífi fólksins sem stendur henni næst.

Bókin er skreytt myndum eftir Önnu Cynthiu Leplar sem undirstrika vel víða tíðarandaskírskotun bókarinnar, myndirnar eru hlýlegar og kómískar og hefðu að ósekju mátt vera fleiri.

Eitt leiðarstef „Öðruvísi" bókanna er hugmynd barna um stríð og átök. Nú kynnist Kæja betur fortíð ömmu sinnar og afa, sem líkt og fjölskylduvinurinn Elísabet upplifðu seinni heimsstyrjöldina, en öll eru þau enn að vinna úr þeirri reynslu sinni. Önnur stríð koma einnig við sögu, hvort heldur í einkalífi eða fréttunum sem Kæja horfir á. Frásögn Kæju er mjög tilgerðarlaus enda hefur höfundurinn afbragðslag á því að ljá börnum raddir í bókum sínum. Kæja er hrifnæm og tilfinningasöm og það gerir hana að enn skemmtilegri sögumanni þó að maður óskaði þess stundum að hún væri ekki svona agalega vel upp alin. Sagan er samt mjög skondin á köflum - grínið er ekki aðeins fólgið í fyndnum aðstæðum heldur getur Kæja líka verið óttalegur grínisti sjálf án þess að vita of mikið að því.

Líkt og í sumum fyrri bóka sinna dregur Guðrún upp fjölskrúðugt persónusafn þar sem hver og einn fær notið sín. Fjölskylda Kæju er langt því frá að vera staðalmynduð kjarnafjölskylda - enda er yfirskrift hennar réttnefni - í fjölskyldunni hafa allir sína kosti og lesti sem auðga frásögnina og gera hana trúverðugri fyrir vikið.

Bókin hentar vel ungum lesendum og er ég viss um að fólk á þeim aldri hefur oft leitt hugann að svipuðum aðstæðum og Kæja hugsar um. Hugleiðingar hennar gætu þannig vakið fleiri spurningar og veitt kjörið tækifæri fyrir hina eldri að ræða við hina yngri um stríðsátök, söguna og ástandið í dag. Það er margt sem Kæja skilur ekki enn í bókarlok þó að hún hafi orðið margs vísari með hjálp fjölskyldu sinnar, en hún er í það minnsta bjartsýn á að skilja það einhvern daginn.

**Kristrún Heiða Hauksdóttir**



**BÆKUR**
**Öðruvísi saga**
Guðrún Helgadóttir, myndlýsingar gerir Anna Cynthia Leplar.
Vaka Helgafell

★★★★

Skemmtileg og vel skrifuð saga um efni sem snerta alla.

## NÝJAR BÆKUR



Þann 9. september síðastliðinn varð Örnólfur Thorlacius, fyrrverandi rektor Menntaskólans við Hamrahlíð, 75 ára gamall. Af því tilefni stóðu vinir hans og velunnarar fyrir útgáfu á vönduðu afmælisriti honum til heiðurs og ber það nafn afmælisbarnsins sjálfs, Örnólfsbók. Í henni er að finna úrval af greinum og útvarpserindum Örnólfs og kennir þar vitaskuld margra grasa. Á meðal kafla eru: Alnæmi, Deyjandi dýrategundir, Fannamenn og furðudýr, Geirfuglinn, Háfjalla- og háloftaveiki, Heimsendir, Hross í hernaði, Ísaldargarðurinn, Svissneski herhnífurinn, Úr sögu hvalveiða og Þrælahald á 21. öld. Þá er þarna að finna ítarlegt viðtal við Örnólf um ævi hans og störf. Ritstjóri bókarinnar er Sigurður Ægisson, sóknarprestur á Siglufirði og þjóðfræðingur, en útgefandi er Bókaútgáfan Hólar.



Hinn 3. desember sl. varð Félag íslenskra atvinnuflugmanna, FÍA, sextíu ára. Í tilefni af þessum tímamótum var gefið út tveggja binda verk og inniheldur það fyrra sögu félagsins í máli og myndum, sem vitanlega er að ýmsu leyti samofin flugsögu Íslands. Þar er t.d. fjallað um upphaf flugs á Íslandi og rakin nokkuð ítarlega saga Flugfélags Íslands hins elsta. Síðara bindið geymir hins vegar flugmannatal. Ritstjóri verksins er Jón Þ. Þór sagnfræðingur en útgefandi þess er Bókaútgáfan Hólar.

# Unnið með almenna ógæfu

Myndlistarmaðurinn Kolbeinn Hugi Höskuldsson heldur óvenjulega sýningu í Nýlistasafninu um þessar mundir. Yfirskrift hennar er „Still drinking about you" en þar veitir hann gestum sínum „einstakt tækifæri til að skyggnast inn í íveru listamannsins jafnframt því að fjalla á fordómalausan hátt um sjúkan hugarheim fíkilsins".

Þetta er fyrsta stóra einkasýning Kolbeins, sem segist hafa unnið talsvert með „almenna ógæfu" í verkum sínum undanfarið.

Tildrög sýningarinnar rekur Kolbeinn til fjölmiðlaumfjöllunar um sitt eigið heimili, en húsið sem hann býr í komst í fréttirnar fyrir nokkru og var í Kastljósþætti bendlað við skuggalegri hliðar borgarlífsins. Kolbeinn hefur nú flutt inn í Nýlistasafnið ásamt samleigjendum sínum og vinum, Elvari og Jóni Pálmari, og munu þeir dvelja þar og búa „í sýningunni" um helgar. „Það mætti segja að allt væri til sýnis en við erum samt ekki að reyna að skapa neina „Big Brother-stemmningu," segir Kolbeinn Hugi. „Fólk getur komið og skoðað okkur ef það vill en við erum frekar að reyna að skapa heimilislega íslenska partístemmningu."

Kolbeinn kveðst vera búinn að breyta Nýlistasafninu í „dópfantasíu" með tilheyrandi innanstokksmunum og eru áhugasamir hvattir til þess að kíkja í heimsókn. Nýlistasafnið er opið virka daga milli klukkan 13 og 17 en um helgar er opið til miðnættis. Næstu laugardaga verða líka skipulagðar uppákomur kl. 21 þar sem óhljóðatvíeykið Snatan Últra kemur mögulega við sögu. „Það er frekar ungt band," útskýrir Kolbeinn, „þeir hafa bara spilað svona þrisvar eða fjórum sinnum á tónleikum áður. Ég myndi segja að þetta væri „vondasta" band á Íslandi - það er einn trommuleikari og annar sem spilar á stereógræjur."

**- khh**



**HEIMILISLEG ÍSLENSK PARTÍSTEMMNING** Kolbeinn Hugi Höskuldsson myndlistarmaður er fluttur inn í Nýlistasafnið ásamt félögum sínum. Þar er nú hægt að upplifa hugarheim fíkilsins.

# VEGNA FRAMKVÆMDA Á SMÁRATORGI

## ÞÁ VILJUM VIÐ BENDA VIÐSKIPTAVINUM Á BÍLASTÆÐI DALVEGS MEGIN OG Í BÍLAKJALLARA




## FRAMKVÆMDUM VERÐUR LOKIÐ 1. APRÍL 2007

Framkvæmdir við bílakjallara undir Smáratorgi hefjast fyrstu vikuna í janúar 2007. Við biðjumst velvirðingar á þeim óþægindum sem framkvæmdirnar kunna að valda viðskiptavinum okkar.
Við biðjum ökumenn og vegfarendur að sýna okkur þolimæði og tillitsemi á framkvæmdatímanum.

SMÁRATORG | Sundaborg 7 | 104 Reykjavík | Sími: 533 2880 | Fax: 533 2881

SMÁRATORG

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is



**KYLIE MINOGUE** Ástralska söngkonan þurfti að fresta tvennum tónleikum vegna veikinda.

# Kylie veik

Ástralska söngkonan Kylie Minogue hefur hætt við að koma fram á tvennum tónleikum vegna veikinda. Kylie er um þessar mundir á tónleikaferð um Bretland sem ber heitið Showgirl Homecoming Tour.

Hún þurfti að hætta tónleikum sínum í Manchester um síðustu helgi eftir klukkutíma dagskrá vegna kvefs. Tónleikum sem hún ætlaði að halda í gærkvöldi og í kvöld hefur einnig verið frestað.

Kylie er á sinni fyrstu tónleikaferð eftir að hafa greinst með brjóstakrabbamein.



**NYLON** Hægt var að finna klámtengla á vefsíðu Nylon.

# Klám á heimasíðu Nylon

**Spjallsvæði virðist vera óvarin fyrir ágangi klámsíðna og nú hefur stúlknasveitin Nylon orðið fyrir barðinu á óforskömmuðum netverjum.**

Tengla á klámsíður var að finna á spjallsvæði stúlknasveitarinnar Nylon sem starfrækt er á heimasíðu sveitarinnar og fór fréttin eins og eldur um sinu á netheimum í gær. Á tenglasíðunni b2.is mátti finna vísun yfir á svæðið og þar mátti glögglega sjá ósiðsamlega fullorðinstengla sem ekki eiga heima hjá jafn barngóðri sveit og Nylon.

Einari Bárðarsyni, umboðsmanni sveitarinnar, var augljóslega brugðið þegar Fréttablaðið bar þetta undir hann. Hann sagði að aðilar sem störfuðu fyrir Nylon í Bretlandi fylgdust vel með þessu og væru duglegir við að henda út þessum óþverra. „Því miður er þetta ekki eina vefsíðan sem verður fyrir barðinu á óprúttnum aðilum sem planta svona viðbjóði á spjallsvæðum,“ útskýrði Einar en hann hafði ekki séð þessa tengla sjálfur. „Ég er mjög óhress með þetta enda taldi ég mig vera með menn í vinnu sem ættu að koma í veg fyrir að svona hlutir gætu gerst,“ bætti Einar við og sagðist ætla að ganga í málið af fullum krafti.

Einar taldi þetta vissulega bagalegt ástand í ljósi þess að gestir heimasíðunnar væru oft saklaus börn og unglmenni sem vildu fylgjast með gangi mála hjá sveitinni. Hann sagði að farið yrði strax í að leita leiða og lausna sem kæmu í veg fyrir að svona nokkuð gerðist aftur.

freyrgigja@frettabladid.is



**EINAR BÁRÐARSON** Taldi bagalegt að svona tenglar gætu birst á spjallsvæði sveitarinnar.

# Leitar að barnfóstru

Madonna leitar nú logandi ljósi að barnfóstru fyrir son sinn, David Banda, sem hún ættleiddi frá Malaví í október. Leitin hefur staðið yfir frá því í desember og hefur söngkonan fengið vinkonur sínar, þær Stellu McCartney og Gwyneth Paltrow, í lið með sér. Það munu vera miklar kröfur Madonnu sem hrekja umsækjendurna frá; hún ætlar barnfóstrunni að búa undir sama þaki og börnin og bannar allar heimsóknir. Þar sem börn Madonnu fá ekki að horfa á sjónvarp verður barnfóstrunni einnig neitað um það. Kunnugir segja að söngkonan sé orðin nokkuð stressuð yfir barnfóstruleysinu, en hún er nú þegar með hóp manna í vinnu við að líta eftir hinum börnum hennar, þeim Lourdes og Rocco.



**KRÖFUHÖRÐ** Madonna leitar logandi ljósi að barnfóstru, en kröfuharka hennar virðist hrekja umsækjendurna frá.
FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS


ICELANDAIR OG WWW.KAUPMANNAHOFN.DK KYNNA:

STUÐMENN OG SÁLIN
Í KÖBEN 18. APRÍL 2007

ÍSLENSKA/SIA.IS/ICE 35626 1/07



VERÐ FRÁ 59.700 KR.* Á MANN Í TVÍBÝLI

Hljómsveitirnar Sálin hans Jóns míns og Stuðmenn á sameiginlegum tónleikum í Cirkusbygningen. Hljómsveitirnar leika til skiptis undir borðhaldi og síðan fyrir dansleik. Þriggja rétta kvöldverður. Stanslaust, íslenskt fjör eins og það getur best orðið til kl. 2:00. Leynigestur úr heimi tónlistarinnar. Kynnir kvöldsins: Þorvaldur Flemming.

+ Nánari upplýsingar á www.icelandair.is

Safnaðu Vildarpunktum
VISA Punktarnir upp í · Ferðaávísun gildir

WWW.ICELANDAIR.IS




**ÁSGEIR OG LIMMAN** Guli eðalvagninn hefur notið mikilla vinsælda hjá skólakrökkum.

# Guli eðalvagninn til sölu á 25 milljónir

„Hún var bara skráð hjá okkur fyrir helgi,“ segir Þröstur Brynjólfsson hjá bílasölunni Bílalind en guli Hummer-eðalvagninn sem Ásgeir Davíðsson, oftast kenndur við Goldfinger, hefur gert út er til á skrá hjá bílasölunni. Þröstur segir að enn hafi ekki borist margar fyrirspurnir enda sé tiltölulega stuttur sölutími liðinn en hann bjóst fastlega við því að bílinn myndi seljast.

Eðalvagninn er verðlagður á 25 milljónir og segir Þröstur það síður en svo of mikið. „Þetta er bíll með öllu,“ útskýrir hann. „Og ef þú horfir á hann sérðu strax að bíllinn er vel þess virði,“ bætir Þröstur við.

„Við erum bara að athuga hvort hann seljist,“ segir Jón Kristinn Ásgeirsson, sonur Ásgeirs, hjá GoldLimmo sem hefur séð um reksturinn á bílnum. „Þetta er bara smá tilraun,“ bætir hann við og áréttar að fyrirtækið sjálft sé ekki að hætta. „Við höfum verið að skoða aðra bíla og þá helst minni og af annarri gerð,“ segir Jón Kristinn. „Það er góður markaður fyrir svona bíla og það hefur verið allt brjálað að gera hjá okkur síðan við byrjuðum með þennan bíl,“ segir hann.

Guli eðalvagninn er án nokkurs vafa eitt frægasta ökutæki landsins og hefur notið mikilla vinsælda hjá framhaldsskólakrökkum fyrir skólaböll. Þá greindu fjölmiðlar einnig frá því að GoldLimo hefði reynt að markaðssetja eðalvagninn fyrir fermingarbörn í fyrravor.



**VEL ÞESS VIRÐI** Eðalvagninn er verðlagður á 25 milljónir og þykir vel þess virði.



**EAU DE AGUILERA?** Christina Aguilera fetar í fótspor söngsystra sinna á borð við Britney Spears og Jennifer Lopez og sendir frá sér ilmvatn í lok árs.

# Sendir frá sér ilmvatn

Christina Aguilera ætlar að gefa út ilmvatn undir sínu nafni. Söngkonan mun slást í lið með Procter and Gamble til að framleiða ilmvatnið, en hún segir fyrirtækið vera tilvalinn félaga. Aguilera segist unna því að prófa nýja hluti í tónlist og tísku, og eigið ilmvatn sé þannig upphafið á skemmtilegu ævintýri. Söngkonan er þó ekki ein um ævintýrið. Hún fetar í fótspor frægra kvenna á borð við Jennifer Lopez, Sarah Jessica Parker, Beyoncé Knowles, Britney Spears og Kylie Minogue.



**STOMP THE YARD** Dansmyndin fór beint á topp bandaríska aðsóknarlistans.

# Dansmynd á toppinn

Dansmyndin Stomp the Yard fór beint á topp bandaríska aðsóknarlistans um síðustu helgi. Þar með lauk sigurgöngu myndar Ben Stiller, Night at the Museum, sem hafði setið í þrjár vikur á toppnum.

Stomp the Yard kostaði „einungis“ 1,1 milljarð í framleiðslu en tók inn rúma 1,5 milljarða í miðasölunni. Myndin fjallar um hæfileikaríkan dansara sem tekur þátt í danskeppni til að vinna hjarta stúlku einnar.

Í þriðja sæti var myndin The Pursuit of Happyness með Will Smith í aðalhlutverki. Hefur Smith verið orðaður við Óskarsverðlaunin fyrir frammistöðu sína.



**LÆTUR GOTT AF SÉR LEIÐA** Britney Spears gaf heimilislausum manni í Los Angeles 300 dollara.

# Britney gerist gjafmild

Britney Spears kom flækingi sem varð á vegi hennar í Los Angeles skemmtilega á óvart í síðustu viku, þegar hún gaf honum 300 dollara, eða um 21.000 krónur. Söngkonan hafði nýlega tekið háa upphæð út úr hraðbanka þegar hún staðnæmdist á rauðu ljósi. Á meðan hún beið dreif heimilislausan mann að bílnum. Britney ku hafa skrúfað niður rúðuna og rétt manninum seðlabúntið með ósk um gott gengi og gleðilegt ár. Manninum var víst afar brugðið, enda ekki á hverjum degi sem honum áskotnast slíkar upphæðir. Heimildir Us Weekly herma að fjárgjöfin sé hluti af nýrri stefnu Britneyjar, sem vilji láta gott af sér leiða á árinu.

# Stiller leikstýrir Tropic Thunder

Gamanleikarinn Ben Stiller verður leikstjóri, aðalleikari og annar handritshöfunda kvikmyndarinnar Tropic Thunder sem er væntanleg í bíó á næsta ári.

Í myndinni mun Stiller leika hasarmyndahetju sem á í slagtogi við fjórar aðrar karlkyns hetjur sem þurfa að taka á öllu sem þær eiga þegar allt fer úrskeiðis við gerð nýrrar kvikmyndar með þeim í aðalhlutverki.

Þetta verður fyrsta myndin sem Stiller leikstýrir síðan hann sendi frá sér Zoolander árið 2001. Nýjasta mynd hans, Night at the Museum, hefur slegið rækilega í gegn í Bandaríkjunum þar sem hún var í þrjár vikur í toppsæti aðsóknarlistans.



**BEN STILLER** Gamanleikarinn knái ætlar að leikstýra myndinni Tropic Thunder.

# Jessica enn í sárum

Jessica Simpson segist enn þjást eftir skilnaðinn við Nick Lachey. „Það koma enn stundir þegar ég þjáist svo mikið að ég get varla andað,“ segir Jessica. „Ég elska Nick af öllu hjarta og hann er enn góður vinur. Hann er hluti af mér enda ólumst við upp saman. Ég varð ástfangin af honum þegar ég var 19 ára. Það er ungt,“ segir hún enn fremur. Jessica er 26 ára og hafði verið gift Lachey í þrjú ár þegar þau skildu í júní í fyrra.

Jessica heldur því enn fremur fram að hún hafi áhyggjur af því að hún muni aldrei geta verið með öðrum karlmanni, hún sé svo fræg að karlmenn hræðist hana. Það breytir því þó ekki að Jessica hefur nýverið verið orðuð við Adam Levine, söngvara Maroon 5, og leikarann Zach Braff úr sjónvarpsþáttunum Nýgræðingum, Scrubs.



**MEÐAN ALLT LÉK Í LYNDI** Jessica og Nick voru vinsælt par. Meðal annars voru gerðir raunveruleikaþættir um líf þeirra eftir að þau giftu sig.

*Útsalan hefst í dag • Útsalan hefst í dag • Útsalan hefst í dag • Útsalan hefst í dag*

ÚTSALA

*Útsalan hefst í dag • Útsalan hefst í dag • Útsalan hefst í dag • Útsalan hefst í dag*

ÚTSALA

*Útsalan hefst í dag • Útsalan hefst í dag • Útsalan hefst í dag • Útsalan hefst í dag*

ÚTSALA

HB HERRAFATAVERSLUN BIRGIS

FÁKAFENI 11 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 553 1170




**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| APOCALYPTO | kl. 5, 8 og 10.55 B.I. 16 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5, 8 og 10.55 |
| THE BLACK DAHLIA | kl. 8 og 10.35 B.I. 16 ÁRA |
| LITTLE MISS SUNSHINE | kl. 3.40 og 8 B.I. 7 ÁRA |
| KÖLD SLÓÐ | kl. 5.45, 8 og 10.15 B.I. 12 ÁRA |
| ARTÚR OG MÍNIMÓARNIR ÍSL. TAL | kl. 3.40 |
| ERAGON | kl. 3.40 og 5.50 B.I. 10 ÁRA |
| CASINO ROYALE | kl. 10.15 B.I. 14 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 5.50 B.I. 12 ÁRA |

MIÐASALA Í SMÁRABÍÓ OG REGNBOGANN Á midi.is

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| APOCALYPTO | kl. 6 og 9 B.I. 16 ÁRA |
| LITTLE MISS SUNSHINE | kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA |
| CASINO ROYALE | kl. 6 og 9 B.I. 14 ÁRA |
| MÝRIN W.ENGLISH SUBTITLES | kl. 5.50 og 8 B.I. 12 ÁRA |
| BORAT | kl. 10.15 B.I. 12 ÁRA |

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| APOCALYPTO | kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA |
| KÖLD SLÓÐ | kl. 6 og 8 B.I. 12 ÁRA |
| TENACIOUS D | kl. 10 B.I. 12 ÁRA |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

midi.is BÍÓ.IS – allt á einum stað







**LOST** Ekki er vitað hvenær bandaríska þáttaröðin mun ljúka göngu sinni.

# Endirinn ræddur

Framleiðendur þáttaraðarinnar Lost eru í viðræðum við sjónvarpsstöðina ABC um hvenær þættirnir eigi að enda.

Ekki er búist við að þættirnir ljúki göngu sinni á næstunni en framleiðendurnir vilja hafa það á hreinu hvenær lokaþátturinn verði til að auðveldara sé að skipuleggja komandi þætti.

Dregið hefur úr áhorfi á þriðju þáttaröð Lost bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum. Framleiðendurnir segja þó ekki mikið að marka það því fyrstu tvær þáttaraðirnar hafi náð svo gríðarlegum vinsældum að erfitt sé að halda í við þær.

Engu að síður vilja þeir hætta með þáttaröðina á toppnum. Þættirnir The X-Files hafi til að mynda gengið tveimur þáttaröðum of lengi, sem þeir vilji ekki að eigi sér stað með Lost.






# Hasarinn á vel við mig

**Guðjón Davíð Karlsson hefur leikið í tæplega 250 sýningum hjá Leikfélagi Akureyrar síðasta árið, sem mun vera met.**



**GUÐJÓN DAVÍÐ** „Þetta var einhver besta ákvörðun sem ég hef tekið. Kærastan mín kom með mér og skellti sér í hjúkrunarnám við Háskólann á Akureyri og við erum alsæl hér," segir Guðjón. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

„Ég er búinn að leika í 248 sýningum á rúmlega 13 mánuðum," segir Guðjón Davíð Karlsson leikari, sem mun á næstu dögum frumsýna sitt sjöunda leikrit með Leikfélagi Akureyrar. Samkvæmt Magnúsi Geir Þórðarsyni leikhússtjóra telst það met en Guðjón segist ekki vita hvort það sé rétt. „Mér líður allavega eins og ég hafi farið í framhaldsnám. Hlutverkin hafa verið fjölbreytt og flest verkin sem Magnús Geir hefur valið eru sjóðheit verk sem slegið hafa í gegn í Evrópu. Magnús er kraftaverkamaður og það hefur verið ofsalega gaman og mikill heiður að fá að vinna með honum."

Leikfélag Akureyrar frumsýnir verkið Svartan kött eftir Martin McDonagh hinn 20. janúar. Guðjóni Davíð líst vel á verkið og segir allt að smella saman fyrir frumsýninguna. „Þetta er fyndin og skemmtileg sýning og höfundurinn nær að skrifa skemmtilegar persónur sem allar glíma við sín vandamál. Eins og við þekkjum öll eru þessi vandamál ofsalega stór fyrir þeim sem í þeim lenda þótt þau séu lítil séð utan frá. Helsti höfuðverkurinn við verkið er tveir kettir sem leika í sýningunni en ég hef aldrei leikið með eins miklum prímadonnum. Þeir skilja þetta ekki alveg greyin og ef þeir eru ekki í stuði er erfitt að eiga við þá enda sterkir karakterar," segir Guðjón en bætir við að hingað til hafi atriðin með köttunum gengið stóráfallalaust fyrir sig. „Ég og Þráinn Karlsson vorum mikið klóraðir á fyrstu æfingunni en höfundurinn skrifaði tvo enda á verkið svo það er undir köttunum komið hvorn endann áhorfendur fá að sjá."

Guðjón kom beint norður til Akureyrar eftir að hafa útskrifast úr leiklistardeild Listaháskóla Íslands og sér ekki eftir því. „Þetta var einhver besta ákvörðun sem ég hef tekið. Kærastan mín kom með mér og skellti sér í hjúkrunarnám við Háskólann á Akureyri og við erum alsæl hér," segir hann og bætir við að áður hafi hann verið mikið borgarbarn. „Í dag lít ég á mig sem Akureyring og vona að Akureyringar taki mér sem slíkum. Þetta er yndislegur bær og hér býr gott fólk," segir Guðjón með hörðum hreim á norðlenska vísu.

Auk þess að æfa og sýna í leikhúsinu er Guðjón að leikstýra. „Ég er að leikstýra Galdrakarlinum í Oz í Brekkuskóla og Draumi á Jónsmessunótt í Menntaskólanum á Akureyri og hef mjög gaman af að vinna með krökkunum. Ég lít á sjálfan mig sem hálfgerðan unglíng svo við erum miklir jafningjar. Þessi hasar á vel við mig, það er í nógu að snúast og þannig vil ég hafa það." **indiana@frettabladid.is**

# Bauer mætir sterkur til leiks

Fyrstu fjórar klukkustundirnar í sjötta sólarhringnum í lífi hryðjuverkamannabanans Jack Bauer eru sýndar í tveimur tvöföldum þáttum í bandarísku sjónvarpi á sunnudags- og mánudagskvöld. The New York Times birti gagnrýni um þessa fjóra 24-þætti fyrir helgi og miðað við þann dóm er óhætt að segja að nýja þáttaröðin lofi góðu.

Sólarhringurinn hefst á því að hópur sjálfsmorðssprengjuárásarmanna sprengja upp strætisvagna og neðanjarðarlestir víðs vegar um Bandaríkin. Í framhaldinu kemur í ljós að mikil ógn vofir yfir landinu og það er því ekki annað til ráða en að fá Jack Bauer til þess að skakka leikinn. Þegar skilið var við Bauer í lok fimmtu þáttaraðar var hann á leið í kínverskt fangelsi en bandarísk yfirvöld fá hann lausan gegn háu gjaldi og hann tekur til óspilltra málanna.



Gagnrýnandi blaðsins segir þættina enn halda góðum dampi og þeir séu merkilega ferskir. Þessir fjóra þætti bendi jafnvel til þess að nýja serían verði sú besta hingað til. Jack er þó ekki í toppformi sjálfur, er laskaður eftir illa meðferð í Kína og er fullur efasemda um að hann sé starfi sínu vaxinn. Hann þarf í ofanálag að þola kunnuglegt skilningsleysi æðstu stjórnenda, sem virðast seint ætla að læra að taka mark á hugboðum hetjunnar.

Íslenskir aðdáendur Bauers þurfa svo ekki að bíða lengi eftir að fá að njóta samvista við kappann en sýningar á 24 hefjast á Stöð 2 í lok janúar.

**24** Kiefer Sutherland leikur uppgefinn Jack Bauer eftir erfiða dvöl í Kína en hann þarf sem fyrr að taka á honum stóra sínum í endalausri baráttu við hryðjuverkamenn.







## Háskólabíó

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| THE PRESTIGE | kl. 6 - 9 - 10:20 | B.i.12 | KÖLD SLÓÐ | kl. 5:50 - 8 | B.i. 16 |
| THE CHILDREN OF MEN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.16 | DÉJÁ VU | kl. 10:30 | B.i. 12 |
| THE HOLIDAY | kl. 5:30 - 8 | B.i. 7 | THE DEPARTED | kl. 10:30 | B.i. 16 |
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 5:30 - 8 | B.i. 16 | | | |

## SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| THE PRESTIGE | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | B.i.12 | THE CHILDREN OF MEN | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | B.i.16 |
| THE PRESTIGE VIP | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | | FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 3:20 - 5:40 | Leyfð |
| EMPLOYEE OF THE MONTH | kl.5:40 - 8 - 10:20 | | HAPPY FEET M/-Ensk tal. | kl. 3:20 | Leyfð |
| STRANGER THAN FICTION | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | Leyfð | SKOLAÐ Í BURTU Ísl tal. | kl. 3:20 | Leyfð |
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 8 - 10:40 | B.i.16 | | | |

## SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE PRESTIGE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.12 | |
| STRANGER THAN FICTION | kl. 8:10 - 10:30 | Leyfð | |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 5:50 | Leyfð | DIGITAL |
| HAPPY FEET M/-Ensk tal. | kl. 5:50 - 8:10 | Leyfð | DIGITAL |
| DÉJÁ VU | kl. 10:30 | B.i.12 | DIGITAL |

## SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE PRESTIGE | kl. 8 - 10:30 | B.i. 12 |
| EMPLOYEE OF THE MONTH | kl. 8 | B.i. 12 |
| STRANGER THAN FICTION | kl. 10:10 | B.i. 7 |

## SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HAPPY FEET | kl. 6 | Leyfð |
| THE PRESTIGE | kl 8 - 10:20 | B.i. 12 |
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl 5:40 | B.i. 16 |
| THE CHILDREN OF MEN | kl 8 - 10:20 | B.i. 16 |

www.SAMbio.is  575 8900  www.SAMbio.is




# Brellur og bellibrögð

Fáir leikstjórar hafa gert sig gildandi af álíka slagkrafti og enski leikstjórinn Christopher Nolan, sem kom sér rækilega á kortið með hinni frábæru mynd Memento auk þess sem Leðurblökumaðurinn gekk í endurnýjun lífdaga í hans meðförum. Í þeirri síðari leiddu hann og Christian Bale saman hesta sína og endurtaka nú leikinn í The Prestige, sem er síst til þess fallin að rýra orðstír Nolans sem eins áhugaverðasta kvikmyndagerðarmanns í Hollywood í dag.

The Prestige byggir á samnefndri skáldsögu Christophers Guest og gerist á Englandi um aldamótin 1900. Hún segir frá sjónhverfingamönnunum Alfred Borden og Robert Angier, leiknum af þeim Bale og Hugh Jackman, félögum sem kastast í kekki með svo úr verður hatrömm og stigmagnandi deila þar sem þeir kosta öllu til að stela leyndarmálum hvors annars og jafnvel mannslíf mega missa sín. Um söguþráðinn er annars best minnst að segja, eitt af einkennum Nolans er krefjandi frásagnarháttur sem í þessu tilfelli skiptist í þrennt og fléttast saman eftir því sem á líður. Og virkar fjandi vel lengst framan af. Nolan skapar rafmagnað andrúmsloft (í orðsins fyllstu merkingu) sem magnast upp eftir því sem þráhyggjan bítur sig fastar í keppinautana.

Sjónhverfingar skipa eðli málsins samkvæmt stóran sess í myndinni, sem ljær henni meiri dýpt fyrir vikið. Vísbendingarnar eru hins vegar fleiri en villuljósin og of miklu púðri er eytt í að afhjúpa ráðgátuna í lokin sem ólíklegt er að muni skilja nokkurn eftir gapandi af undrun.

Bale og Jackman eru í fínu formi í aðalhlutverkunum og myndin er í raun áhugaverðari fyrir karakterstúdíuna en annað. Michael Caine kann sína rullu upp á tíu fingur og Rebecca Hall og Scarlett Johansson eru fínar í hlutverkum sínum. David Bowie er skemmtilegur í hlutverki hugvitsmannsins Nikola Tesla, en dulúðin sem hefur sveipast í kringum nafn hans og ævistarf nýtist skemmtilega.

Þegar öllu er á botninn hvolft er The Prestige enn ein rósin í hnappagat Nolans; hugvitssamleg mynd sem hefði þó getað orðið enn betri ef betur hefði verið búið um hnútana í lokin.

Bergsteinn Sigurðsson

**KVIKMYNDIR**

**The Prestige**

Leikstjóri: Christopher Nolan

Aðalhlutverk: Hugh Jackman, Christian Bale, Scarlett Johansson og Michael Caine.

★★★

Hugvitssamleg og krefjandi að hætti Nolans, en líður fyrir losaraleg endalok.

# Úr skugga Davids Beckham

**Félagaskipti Davids Beckham frá spænska stórliðinu Real Madrid til L.A. Galaxy hafa vakið furðu og undran margra knattspyrnuforkólfa. Victoria er hins vegar sögð vera í skýjunum.**



**VICTORIA** Nýtur þess að hafa komið sér undan skugga mannsins síns en fjölmiðlar fagna ekki hvað síst komu hennar til Bandaríkjanna.

„David Beckham? Er það ekki maðurinn hennar Victoriu?“ sagði bandarísk húsmóðir þegar hún var innt eftir viðbrögðum sínum við félagaskiptum Davids til L.A. Galaxy. Victoria hefur verið aðalumfjöllunarefnið í bandarískum fjölmiðlum enda fastagestur á forsíðum slúðurblaðanna í Bandaríkjunum undanfarin ár. Kaninn þekkir vel til Victoriu frá árunum með Spice Girls og hún hefur náð nokkrum vinsældum vestra með gallabuxnalínu sinni fyrir Rock og Republic en meðal þeirra sem hafa klæðst flíkum Victoriu eru ofurfyrirsætan Elle Macpherson og leikkonan Scarlett Johansson.

Victoria nýtur mikils stuðnings frá Simon Fuller, umboðsmanni þeirra hjóna hjá afþreyingarfyrirtækinu 19 Entertainment. Fuller var maðurinn á bak við Spice Girls-ævintýrið og er þegar farinn að toga í alla sína spotta, rær nú öllum árum að því að útvega Victoriu hlutverk í sjónvarpsþáttunum Aðþrengdar eiginkonur. Og „Fína kryddið“ hyggst ekki láta staðar numið við leiklistina. Hún undirbýr nýtt merki undir nafninu DVB (David/Victoria/Beckham) sem á að framleiða sólgleraugu, hliðartöskur og gallabuxur. Ef af þessu verður gæti verðmæti vörumerkis Beckham-hjónanna hlaupið á hundruðum milljarða og Victoria verður andlit þess.

Victoria á þegar í góðu sambandi við stóru nöfnin í Hollywood. Með vinfengi sínu við Tom Cruise og Katie Holmes hefur hún komist í kynni við Will Smith og Jada Pinkett Smith, Jim Carrey og Jenny McCarthy og Jennifer Lopez og Marc Anthony. Victoria hefur kynnt sér kenningar Vísindakirkjunnar, sem tekið hefur upp á sína arma margar af stærstu stjörnum Englaborgarinnar. „Ég hef rætt við Tom um trúna hans og mér finnst það sem þau gera vera mjög flott,“ lét Victoria hafa eftir sér fyrir skömmu en það þykir gefa góða raun fyrir fólk á uppleið að tileinka sér þessi trúarbrögð.

Victoria svífur um á bleiku skýi þessa dagana og á eftir að njóta þess að vera í kastljósi fjölmiðlanna, jafnvel meira en sjálfur David Beckham. Flestir Bandaríkjamenn halda enda að knattspyrna sé íþrótt hugsuð fyrir konur og börn.



**DAVID BECKHAM** Fæstir Bandaríkjamenn vita hver David Beckham er nema þá sem maðurinn hennar Victoriu.

**TOM OG KATIE** Victoria er góð vinkona Katie Holmes og Tom Cruise en með því sambandi hefur hún komist í kynni við margar af stærstu stjörnum Hollywood.


Allt að 70% afsláttur

Úrval ljósa á frábæru verði!

ÚTSALA

Rafkaup

Ármúla 24 • S: 585 2800

Opið virka daga frá kl. 9-18 og laugardaga frá kl.11-16

zetor

## > Andri Stefan ristarbrotinn

Handboltakappinn Andri Stefan, leikmaður Hauka, gengur um á hækjum þessa dagana enda er hann ristarbrotinn. Það er bót í máli fyrir Hauka að Andri skuli meiðast meðan frí er í DHL-deildinni vegna heimsmeistarakeppninnar í handbolta. Óvissa er með þátttöku Andra í fyrstu leikjunum eftir HM-fríið en hann ætti að öllu jöfnu ekki að missa af mörgum leikjum.



**sport**

sport@frettabladid.is

RAGNAR ÓSKARSSON: Á VON Á SÍNU FYRSTA BARNI Í BYRJUN FEBRÚAR

# *Vildi helst vera á tveimur stöðum í einu*

Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari í handbolta kynnti í gær hópinn sem fer til Þýskalands og spilar á heimsmeistaramótinu sem hefst þar á föstudag. Meðal þeirra er leikstjórnandinn Ragnar Óskarsson sem hefur að mörgu öðru að huga en handbolta þessa dagana. Hann og kona hans eiga von á sínu fyrsta barni í upphafi febrúar og því hætt við því að hann missi af fæðingunni ef gengi íslenska liðsins verði gott í Þýskalandi.

„Barnið á að koma í heiminn 10. febrúar og get ég bara krosslagt fingur og vonað að hún muni ekki eiga fyrr en eftir mótið. Það er í raun ekki flóknara en það," sagði Ragnar.

Kona hans er frönsk en þau eru búsett í París. Þau hafa fengið að vita að það sé von á stúlku og segir Ragnar að hann hlakki mikið til að takast á við föðurhlutverkið.

„Þetta er mjög spennandi. Ég get nú ekki sagt að allt heimilið sé orðið undirlagt bleikum barnafötum en ömmurnar eru eitthvað byrjaðar að prjóna." Aðspurður segir hann ætla að bíða með að setja handbolta í hendur stúlkunnar. „Ég ætla að gefa henni tækifæri til þess að ákveða sig sjálf hvað hún tekur sér fyrir hendur," sagði hann í léttum dúr.

Ragnar játar því að það sé erfitt að vera fjarverandi á tíma sem þessum. „Jú, vissulega. Ég vildi helst vera á tveimur stöðum í einu en það er víst ekki hægt. Ég neita því ekki að það getur verið erfitt að einbeita sér þessa dagana."



Ragnar og fjölskylda hans mun svo flytja til suðurhluta Frakklands en hann samdi við Nimes nú um áramótin til þriggja ára. „Það verður spennandi að búa í þessum hluta Frakklands. Ég hef prófað að búa í norðurhluta Frakklands í nokkur ár og nú París. Það er gott að geta nýtt handboltann til að spila í sterkri deild og upplifa nýja og spennandi hluti."

2007 GERMANY HANDBALL WORLD CHAMPIONSHIP

**3** DAGAR Í HM Í ÞÝSKALANDI

Undirbúningur fyrir HM:

## Svíar flengdu Norðmenn

**HANDBOLTI** Svíar unnu 13 marka sigur á Norðmönnum, 22-35, í Haukelandshallen í Bergen, í lokaleik norska liðsins fyrir HM í handbolta.

Norska liðið hefur verið á mikilli siglingu í síðustu leikjum og vann meðal annars með 12 marka mun á Íslandi.

Svíar voru sjö mörkum yfir í hálfleik, 18-11, og tryggðu sér með sigrinum sigur á þriggja þjóða mótinu í Noregi en þriðja liðið var Portúgal. Kim Andersson skoraði 9 mörk fyrir Svía og Martin Boquist gerði 6 en Frank Løke var markahæstur Norðmanna með 5 mörk. . - óój



**VALA FLOSADÓTTIR** Náði mesta afreki íslenskrar íþróttakonu á ÓL í Sydney 2000.

Menningarsjóður Glitnis:

## 20 milljónir til kvennaíþrótta

**FJÁRMÁL** Menningarsjóður Glitnis hefur lagt fram 20 milljónir króna til að stofna Afrekskvennasjóð Glitnis og ÍSÍ en sjóðsstjórnin tók við styrknum í nýárshófi Glitnis.

Sjóðnum er ætlað að vera hvatning og stuðningur við afreksíþróttakonur úr einstaklings- og hópíþróttum, sem stefna að frekari árangri í íþrótt sinni. Sjóðsstjórn skipa þrjár valinkunnar konur sem allar hafa komið að starfi íþróttahreyfingarinnar; þær Svafa Grönfeldt rektor Háskólans í Reykjavík sem er formaður sjóðsstjórnar, Vala Flosadóttir stangarstökkvari og bronsverðlaunahafi á Ólympíuleikunum í Sydney 2000 og Vanda Sigurgeirsdóttir knattspyrnukona og knattspyrnuþjálfari. - óój

# Getum gert góða hluti á HM ef við sleppum við frekari meiðsli

**Alfreð Gíslason, landsliðsþjálfari í handbolta, valdi í gær 17 manna leikmannahóp sem fer á HM í Þýskalandi. Alfreð segir að íslenska liðið geti vel gert góða hluti á mótinu en minnir á að liðið má vart við frekari skakkaföllum. Hann hefur ekki sett sér önnur takmörk í augnablikinu en að komast upp úr riðlinum.**

**HANDBOLTI** Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari tilkynnti í gær leikmannahóp sinn fyrir HM á blaðamannafundi í gær. Við sama tækifæri var skrifað undir nýja styrktarsamninga við Kaupþing og Kempa til þriggja ára. Alfreð valdi 17 leikmenn í hópinn en aðeins má tefla fram 16 leikmönnum hverju sinni. Markús Máni Michaelsson mun hvíla í riðlakeppninni en gæti komið inn á seinni stigum. Leyfilegt er að skipta út tveim leikmönnum fyrir keppni í milliriðlunum og svo aftur eftir milliriðlana. Má þá velja leikmenn úr 28 manna hópnum sem sendur var inn til IHF fyrir nokkru.

„Hópurinn var nokkuð klár eftir Danmerkurferðina enda tóku Björgvin og Sigfús ekki þátt í Tékkaleikjunum," sagði Alfreð eftir blaðamannafundinn í gær. Alfreð tekur þrjá markverði út og þar af eru tveir - Roland og Hreiðar - sem geta ekki spilað heilan leik.

Alfreð gerir þó ekki ráð fyrir að vera nokkru sinni með þrjá markverði á skýrslu. Meiðslastaðan á leikmönnum sem geta leikið í stöðu vinstri skyttu er nokkuð áhyggjuefni. Einar Hólmgeirsson er frá, Ólafur Stefánsson er slæmur í öxlinni og Alexander Petersson er meiddur á ökkla. Alfreð hefur spilað Ásgeiri Erni aðallega í skyttustöðu fyrir Ólaf en sumir vilja sjá Alexander einnig spila fyrir utan.

„Það kemur til greina að setja Alex í skyttustöðu en ég sé það fyrir mér ef ég set Ólaf á miðjuna," sagði Alfreð, sem býst við að nota Ásgeir Örn talsvert enda getur hann leikið bæði sem skytta og hornamaður og er sterkur varnarmaður. Alfreð hefur verið að prófa ýmislegt í varnarleiknum í síðustu leikjum og prófað margar útfærslur í varnarlínunni. Er hann búinn að finna þá línu sem hann vill helst halda sig við?

„Sterkasta vörnin hjá okkur er með Sverre og Sigfús saman. Við munum halda áfram að spila okkar 5/1 vörn og svo gekk 6/0 vörnin ágætlega þannig að við munum grípa eitthvað í hana," sagði Alfreð.



**MEÐ BÁÐA FÆTUR Á JÖRÐINNI** Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari segir að lið hans megi ekki hugsa lengra en til riðlakeppninnar þar sem það á hættulegan leik gegn Úkraínu sem verður helst að vinnast ætli liðið áfram í keppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Það verður ekki hjá því litið að íslenska landsliðið er gríðarlega sterkt og getur hæglega náð góðum árangri á HM sleppi það við meiðsli. Væntingar eru þegar farnar að byggjast upp og vilja margir sérfræðingar meina að Ísland eigi að vera á meðal sex efstu liða á mótinu. Hvað er raunhæft að fara fram á fyrir mót?

„Aðalmálið núna er riðillinn þar sem við eigum stórhættulegan leik gegn Úkraínu. Við þurfum að klára það almennilega, og svo væri frábært ef við töpuðum ekki leik, og eftir það erum við tiltölulega heppnir með milliriðil því ef við komumst þangað erum við að mæta liðum sem við eigum að geta lagt að velli. Ekkert þeirra liða er eins sterkt og Frakkland sem við mætum í riðlakeppninni. Ef við sleppum við meiðsli erum við með fínan möguleika að gera eitthvað.

Það eru mikil afföll í slóvenska liðinu vegna meiðsla þar sem vantar leikmenn á borð við Vugrinec, Pajovic, Zorman, Pungartnik og Rutenka. Túnis er með mjög öflugt lið og hættulegt. Þjóðverjarnir eru sterkir heima en það eru meiðsli hjá þeim og spurning hvernig mótið þróast hjá þeim.

Pólverjarnir eru happdrætti. Þeir hafa á að skipa frábæru sóknarliði og það lið gæti náð langt en hugarfarið hjá þeim er þannig að ef illa gengur þá hætta þeir. Draumurinn væri þá að komast í átta liða úrslit og ef við vinnum þann leik erum við komnir í undanúrslit og leik um verðlaun.

Við verðum helst að vinna tvo leiki í milliriðli til að komast í átta liða úrslit og líklega þrjá ef við förum þangað án stiga," sagði Alfreð en strákarnir í liðinu eru eflaust jafnmeðvitaðir um þennan möguleika. Óttast Alfreð ekkert að leikmenn fari að hugsa of langt fram í tímann?

„Það er einmitt það sem ég er að reyna að forðast. Ég stilli dæminu þannig upp fyrir strákana að riðillinn sé það eina sem skipti máli eins og staðan er núna og að það þýði ekkert að hugsa lengra fram í tímann. Svo má ekki gleyma því að við megum við neinum frekari meiðslum og hverfi fleiri lykilmenn úr hópnum erum við í stórvandamálum." henry@frettabladid.is

### LANDSLIÐSHÓPURINN

**Markverðir:**

Birkir Ívar Guðmundsson Lubbecke
Roland Valur Eradze Stjarnan
Hreiðar Guðmundsson Akureyri

**Aðrir leikmenn:**

Vignir Svavarsson Skjern
Logi Geirsson Lemgo
Einar Örn Jónsson Minden
Sigfús Sigurðsson Ademar Leon
Ásgeir Örn Hallgrímsson Lemgo
Arnór Atlason FC Kobenhavn
Markús M. Michaelsson Valur
Guðjón V. Sigurðsson Gummersbach
Snorri Steinn Guðjónsson Minden
Ólafur Stefánsson Ciudad Real
Ragnar Óskarsson US Ivry
Alexander Petersson Grosswallstadt
Sverre Jakobsson Gummersbach
Róbert Gunnarsson Gummersbach

Spurst fyrir um Veigar Pál Gunnarsson, landsliðsmann í norska úrvalsdeildarliðinu Stabæk:

# Genk vildi fá Veigar Pál fram á sumar

**FÓTBOLTI** Belgíska úrvalsdeildarliðið Genk setti sig fyrir helgi í samband við norska úrvalsdeildarliðið Stabæk með það fyrir augum að fá Veigar Pál Gunnarsson lánaðan til félagsins. Stabæk var aðeins tilbúið að lána Veigar til Belgíu í þrjá mánuði en ekki til loka tímabilsins eins og óskað var eftir. Útlit er því fyrir að ekkert verði af því að Veigar Páll fari til Belgíu, í bili að minnsta kosti.

„Þetta hefði verið spennandi kostur," sagði Veigar Páll við Fréttablaðið. „Sérstaklega að fá að spila alvöru fótbolta á undirbúningstímabilinu fyrir norska tímabilið. Það er þó vonandi að þeir fylgist með mér í sumar og séu opnir fyrir þeim möguleika að gera tilboð í mig því þetta er gott félag," sagði hann. Veigar Páll skrifaði í haust undir þriggja ára samning við Stabæk.

„Það hefði ekki gengið upp að fá hann í aðeins þrjá mánuði. Þá hefði hann misst af síðustu tíu leikjum tímabilsins," sagði Willy Reynders, einn forráðamanna Genk.

Veigar Páll var meðal markahæstu leikmanna norsku úrvalsdeildarinnar í sumar og var valinn í lið ársins af leikmönnum deildarinnar. Í sumar voru ýmis félög orðuð við hann en hann batt enda á þær vangaveltur er hann skrifaði undir nýjan samning við Stabæk.

Genk er sem stendur í efsta sæti belgísku úrvalsdeildarinnar með 40 stig eftir sautján leiki. Anderlecht fylgir fast á hæla þess með 37 stig en liðin eru í nokkrum sérflokki sem stendur. - esá

# MARKAÐURINN

# Einfalt mál




## EINA VIÐSKIPTABLAÐIÐ SEM ÞÚ ÞARFT

Hvort sem þú ert sérfróður um viðskipti eða einn af þeim sem finnst viðskiptafréttir yfirleitt of flóknar og háfleygar, getur þú fylgst með öllu því sem er að gerast í viðskiptalífinu í gegnum Markaðinn. Við færum þér fréttirnar skýrt og skorinort.








**Með Fréttablaðinu alla miðvikudaga** | **Í hádegisfréttum á Stöð 2** | **Viðskipti á Vísi alla daga**

**VIÐSKIPTAFRÉTTIR ALLA DAGA VIKUNNAR**

Fíton/SÍA FI019902



**FYRIRLIÐINN** Ólafur Stefánsson er að fara að taka þátt í sínu ellefta stórmóti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ólafur leiðbeinir Loga:

## Logi fagnar gagnrýninni

**HANDBOLTI** Það vakti athygli í lok landsleiksins við Tékka á sunnudaginn að Ólafur Stefánsson sást þá fara í gegnum ákveðna hluti með Loga Geirssyni sem hafði leikið mjög vel í seinni hálfleiknum og skorað sex mörk.

„Óli var bara með sínar pælingar um hvað honum finnst rétt. Hann er rosalega reyndur og mér finnst gott að heyra gagnrýni frá reyndari mönnum. Ég veit að það kemur til með að hjálpa manni að hlusta á menn eins og Óla. Hann sagði að við yrðum búnir að redda þessu fyrir HM,“ sagði Logi Geirsson um samtal þeirra félaga en Ólafur segir sjálfur að hann þurfi að hjálpa reynslulitlum mönnunum í liðinu. „Logi þarf að læra staðsetningar og hreyfingar og allskonar svoleiðis. Hann er að læra þetta allt í fyrsta skiptið en einhvern tímann er allt fyrst,“ sagði landsliðsfyrirliðinn Ólafur Stefánsson eftir leik. - óój



**STUNGINN Í BAKIÐ** Lennart Johansson er ekki sáttur við vinnbrögð Platinis. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Forsetakosningnar UEFA:

## Líkir Platini við leyniskyttu

**FÓTBOLTI Það stefnir í harða kosningabaráttu milli Lennarts Johanssons og Michels Platini sem báðir sækjast eftir forsetastóli UEFA. Sitjandi forseti sambandsins, Lennart Johansson, hefur líkt vinnuaðferðum Michels Platini við þeirra sem vinna sem leyniskyttur.**

**Johansson talar um að Platini hafi í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér efast um getu Johanssons til að sinna áfram starfinu og gagnrýnt það að hann byggi ekki nálægt höfuðstöðum UEFA í Nyon. Hinn 77 ára gamli Svíi segist hafa sigrast á krabbameininu sem hrjáði hann og að hann sé heilsuhraustur og klár í slaginn.**

**Johansson segist einnig hafa áhyggjur af sumum hugmyndum Platinis, þar á meðal þeirri að fækka sætum stóru landanna í Meistaradeildinni þar sem ekki eigi að stunda tilraunastarfsemi á keppni eins og Meistaradeildinni. Johansson hefur setið í forsetastólnum síðan 1990 en kosningin á milli hans og Platinis fer fram 26. janúar.** - óój

David Beckham vill komast fyrr til LA Galaxy en áætlað var:

# Beckham vill losna frá Real Madrid

**FÓTBOLTI** Don Garber, yfirmaður bandarísku MLS-deildarinnar, sagði í viðtali við spænska dagblaðið Marca í gær að David Beckham ynni að því að fá sig lausan frá Real Madrid áður en samningur hans rennur út í sumar. Beckham tilkynnti í síðustu viku að hann myndi ganga til liðs við LA Galaxy nú í sumar.

Síðan þá hefur Fabio Capello, stjóri Real Madrid, sagt að Beckham muni ekki koma aftur við sögu hjá liði félagsins og aðeins stunda æfingar með því. MLS-deildin hefst í apríl.

„Mér skilst að lögfræðingar séu að vinna að friðsamlegri lausn á vandamálinu. Við höfum ekki efni á því að borga samninginn hans út,“ sagði Garber. „Við viljum að hann komi sem fyrst. David er sjálfur spenntur fyrir því.“

Capello gagnrýndi Beckham í gær fyrir að ganga frá samkomulaginu við LA Galaxy einhliða.

„Beckham skrifaði undir samninginn áður en hann talaði við Madrídinga og það finnst mér skrýtið,“ sagði Capello.

Ruud van Nistelrooy, samherji Beckham hjá Real og áður hjá Manchester United, kom Beckham til varnar.

„Fyrir leikinn (gegn Real Zaragoza á sunnudag) kom hann í búningsklefann og óskaði okkur góðs gengis. Það var gott að sjá. Hann hefur ávallt verið með gott viðhorf til félagsins og verið umhugað um það. Hann mun halda áfram á þeirri braut.“ - esá



**Á ÆFINGU** David Beckham og Robinho á æfingu Real Madrid í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

NBA í fyrrinótt:

## Howard tryggði Dallas sigur

**KÖRFUBOLTI Dallas Mavericks vann nauman sigur á Toronto Raptors í NBA-deildinni í fyrrinótt, 97-96. Josh Howard skoraði sigurkörfuna á lokasekúndu leiksins er hann lagði boltann í körfuna. Dirk Nowitzky var stigahæstur leikmanna Dallas með 38. Anthony Parker, leikmaður Toronto, fékk tækifæri til að tryggja sigurinn en hitti ekki.**

**Toronto var með yfirhöndina í leiknum lengi vel og náði mest 16 stiga forystu. Nowitzky keyrði sína menn hins vegar áfram til sigurs í sautjánda leiknum af síðustu átján hjá liðinu.**

**Einn annar leikur var á dagskrá NBA-deildarinnar. Denver vann Portland, 109-93. Allen Iverson skoraði 32 stig fyrir Denver og gaf níu stoðsendingar.** - esá

# Logi kveikti líf í vinstri vængnum

**Skyttur íslenska liðsins skoruðu tólf færri langskotsmörk en Tékkar í leikjum helgarinnar. Logi Geirsson átti flotta innkomu í seinni hálfleik seinni leiksins og hefur engar áhyggjur af skyttum íslenska liðsins.**

**HANDBOLTI** Það hafa verið uppi áhyggjuraddir um framlög skyttna íslenska handboltalandsliðsins og þær minnkuðu ekki eftir fyrri leikinn við Tékka um helgina þar sem íslenska liðið nýtti aðeins 2 af 15 langskotum sínum. Íslenska liðið fékk 8 mörk úr langskotum í seinni leiknum og þar munaði mestu um innkomu Hafnfirðingsins Loga Geirssonar í liðið eftir hálfleik.

Logi skoraði fjögur mörk með langskotum í seinni hálfleik sunnudagsleiksins og það er ekki frá því að hann hafi um leið létt á áhyggjum landans. „Ég var bara að svara smá gagnrýni. Maður spilar einn leik þar sem verið að æfa kerfin og maður einbeitir sér að gefa stoðsendingar og þá er bara strax farið að væla yfir því að menn geti ekki skorað fyrir utan. Það er ekkert að skyttunni,“ segir Logi sem er alltaf tilbúinn að skjóta. „Ég skýt bara þegar ég fæ boltann,“ bætir hann við í léttum tón.

Logi klikkaði á öllum þremur langskotum sínum í fyrri leiknum en gaf þá 4 stoðsendingar og skoraði fjögur mörk, þar af tvö úr vítum, hin úr gegnumbroti og hraðaupphlaupi. „Á laugardag áttu of margir í liðinu slæman leik og það var svona svipað í gangi og kom upp í Noregsleiknum þar sem við vorum ekki að berjast. Það sem hjálpar okkur hvað mest er baráttan innan liðsins. Það lenda öll lið í því að vera undir og við getum gert okkur erfitt fyrir en við gerum lofað þjóðinni því að við erum ekkert að fara að gefast upp þótt að við lendum undir í HM,“ segir Logi sannfærandi. Í seinni leiknum kom Logi ekkert inná fyrr en eftir hlé og skoraði þá 6 mörk úr 10 skotum þar af nýtti hann 4 af 6 langskotum sínum. „Sá leikur var betri og það er stígandi í þessu hjá okkur. Við erum ennþá bara í undirbúningnum og mótið byrjar ekki fyrr en tuttugasta. Við bíðum bara spenntir eftir fyrsta leik og þá verðum við búnir með það sem við þurfum að gera og verðum tilbúnir í mótið,“ segir Logi.

Logi hefur skorað 26 mörk í fyrstu fimm leikjum ársins og hefur unnið sér inn stórt hlutverk í íslenska landsliðinu. „Það vilja allir spila. Við erum með rosalega marga leikmenn sem eru fjölhæfir og geta spilað fleiri en eina stöðu. Ég ætla bara að vera í skyttunni og festa mig í sessi og stefna að því. Það er hinsvegar þjálfarans að ákveða það hvort að hann vilji nota mig annarsstaðar,“ segir Logi sem horfir fullur bjartsýni til HM. „Sjáið bara liðið okkar. Við erum með heimsklassa leikmenn í okkar liði og við getum gert ótrúlega góða hluti. Það þurfa bara nokkrir þættir að ganga upp og við þurfum að vera heppnir með að sleppa við að missa menn í meiðsli eitthvað sem á við um öll önnur lið. Þetta verður fróðlegt og við spyrjum bara að leikslokum,“ sagði Logi að lokum.

ooj@frettabladid.is



**24 MÖRK Í SÍÐUSTU 4 LANDSLEIKJUM** Logi Geirsson hefur skorað 6 mörk að meðaltali í síðustu fjórum landsleikjum Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### SKIPTING MARKA ÍSLENDINGA OG TÉKKA

| | |
|---|---|
| Mörk: | Ísland 61 - Tékkland 61 |
| Langskot: | Ísland 10 - Tékkland 22 |
| Lína: | Ísland 12 - Tékkland 8 |
| Horn: | Ísland 9 - Tékkland 4 |
| Gegnumbrot: | Ísland 5 - Tékkland 4 |
| Víti: | Ísland 7 - Tékkland 5 |
| Hraðaupphlaup: Fyrsta + önnur bylgja | Ísland 11+7 - Tékkland 11+6 |

### LANGSKOT ÍSLENSKA LIÐSINS: (Uppsettar sóknir)

| | |
|---|---|
| Fyrri leikur: | 15 skot/2 mörk |
| Seinni leikur: | 13/8 |
| Samtals: | 28/10 |
| **Vinstra megin** | **10 skot/4 mörk** |
| Logi Geirsson | 6/3 |
| Arnór Atlason | 2/0 |
| Snorri Steinn Guðjónsson | 1/1 |
| Markús Máni Michaelsson | 1/0 |
| **Miðjan** | **15 skot/5 mörk** |
| Snorri Steinn Guðjónsson | 5/3 |
| Logi Geirsson | 3/1 |
| Ásgeir Örn Hallgrímsson | 3/1 |
| Markús Máni Michaelsson | 2/0 |
| Ólafur Stefánsson | 1/0 |
| Guðjón Valur Sigurðsson | 1/0 |
| **Hægra megin** | **3 skot/1 mörk** |
| Ólafur Stefánsson | 3/1 |
| **Samtals 28/10** | |
| Snorri Steinn Guðjónsson | 6/4 |
| Logi Geirsson | 9/4 |
| Ólafur Stefánsson | 4/1 |
| Ásgeir Örn Hallgrímsson | 3/1 |
| Markús Máni Michaelsson | 3/0 |
| Arnór Atlason | 2/0 |
| Guðjón Valur Sigurðsson | 1/0 |

Króatinn Ivan Ljubicic féll óvænt úr leik á fyrsta keppnisdegi opna ástralska meistarmótsins í tennis:

# Ljubicic eins og þorskur á þurru landi

**TENNIS** Opna ástralska meistaramótið í tennis hófst í gær í Melbourne. Einu óvæntu úrslit dagsins var tap Króatans Ivans Ljubicic fyrir Bandaríkjamanninum Mardy Fish sem er í 42. sæti á heimslistanum. Ljubicic var raðað í fjórða sætið á styrkleikalista mótsins og komst í fjórðungsúrslit í fyrra.

Þar tapaði hann fyrir Kýpverjanum Marcos Baghdatis sem komst alla leið í úrslit. Hann atti kappi við Rainer Schüttler frá Austurríki og bar sigur úr býtum í fjórum settum. Hitinn í Ástralíu gerði báðum leikmönnum erfitt um vik.

„Mér leið ekki vel í dag og þetta var ekki góð viðureign. Ég er bara ánægður með að komast áfram í næstu umferð,“ sagði Baghdatis.

Rússinn Marat Safin lenti 2-1 undir gegn Þjóðverjanum Benjamin Becker en hafði sigur á endanum í langri viðureign. Þá lenti Roger Federer í litlum vandræðum með annan Þjóðverja, Bjorn Phau, og er kominn í næstu umferð. Hann hefur titil að verja á mótinu.

Amelie Mauresmo frá Frakklandi vann keppni í einliðaleik kvenna á mótinu í fyrra og hóf titilvörn sína með sigri á Shenay Perry frá Bandaríkjunum í tveimur settum, 6-3 og 6-4.

Þá fór Serena Williams létt með hina ítölsku Mara Santangelo í sinni viðureign í gær og er komin áfram í næstu umferð. Hún vann mótið árin 2003 og 2005. - esá



**MARDY FISH** Fagnaði ljúfum sigri gegn Ivan Ljubicic í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

# TOPP MERKI Á ÚTSÖLU – ALLT AÐ 65% AFSLÁTTUR




| | | |
|---|---|---|
| AFSLÁTTUR 60.000 | AFSLÁTTUR 30.000 | AFSLÁTTUR 40.000 |
| 42" PLASMA SJÓNVARP | 32" LCD SJÓNVARP | 32" LCD SJÓNVARP |
| VERÐ ÁÐUR kr. 159.990 | VERÐ ÁÐUR kr. 159.990 | VERÐ ÁÐUR kr. 139.990 |
| TILBOÐ kr. 99.990 | TILBOÐ kr. 129.990 | TILBOÐ kr. 99.990 |
| UNITED 38% | JVC 19% | GRUNDIG 28% |
| AFSLÁTTUR 40.000 | AFSLÁTTUR 70.000 | AFSLÁTTUR 20.000 |
| 32" LCD SJÓNVARP | 32" LCD SJÓNVARP | 42" PLASMA SJÓNVARP |
| VERÐ ÁÐUR kr. 149.990 | VERÐ ÁÐUR kr. 269.990 | VERÐ ÁÐUR kr. 169.990 |
| TILBOÐ kr. 109.990 | TILBOÐ kr. 199.990 | TILBOÐ kr. 149.990 |
| AKAI 27% | GRUNDIG 26% | THOMSON 12% |

**TAKMARKAÐ MAGN ▶ FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!**

Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2007

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**HUNDRUÐ GIRNILEGRA TILBOÐA Á HEIMASÍÐUNNI WWW.SM.IS**

## > JULIA ROBERTS

Fædd 28. október 1967. Julia Fiona Roberts vildi sem ung stelpa verða dýralæknir en lét sig ekki dreyma um að verða vinsælasta leikkona Bandaríkjanna. Hún lærði blaðamennsku en ákvað að reyna fyrir sér í Hollywood eftir hugmynd frá bróður sínum. Hún fann sig vel í leiklistinni og var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir hlutverk sitt í Pretty Woman 1990. Hún er þekktust fyrir rómantískar gamanmyndir en hún hefur mikið unnið að góðgerðarmálum síðustu ár. Þú getur séð Juliu Roberts klukkan 20:00 á Stöð 2 Bíó.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** VALUR GUNNARSSON **BÍÐUR SPENNTUR EFTIR ÁFRAMHALDANDI ÆVINTÝRUM MAÓS UNGA**

# *Maó á mánudögum*

„Engin pólitísk slagyrði, Maómyndir veggjum á/ Þá færðu reisupassann vinur minn," söng eitt sinn ungur maður í verbúð sem síðar fór suður á bankanna vald. Eftir innrásir Sovétríkjanna í Ungverjaland og Tékkóslóvakíu var erfitt fyrir vinstrimenn á Vesturlöndum að sannfæra sjálfa sig eða aðra um að þau væru í eðli sínu ólík öðrum stórveldum. Var þá leitað að nýjum fyrirmyndum lengra austur. Margir litu á Maó sem nýjan Lenín, sannan vin alþýðunnar meðan kommissarar Sovétsins höfðu spillst af völdum sínum. Annað átti eftir að koma á daginn, klúðurslegar tilraunir til að iðnvæða landið kostuðu tugi milljóna manna lífið á 6. áratugnum og Menningarbyltingin drap enn fleiri milljónir áratug síðar. Engar fyrirmyndir var að finna meðal alheimsleiðtoga kommúnismans, nema helst Kastró á Kúbu sem hefur nú lifað Sovétríkin og virðist eiga á hættu að lifa Bandaríkin líka. Kommúnisminn hrundi og Rússland og Kína, jafnt sem verbúðarmaðurinn fyrrum sem er ekki lengur svo ungur, eru nú komin á bankanna vald.




Það sama er ekki að segja um RÚV, sem heldur uppi skyldum sínum með því að uppfræða múginn með heimildarmyndum. Þættirnir um Maó á mánudagskvöldum eru einkar áhugaverðir. Ekki bara er umfjöllunarefnið einn af stórbrotnari persónuleikum undanfarinna alda, heldur er myndefnið einnig einkar áhugavert. Þáttagerðarmenn hafa komist í myndskeið frá Kína í upphafi 20. aldar jafnt sem af aftökum „millistríðs"áranna. Þar sem vantar inn í er bætt úr með því að sýna brot úr leiknum myndum um líf Maós. Og að lokum tekst þeim að grafa uppi menn sem tóku þátt í heilsubótargöngunni miklu, og er það síðasti séns þar sem þeir síðustu fylla brátt hundraðið. Svona eiga heimildarmyndir að vera.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.35** Kastljós RÚV



▶ **20.00** Queer Eye for the Straight Guy SKJÁR EINN



▶ **20.30** Ali G SIRKUS



▶ **20.55** Allra meina bót RÚV



▶ **23.10** Muhammad Ali SÝN

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Magga og furðudýrið (19:26)**
**18.30 Kappflugið í himingeimnum**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
▶**19.35 Kastljós**
**20.10 Veronica Mars** (19:22) (Veronica Mars II) Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem tekur til við að fletta ofan af glæpamönnum eftir að besta vinkona hennar er myrt og pabbi hennar missir vinnuna. Meðal leikenda eru Kristen Bell, Percy Daggs, Teddy Dunn, Jason Dohring, Ryan Hansen, Francis Capra, Tessa Thompson og Enrico Colantoni.
▶**20.55 Allra meina bót** (2:8) (Bota mig) Sænsk gamanþáttaröð um hjón á fertugsaldri sem standa fyrir ýmsum námskeiðum á heimili sínu. Meðal leikenda eru Lia Boysen og Peter Andersson.
**21.30 Síminn í 100 ár** Heimildaþáttur um sögu Símans. Framleiðandi: Vertigo.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Illt blóð** (3:4) (Wire in the Blood III) Breskur spennumyndaflokkur þar sem sálfræðingurinn dr. Tony Hill reynir að ráða í persónuleika glæpamanna og upplýsa dularfull sakamál. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. Aðalhlutverk: Robson Green og Hermione Norris.
**23.50 Kastljós (e)**
**00.20 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06:00 Full Frontal** (Allt opinberað)
**08:00 The Importance of Being Earne**
**10:00 All Dogs Go to Heaven 2**
**12:00 Carried Away** (Óðagot)
**14:00 The Importance of Being Earne**
**16:00 All Dogs Go to Heaven 2**
**18:00 Carried Away** (Óðagot)
**20:00 Full Frontal** (Allt opinberað) Óopinbert framhald Sex, Lies and Videotape. Aðalhlutverk: David Duchovny, Julia Roberts, Blair Underwood, David Hyde Pierce.
**22:00 White Oleande** Bönnuð börnum.
**00:00 Cheats** (Svindlarar)
**02:00 La Vie Nouvelle** (A New Life)
**04:00 White Oleander** Bönnuð börnum.

## STÖÐ 2

**06:58 Ísland í bítið**
**09:00 Bold and the Beautiful**
**09:20 Í fínu formi 2005**
**09:35 Martha**
**10:20 Ísland í bítið (e)**
**12:00 Hádegisfréttir**
**12:40 Neighbours** (Nágrannar)
**13:05 Silfur Egils**
**14:40 Homefront**
**15:50 Horance og Tína**
**16:13 Shin Chan**
**16:38 Nornafélagið**
**17:03 Tasmanía** (Taz-Mania)
**17:28 Bold and the Beautiful**
**17:53 Neighbours** (Nágrannar)
**18:18 Íþróttir og veður**
**18:30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19:00 Ísland í dag**
**19:40 Simpsons** (21:21) Hómer gerir nágranna sinn, Ned Flanders, að algjöru fífli í Springfield. Flanders neyðist til að flýja og setjast að annars staðar. Þá rennur fyrst upp fyrir Hómer hversu mikið hann saknar nágranna síns.
**20:05 Amazing Race** (13:14) (Kapphlaupið mikla) Endastöðin nálgast og nú eru aðeins þrjú lið sem hafa lagt að baki hvorki meira né minna en 5 heimsálfur, 10 lönd og 59 þúsund mílur.
**20:50 Prison Break** (12:22)(Flóttinn) Önnur þáttaröð þessa bandaríska spennuþáttar. 2006. Bönnuð börnum.
**21:35 Shark** (2:22) (Hákarlinn) Stark fær nýtt mál, rannsókn á morði á fíkniefnalögreglu. Rannsóknin reynist hins vegar erfiðari en á horfi í fyrstu vegna þess að félagar hins látna eru tregir til samstarfs og virðist vera að leyna einhverju.
**22:20 Golden Globe 2007 - samantekt**
**23:50 Nip/Tuck** (2:15) Sean og Julia taka stóra ákvörðun varðandi óborið barn sitt.
**00:35 Cold Case** (2:24) (Óupplýst mál)
**01:20 Thief** (6:6) (Þjófur) Lokaþáttur.
**02:05 Revelations** (2:6) (Hugljómun)
**02:50 Prison Break** (12:22) (Flóttinn)
**03:35 Ísland í bítið (e)**
**05:10 Fréttir og Ísland í dag (e)**
**06:20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18:00 Insider (e)**
**18:30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19:00 Ísland í dag**
**19:30 Seinfeld** Fyrir mistök hendir Elaine skinnkápu vinkonu sinnar og Jerry og George greinir á um mikilvægi seðlaveskja.
**20:00 Entertainment Tonight**
▶**20:30 Ali G** Hinn eiturharði Ali G er mættur ásamt vinum sínum Borat frá Kasakstan og hinum austurríska og samkynhneigða Bruno. Ferðast þeir um Bretland og Bandaríkin og taka viðtöl við alls kyns fólk, hvort sem það eru kennarar eða háttsettir embættismenn.
**20:55 Leiðin að Hlustendaverðlaunum FM 957** Upphitun fyrir Hlustendaverðlaun FM 957 sem fram fara í Borgarleikhúsinu 23.janúar.
**21:00 American Dad 3**
**21:30 The Loop** Gamanþættir um Sam sem er yngsti stjórnandinn hjá stóru flugfélagi. Það hljómar kannski spennandi en tvennt er að angra hann þar sem yfirmaðurinn hans er brjálæðingur og vinnufélagi hans er sífellt að reyna við hann. Á meðan Sam reynir að uppfylla kröfurnar í vinnunni þarf hann einnig að uppfylla kröfur meðleigjanda sinna. Sam býr með bróður sínum og tveimur vinkonum þeirra og vilja þau stunda samkvæmislífið aðeins meira en Sam ræður við.
**22:00 Twenty Four** (9:24)
**22:45 Twenty Four** (10:24)
**23:30 Insider** Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli.
**00:00 Janice Dickinson (e)**
**00:30 Four Kings (e)** Drepfyndnir gamanþættir frá höfundum Will & Grace þar sem fylgst er með fjórum æskuvinum sem ákveða að flytja saman í íbúð í New York. Vinirnir, sem eru allir á þrítugsaldrinum, hegða sér ennþá eins og þeir séu unglingar en alvara lífsins er þó skammt undan hjá þeim.
**00:55 Seinfeld** (12:24) (e)
**01:20 Entertainment Tonight (e)**
**01:45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07:15 Beverly Hills 90210 (e)**
**08:00 Rachael Ray (e)**
**08:55 Melrose Place (e)**
**15:05 Just Deal (e)**
**15:35 One Tree Hill (e)**
**16:35 Beverly Hills 90210**
**17:20 Rachael Ray**
**18:15 Melrose Place**
**19:00 Everybody loves Raymond (e)**
**19:30 Out of Practice (e)**
▶**20:00 Queer Eye for the Straight Guy**
**21:00 Million Dollar Listing** Þáttaröð um fasteignasala í Hollywood og Malibu sem gera allt til þess að selja lúxusvillur fræga og fína fólksins. Á hverjum degi lenda þeir í litríku fólki sem ýmist vill kaupa eða selja heimili sín.
**22:00 Close to Home** Leikkonan hæfileikaríka Jennifer Finnigan er hér í hlutverki Annabeth Chase, ungs saksóknara og nýbakaðrar móður í meiriháttar lögfræðidrama úr smiðju Jerry Bruckheimer. Annabeth vill ólm fá öll erfiðustu glæpamálin og hlífir sér hvergi, ekki alltaf við góðar undirtektir yfirmanna sinna. Þættirnir hafa fengið alveg ótrúlega góðar móttökur áhorfenda og er þeim líkt við hina vinsælu C.S.I.
**22:50 Everybody Loves Raymond**
**23:20 Jay Leno**
**00:10 Heroes (e)** Aðalsöguhetjurnar héldu að þær væru eins og allir aðrir þar til þær vöknuðu einn daginn með yfirnáttúrlega hæfileika. Í fyrstu virðist fátt sem tengir þetta fólk en smám saman tvinnast sögur þess saman.
**01:10 Beverly Hills 90210 (e)**
**01:55 Melrose Place (e)**

## SKJÁR SPORT

**07:00 Að leikslokum (e)**
**14:00 Charlton - Middlesbrough (frá 13. jan)**
**16:00 Ítalski boltinn (frá 13. jan)**
**18:00 Þrumuskot (e)**
**19:00 Að leikslokum (e)**
**20:00 Man. Utd. - Aston Villa (frá 13. jan)**
**22:00 Chelsea - Wigan (frá 13. jan)**
**00:00 Ítölsku mörkin (e)**
**01:00 Dagskrárlok**





# Skafmiðaleikur Prince Polo

PRINCE POLO

## Yfir 1000 vinningar!

Hverri pakkningu með 4 eða 6 stykkjum af Prince Polo fylgir skafmiði.

**Glæsilegir vinningar:**

- Acer fartölva frá Svar tækni
- Fartölvutaska
- Miði á fjölskyldumyndina Artúr og Mínimóarnir
- Pakkar af Prince Polo mini




**Prince Polo – alltaf jafn gott**

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 22.20

### Golden Globe samantekt



Samantekt af því helsta sem gerðist á Golden Globe-verðlaunahátíðinni 2007 sem fram fór á mánudagskvöldið í Hollywood. Golden Globe-verðlaunahátíðin er sú mikilvægasta sem um getur þar sem bæði eru veitt verðlaun fyrir helstu afrek í kvikmyndum og sjónvarpi. Það eru erlendir blaðamenn í Hollywood sem standa fyrir þessari glæsilegu verðlaunaathöfn en til hennar mæta jafnan skærustu Hollywood-stjörnurnar hverju sinni.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ SHARK Á STÖÐ 2 21.35

Nýir bandarískir spennuþættir sem slegið hafa í gegn vestanhafs. Þættirnir fjalla um stjörnulögfræðinginn harðsvíraða Sebastian Stark sem söðlað hefur um og gerst opinber saksóknari eftir að hafa getið sér gott orð sem verjandi fræga fólksins.Stark fær nýtt mál í þætti kvöldsins, rannsókn á morði á fíkniefnalögreglumanni. Rannsóknin reynist hins vegar erfiðari en á horfi í fyrstu vegna þess að félagar hins látna eru tregir til samstarfs og virðist vera að leyna einhverju.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.05** Morgunvaktin **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Fréttir **09.00** Fréttir **09.05** Laufskálinn **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Heima er best **11.00** Fréttir
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útvarpssaga Slóð fiðrildanna (11:23)
**14.30** Seiður og hélog
**15.00** Fréttir
**15.03** Orð skulu standa
**16.00** Fréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Vilhjálmur Tell (2:3)
**20.50** Í heyranda hljóði
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Lóðrétt eða lárétt
**23.10** Fimm fjórðu
**00.00** Fréttir

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

### SÝN

**18:05 Gillette Sportpakkinn**
**18:35 X-Games 2006 - þáttur 8**
**19:30 FA Cup 2006** (Man. City - Sheffield Wed.) Bein útsending frá leik í ensku bikarkeppninni.
**21:30 Spænska bikarkeppnin** (Barcelona - Alaves)
▶**23:10 Ali's Dozen** (Ali´s Dozen) Í þessum þætti númer tvö um Muhammad Ali verður farið yfir sögulegustu og mikilvægustu augnablikin á hnefaleikaferli hans. Kappinn sjálfur valdi atvikin sem hér verða sýnd en hann er fyrir löngu orðin goðsögn í íþróttaheiminum.
**00:00 PGA Tour 2007 - Highlights** (Sony Open in Hawaii)
**00:55 World Supercross GP 2005-06**

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar
**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

### DR 1

**6.00** Den lille prinsesse **6.10** SKRÅL **6.30** Snip Snap Snude **6.50** Nasse **7.00** Gurli Gris **7.05** Alfons Åberg **7.15** Charlie & Lola **7.30** Rabatten **8.00** Design for fremtiden **8.30** Ude i naturen **9.00** DR Explorer: Baltikum **9.30** Hva' så Danmark? - reform af den offentlige sektor **10.00** Familiejagten **10.30** Desperate boligdrømme **11.00** TV Avisen **11.10** Horisont **11.35** Grøn glæde **12.00** Genbrugsguld **12.25** Aftenshowet **12.50** Aftenshowet **13.20** Nyheder på tegnsprog **13.30** Ildsjæle **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Snoop Dogg Special **15.15** SPAM **15.30** Shin Chan **15.35** Lucky Luke **16.00** Store Nørd **16.30** Lille N¢rd **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **17.55** Vejret på DR1 **18.00** Aftenshowet **18.30** Hvad er det værd **19.00** Uventet besøg **19.30** Kender du typen **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Hvor kragerne vender **21.45** Columbo: En identitetskrise **23.20** Georgi og sommerfuglene **5.30** Pippi Langstrømpe **6.00** Den lille prinsesse

### NRK 1

**11.05** Finansdebatten **12.00** Siste nytt **12.05** Finansdebatten **13.00** Siste nytt **13.05** Finansdebatten **13.40** Distriktsnyheter **14.00** Siste nytt **14.05** Ian tar regien **14.30** Robotboy **14.45** Robotboy **15.00** Siste nytt **15.03** Sport uten grenser **15.15** Siger i blikket **15.30** Liga **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** V-cup skiskyting **16.55** Nyheter påtegnspråk **17.00** Postmann Pat **17.15** Konrad katt **17.25** Robotgjengen **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen: Magasin **18.55** Tinas mat **19.25** Brennpunkt **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Standpunkt **21.15** Extra-trekning **21.30** Safari **22.00** Kveldsnytt **22.10** Kulturnytt **22.15** Utsyn: ? leve med aids **23.05** Jazz: Saksofonisten Barney Wilen **0.00** Larry Sanders-show

### SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Nationalparken - fristad för vem? **11.30** Från ö till ö **13.15** Bohus Bataljon **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** En doft av choklad **17.00** Världens största kör **17.10** Herr Mask är bäst **17.15** Dra mig baklänges **17.30** Allt och lite till **18.00** Den tatuerade mamman **18.30** Rapport **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Den undre världen **21.00** Sharaf hjältar **21.50** Rapport **22.00** Kulturnyheterna **22.10** Josh Groban - live **23.10** Sändningar från SVT24 **5.00** Gomorron Sverige


ROKKLAND 2006

SJÖTTA PLATAN Í ROKKLANDSSERÍUNNI VINSÆLU ER KOMIN Í VERSLANIR!




BESTU LÖGIN 2006 OG NOKKUR AF BESTU LÖGUM TÍUNDA ÁRATUGARINS!

CDI
01 JEFF WHO? BARFLY
02 PRIMAL SCREAM COUNTRY GIRL
03 KEANE CRYSTAL BALL
04 MORRISSEY YOU HAVE KILLED ME
05 SONIC YOUTH INCINERATE
06 PETER BJORN & JOHN YOUNG FOLKS
07 BELLE & SEBASTIAN ANOTHER SUNNY DAY
08 DUNGEN PANDA
09 200 EXODUS (2015)
10 PÉTUR BEN WHITE TIGER
11 RICHARD HAWLEY COLES CORNER
12 THE KOOKS SHE MOVES IN HER OWN WAY
13 THE ZUTONS VALERIE
14 YEAH YEAH YEAHS GOLD LION
15 JACK JOHNSON BETTER TOGETHER
16 GUILLEMOTS TRAINS TO BRAZIL
17 RAZORLIGHT IN THE MORNING
18 JAKOBÍNARÍNA HIS LYRICS ARE DISASTROUS
19 FRANZ FERDINAND THE FALLEN
20 CLAP YOUR HANDS SAY YEAH IN THIS HOME ON ICE

CD2
01 PULP COMMON PEOPLE
02 THE CARDIGANS RISE & SHINE
03 PIXIES HERE COMES YOUR MAN
04 WEEZER BUDDY HOLLY
05 THE CRANBERRIES ZOMBIE
06 MASSIVE ATTACK TEARDROP
07 THE VERVE THE DRUGS DON´T WORK
08 LIVE LIGHTNING CRASHES
09 THE LEMONHEADS IT´S A SHAME ABOUT RAY
10 SOUNDGARDEN BLACK HOLE SUN
11 ALICE IN CHAINS ROOSTER
12 HAM MUSCULUS
13 GUS GUS POLYESTERDAY
14 THE CHEMICAL BROTHERS BLOCK ROCKIN´ BEATS
15 UNDERWORLD BORN SLIPPY
16 SIGUR RÓS NÝ BATTERÍ

RÁS 2

Góða skemmtun ▶

sena

**HRÓSIÐ ...**



*...fá Freydís Vigfúsdóttir og félagar í Flugdiskafélagi stúdenta, en þau stunda frisbí af kappi og stefna á að fá íþróttina viðurkennda hjá ÍSÍ.*

# Hlynur með hauskúpubindi á Alþingi

„Ég myndi nú ekki taka svo djúpt í árinni að segja ég væri að innleiða nýja tískustrauma á Alþingi," segir Hlynur Hallsson, varaþingmaður Vinstri grænna. Hlynur bindur bagga sína ekki sömu hnútum og flestir á þingi hvað klæðaburð snertir og þekkt er þegar hann mætti bindislaus í ræðustól um árið og fékk bágt fyrir.

Hann situr nú á þingi í fjarveru Þuríðar Backman og gætti sín á að gera ekki sömu mistök tvisvar heldur skartaði í gær hauskúpuskreyttu Dead-bindi og jakka með textabroti úr Ferðalokum Jónasar Hallgrímssonar. Jón Sæmundur Auðarson hannar báðar flíkurnar.

„Ég sættist á að ganga með bindi á sínum tíma í þeirri góðu trú að þessi mál yrðu færð til nútímahorfs en Sólveig Pétursdóttir er hins vegar föst á því að karlar skuli vera með hálstau. Þetta er ekki stórmál í mínum huga, mér finnst bindi bara óþægileg og ljót en til þess að forðast frekari vesen ákvað ég að setja upp slifsi," segir Hlynur og bætir við að Jón Sæmundur hafi haft samband við sig og boðið sér bindi þegar málið kom upp á sínum tíma.

Aðrir þingmenn hafa ekki gert athugasemd við bindið að sögn Hlyns en margir eru áhugasamir um jakkann. „Það er mikið rýnt í textann en það kemur mér á óvart hversu margir vita ekki að þetta er eftir Jónas," segir hann og bætir við að sér þyki óvíða jafn viðeigandi að klæðast jakka með kvæði eftir þjóðskáldið og einmitt á Alþingi. „Sérstaklega eru Ferðalok viðeigandi því þetta er líklega í síðasta sinn sem ég sest á þing í bili." Margir hafa spurt Hlyn hvar hann fékk jakkann en hann segir þó suma þingmenn bera kennsl á handbragð Jóns Sæmundar. Ég held að Kolbrún Halldórsdóttir sé að minnsta kosti á leiðinni í Liborius að fá sér eitthvað svipað." **- bs**



**HLYNUR HALLSSON** Jón Sæmundur gaf honum bindið eftir að hann þurfti að beygja sig undir hefðina um að karlar á þingi bæru bindi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**LÁRÉTT**
**2** grastegund **6** tónlistarmaður **8** vafi **9** spíra **11** ryk **12** náðhús **14** á kviði **16** í röð **17** hópur **18** for **20** í röð **21** málmur.

**LÓÐRÉTT**
**1** tafl **3** tveir eins **4** yfirsýn **5** pili **7** vandræði **10** angra **13** kraftur **15** innyfli **16** hryggur **19** holskrúfa.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 reyr, 6 kk, 8 efi, 9 ála, 11 im, 12 kamar, 14 nafli, 16 bd, 17 lið, 18 aur, 20 tu, 21 króm. **LÓÐRÉTT:** 1 skák, 3 ee, 4 yfirlit, 5 rím, 7 klandur, 10 ama, 13 afl, 15 iður, 16 bak, 19 ró.

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum á síðu 8

1. Mahmoud Abbas
2. Róbert Wessman
3. Ólafur Stefánsson


Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

allt heimili
Alla fimmtudaga


GÍSLI HVANNDAL: GJÖRBREYTTUR EFTIR MAGAMINNKUNARAÐGERÐ

# Sjötíu kíló á 10 mánuðum

Idolstjarnan fyrrverandi og Ólafsfirðingurinn Gísli Hvanndal Jakobsson hefur misst sjötíu kíló síðan hann fór í magaminnkunaraðgerð í maí á síðasta ári.

Gísli, sem verður 22 ára í sumar, átti lengi við offituvanda að stríða en ákvað að gera eitthvað róttækt í sínum málum og drífa sig í aðgerð. „Ég hef haldið þessu til streitu með því að vinna mikið og maður hefur svitnað mikið," segir Gísli, sem var 164 kíló áður en hann gekkst undir aðgerðina. „Mér líður frábærlega. Þegar maður fer í svona aðgerð þá þarf maður að taka allt inn eins og manni er sagt að gera og svo á maður að hreyfa sig vel. Þetta er bara megrun og þessi aðgerð er ætluð sem gott hjálpartæki. Með hreyfingu á þetta ekki að klikka," segir hann. „Það eru dæmi um að fólk hafi farið tvisvar í svona aðgerð og beðið um að fara í þriðja sinn. Þetta er engin töfralausn og það er mjög auðvelt að klúðra þessu."

Gísli segir megrunina hafa átt hug sinn allan seinasta árið og því hafi tónlistin þurft að sitja á hakanum. Einnig hefur hann verið upptekinn á sjónum en núna starfar hann hjá smíðafyrirtæki. „Það kemur að því þegar maður er búinn að koma sjálfum sér í lag að fara að gera einhverja hluti," segir hann um tónlistarferilinn. „Það er kominn tími á að gefa út plötu en maður hefur bara ekki verið í ástandi til að gera neitt."

Þrátt fyrir að hafa misst sjötíu kíló á aðeins tíu mánuðum ætlar Gísli ekki að láta staðar numið. „Fólk segir í kringum mig að ég megi ekki missa meira en ég ætla að fara í ræktina og ná mér í meiri vöðva. Núna þegar maður er búinn að koma sér í form er ekkert því til fyrirstöðu að fara í ræktina."

Í gær birtist grein frá Gísla í Fréttablaðinu þar sem hann gagnrýndi Íraksstríðið harðlega. Hann játar að vera pólitískur í hugsun og útilokar ekki að láta heyra frekar í sér á þessu sviði. „Þetta er eina greinin sem ég hef sent inn en ég er búinn að skrifa margar greinar fyrir sjálfan mig. Kannski á ég eftir að senda inn fleiri greinar," segir hinn gjörbreytti Gísli Hvanndal.

**freyr@frettabladid.is**



**LÍÐUR FRÁBÆRLEGA** Gísla Hvanndal líður frábærlega nú þegar hann er búinn að missa sjötíu kíló á tíu mánuðum. Hér er hann ásamt frænda sínum Alexander Þorvaldssyni.



**OF FEITUR** Gísli var töluvert meiri um sig þegar hann tók þátt í Idol-keppninni.

**FRÉTTIR AF FÓLKI**

Menn í fasteignahugleiðingum hafa rekist á auglýsingu þar sem Litli ljóti andarunginn við Lækjargötu er til sölu. Húsið er í eigu **Kára Þórissonar** og **Guðrúnar Jóhannesdóttur** sem eru tendaforeldrar **Egils Helgasonar** sjónvarpsmanns. Egill hefur sem kunnugt er oft gengið um beina á kaffihúsi sem hjónin reka á jarðhæðinni. Ásett verð er 249 milljónir, sem gerir 415 þúsund á fermetra, en í DV fyrir tæpu ári skrifaði **Eiríkur Jónsson** frétt einmitt um að eignin væri til sölu. Var þá ásett verð 200 milljónir þannig að þó frost hafi verið á markaði virðist verðið samkvæmt þessu rjúka upp í miðborginni eða um 50 milljónir í þessu tilviki.



Goldmine heitir ný plata **Ágústu Evu Erlendsdóttur** í líki **Silvíu Nóttar** og er væntanleg í búðir um miðjan næsta mánuð. Nýtt lag af þeirri plötu verður flutt á hlustendaverðlaunum útvarpsstöðvarinnar FM 957 á næstunni. Segja þeir sem til þekkja að þar fari líklegur smellur. Silvía hefur haft hægt um sig eftir hrakfarirnar í Júróvisjón í Grikklandi í fyrra. Hún hefur þó ekki setið auðum höndum heldur viðað að sér efni í nýja þáttaröð sem væntanleg er á Skjá einum. Þar mun Silvía Nótt meðal annars reyna að kenna þeim Nylon-stúlkum hvernig á „meika'ða" í útlöndum.



**Auðunn Blöndal** var veislustjóri í brúðkaupi systur sinnar, **Maríu Blöndal**, síðastliðinn laugardag. Auddi reytti af sér brandarana af alkunnri list og kom svo brúðhjónunum og veislugestum heldur betur á óvart þegar hann kynnti til leiks leynigesti sem hann hafði fengið til að koma og skemmta í veislunni. Leynigestirnir voru ekki af verri endanum því það voru **Magni Ásgeirsson, Helga Braga Jónsdóttir** og **Pétur Jóhann Sigfússon**. Öll vöktu þau gríðarlega lukku viðstaddra.



**- jbg/sig**

# Höfðingleg jólagjöf Baltasars

„Þetta lítur vel út. En samt er enginn ofsagróði af Mýrinni eins og hjá bönkunum," segir leikstjórinn Baltasar Kormákur aðspurður um hvort Mýrin reynist ekki sannkölluð gullnáma.

Baltasar tók sig til og gaf öllum þeim sem störfuðu við Mýrina, tökuliði, eftirvinnsluliði, helstu aðstandendum og leikurum þeim sem ekki voru sérstaklega yfirborgaðir, hundrað þúsund krónur í jólagjöf. Um er að ræða rúmlega þrjátíu manns þannig að þessi rausnarlega gjöf hefur kostað Baltasar og fyrirtæki hans rúmar þrjár milljónir.

„Þegar vel gengur þá er rétt að deila því með fólkinu sínu," segir Baltasar sem þó vill ekki tala mikið um þessa jólagjöf, eða bónusgreiðslu, né hreykjast af rausn sinni. En vissulega mættu fyrirtæki sem gengur vel taka sér þetta til fyrirmyndar.

Fréttablaðið greindi nýverið frá því að Mýrin hefði slegið aðsóknarmet síðan mælingar hófust en síðast þegar fréttist höfðu 84 þúsund manns séð myndina. Ætla má að tekjur af sýningum myndarinnar, brúttó tekjur, séu um nítíu milljónir. Að auki hlaut Mýrin 45 milljónir í styrk frá Kvikmyndasjóði þannig að myndin stendur undir sér og vel það. Og ekki er séð fyrir endann á tekjumöguleikum því Mýrin hefur verið seld til annarra Norðurlanda og Þýskalands. Ekki er þó byrjað að sýna hana þar enn.

„Við erum að búa okkur undir það. Þetta fer allt í gang nú fljótlega. Sýningar og frekari sala." **- jbg**



**BALTASAR VIÐ TÖKUR MÝRARINNAR** Baltasar gaf tökuliði sínu, eftirvinnslufólki, leikurum og helstu aðstandendum Mýrarinnar hundrað þúsund krónur í jólagjöf. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



AEG
Afar vönduð og vel búin uppþvottavél framleidd hjá AEG í Þýskalandi
5 þvottakerfi þ.á.m. sjálfvirkt kerfi, hraðkerfi, erfiðiskerfi + glasakerfi
Sjálfvirk óhreinindaskynjun og aðlögun þvottakerfis
Val um 70/65/60/50 og 45°C
Tímaskjár með rauntíma
Framstillt ræsing möguleg
Sveigjanleg vönduð innrétting
Afar hljóðlát, aðeins 46 dB(A)
3 í 1 aðgerð fyrir töflur
Aqua Control vatnslekavörn
Topplok fylgir ekki
Verð áður kr. 84.900
Afar hljóðlát
AAA
ORKA ÞVOTTUR ÞURRKUN
ÞÚ SPARAR 15.000
Verð nú 69.900
Toppmódel
AFSLÁTTUR 27%
Verð nú 109.900
Electrolux
Fullkomnasti ofninn frá Electrolux
Pyrolyse sjálfhreinsibúnaður (3 kerfi)
Snertitakkar og LCD skjár
Kjöthitamælir og grillteinn
Innbyggð matreiðslubók
Fjórfalt gler í hurð með barnalæsingu
Tvöföld lýsing með halogen
Fjölkerfa ofn með 10 eldunarkerfum
Verð áður kr. 149.900
25 gerðir af viftum og háfum með allt að 70% afsl.
Eyjuháfur
AFSLÁTTUR 60%
Verð nú 44.900
Electrolux
Fríhangandi eyjuháfur í burstuðu stáli með 4 halogen ljósum og snertitökkum
Þvoanlegar fitusíur
Verð áður kr. 112.900
Electrolux
Byltingarkennd nýjung! 70 cm breitt spansuðuhelluborð með nýrri kynslóð af hellum án stærðartakmarkana fyrir potta
Allt að 50% tímasparnaður, minni orkunotkun, auðveldari þrif og öruggari notkun
Niðurfræst í borðplötu (án ramma)
Verð áður kr. 149.900
Spansuða
AFSLÁTTUR 20%
Verð nú 119.900
185 CM
Kámfrítt stál
Electrolux
Rúmmál kælis 226 lítrar og 86 lítra frystir
Orkunýtni A+
MAXI frystiskúffur með betri nýtingu og nægu rými
2 kælivélar / 2 hitastillar
Glerhillur með kanti
Sjálfvirk afþíðing í kæli
Hljóðlátur 38 dB(A)
HxBxD: 185x59,5x62 cm
Verð áður kr. 99.900
ÞÚ SPARAR 15.000
Verð nú 84.900
AEG
1200 eða 1400 snúninga AEG þvottavél með Fuzzy Logic þvottatækni
Tekur allt að 6 kg af taui
Hraðval á algengum þvottakerfum
Val um framstillta ræsingu 3 / 6 klst.
30 cm hurðarop
Active Balance Control jafnvægisskynjun
Sérkerfi fyrir handþvott, ull, viðkvæman þvott og straulétt efni
Hljóðlát og þægileg í notkun
Verð áður kr. 79.900 & 84.900
AA
ORKA ÞVOTTUR
1200 SN.
ÞÚ SPARAR 20.000
Verð nú 59.900
1400 SN.
ÞÚ SPARAR 15.000
Verð nú 69.900
OKKAR ALBESTA
ÚTSALA!
ÓMÓTSTÆÐILEG TILBOÐ
Sparaðu allt að 70%
Eldhúsvog digital með skál
Áður kr. 2.990
AFSLÁTTUR 67%
Verð nú 999
AFSLÁTTUR 50%
Verð nú 990
Brauðrist silfurlituð
Áður kr. 1.990
ZANUSSI
Fjölkerfa blástursofn með heitum blæstri
Grill ásamt undir- og yfirhita
62 lítra stór ofn með Clean'N´Clear
Allar hellur High Light hraðhellur
Þrefalt gler í ofnhurð
Burstað kámfrítt stál
Geymsluskúffa
HxBxD: 90x59,6x60 cm
Verð áður kr. 84.900 (stál)
STÁL
ÞÚ SPARAR 20.000
Verð nú 64.900
Vandað gufustraujárn
Verð áður kr. 2.990
AFSLÁTTUR 50%
Verð nú 1.490
Töfrasópur
Verð áður kr. 3.990
AFSLÁTTUR 50%
Verð nú 1.990
AFSLÁTTUR 50%
Verð nú 990
1000W hraðsuðukanna 1 L
Verð áður kr. 1.990
AFSLÁTTUR 20%
Verð nú 16.900
Teba
Tveggja hellu ofn með grilli. Tilvalinn í stúdíóíbúðina eða sumarbústaðinn
Undir- og yfirhiti
1 x 1000W hella og 1 x 1500W hella
Ofnskúffa og grind fylgir
Verð áður kr. 20.900
AEG
Flott kraftmikil AEG ryksuga með Lemon ilmefnum
Stillanlegur sogkraftur
Stillanlegt stálrör
Innbyggð fylgihlutageymsla
Verð áður kr. 12.900
AFSLÁTTUR 30%
Verð nú 8.990
1800W
6 FRÍTT! ryksugupokar fylgja
AFSLÁTTUR 50%
Verð nú 3.990
ufesa
Létt og meðfærileg ryksuga með 1600W sogkrafti, stillanlegu stálskafti og Power Plus ryksuguhaus.
Verð áður kr. 7.990
Electrolux
Stílhrein eldhúsvifta með góðum sogkrafti og vinnuljósi
Þrískiptur hraðastillir
Þvoanleg fitusía úr áli
HxBxD: 13x59,8x48 cm
Verð áður kr. 9.990
AFSLÁTTUR 40%
Verð nú 5.990
Rafha ehf
Opið
Virka daga 9-18
Laugardaga 10-16
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS



BAKÞANKAR
ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR

## *Staður í helvíti*

Bókarkorn sem femínistinn Hurðaskellir var svo vinsamlegur að gefa táningsdóttur minni í skóinn heitir því skorinorða nafni „Það er staður í helvíti fyrir konur sem hjálpa ekki hver annarri“. Boðskapurinn er ótvíræður eins og nafnið og ágætt eldsneyti í jafnréttishugsunina. Niðurstöðurnar eru meðal annars að karlar og konur séu samsek um viðhald ójöfnuðar kynjanna en höfundarnir styðjast við eigin reynslu og vísindalegar rannsóknir frá Svíþjóð. Því miður er ekki ástæða til að ætla að hlutirnir séu mikið skárri hér á Íslandi.

**VEGNA** dætra minna, systra, vinkvenna, sjálfrar mín og þess helmings mannkyns yfirhöfuð sem ber skarðan hlut frá borði er mér jafnrétti kynjanna ofarlega í huga. Oft er ég samt sofandi gagnvart flestu því ótölulega smotterí sem samanlagt setur okkur allar skör lægra en karla. Ójöfnuðurinn birtist nefnilega svo víða að við tökum oft ekki eftir honum. Flest okkar stuðla að og viðhalda hefðbundnum hlutverkum, því við vorum alin upp við þau sjálf.

**MARGT** sem styður ríkjandi ástand er mælanlegt þó sumt virðist í fljótu bragði vera léttvægt. Foreldrar sem eiga bæði stráka og stelpur halda því gjarnan fram að áhugi barnanna á hefðbundnum kynhlutverkum hljóti að vera genetískur því svo sannarlega hafi þau fengið nákvæmlega sama uppeldið. Við nánari skoðun kemur samt í ljós að munur er á framkomu við stráka og stelpur og skilaboðin sem kynin fá um hegðun og hugsun eru gjörólík. Fyrsti tónninn er jafnvel sleginn meðan krílin eru í vöggu, sveinbörn eru hvött til athafna en meybörn þykja best sofandi. Skilyrtu uppeldinu er haldið áfram á fjölbreytilega vegu í gegnum skólakerfið og ekki síst í atvinnulífinu.

**FRUMKVÆÐI** drengja er hampað en dugnaði og þægð stúlkna. Sjálfstæð ákvarðanataka lýsir röggsemi karlsins en kona skal leita samþykkis hópsins áður en hún tekur af skarið. Karlar styðja karla til áhrifa en færri konur hafa eða kunna við að nýta tengslanet. Opinberir álitsgjafar eru oftast karlar, í hópi fastra penna Fréttablaðsins eru þeir tuttugu á meðan konurnar eru sjö. Ekkert breytist af sjálfu sér, við getum öll hjálpast áfram að við að viðhalda ástandinu.




**KIA Sorento** með ríkulegum staðalbúnaði

- hátt og lágt drif
- ESP stöðugleikastýring
- ný og glæsileg innrétting
- 16" álfelgur
- vindskeið og þokuljós
- 5 þrepa sjálfskipting
- öflug 170 hestafla dísilvél
- hraðastillir (Cruise Control)
- þakbogar
- 3.500 kg dráttargeta

Sorento hefur slegið í gegn um allan heim og eignast dygga fylgismenn á Íslandi. Það er ekki að ástæðulausu að Sorento er orðinn einn vinsælasti jeppi landsins, enda líklega bestu jeppakaupin í dag.

**Vetrardekk og dráttarbeisli fylgja með.**

KIA ***umboðið*** á Íslandi er í eigu HEKLU. Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is

KIA MOTORS
*The Power to Surprise™*



# Mjög ódýr vetrardekk
– með eða án nagla.

VERÐDÆMI:
13" 4.400 – 5.800 kr.
14" 4.900 – 6.900 kr.
15" 5.300 – 7.900 kr.
16" 8.900 – 9.900 kr.

Bjóðum snögga og góða þjónustu.



BETRA GRIP
DEKKJAÞJÓNUSTA

Lágmúla 9 · 108 Reykjavík · **Sími 5-333-999** · GSM 896-0578 / 899-2844 · www.betragrip.is